

Stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulspjóðgarðs

3. útgáfa 2022



Stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulspjóðgarðs

Náttúruvernd, útivist og byggðapróun

3. útgáfa

með staðfestum viðaukum og breytingum

5. júlí 2022

A1473-005-U07

Ávarp formanns stjórnar

Mótun stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir Vatnajökulspjóðgarð er verkefni sem aldrei lýkur. Áætlunin er þess eðlis að hana þarf að endurskoða og uppfæra með reglubundnum hætti til að hún gagnist sem best sem öflugt stjórn tæki til að ná fram markmiðum um verndun náttúru, aðgengi og að þjóðgarðurinn verði jákvætt hreyfiafl í eflingu byggða.

Þessi 3. útgáfa af stjórnunar- og verndaráætlun tekur við af 2. útgáfu, sem var samþykkt árið 2013. Margt hefur gerst síðan sú útgáfa var samþykkt. Vatnajökulspjóðgarður hefur stækkað landfræðilega, gestum fjölgað og faglegt starf styrkst. Þá var þjóðgarðurinn samþykktur inn á heimsminjaskrá UNESCO árið 2019 á grundvelli einstakrar náttúru, sem er stór rós í hnappagatið. Það má því með sanni segja má að Vatnajökulspjóðgarður hafi á síðustu árum slitið barnsskónum og tekið stór þroskaskref sem stofnun.

Eins og fyrr eru samtal og samráð rauður þráður í því ferli sem fylgt hefur verið við vinnu á þessari 3. útgáfu stjórnunar- og verndaráætlunar. Margt hefur safnast upp sem þörf var á að skoða nánar en til að sníða sér stakk eftir vexti var ákveðið að byrja á léttari endurskoðun þar sem ráðist var í breytingar sem snúa annars vegar að því að uppfæra það sem er úrelt og hins vegar lagfæringar á þáttum sem kölluðu ekki á ítarlega yfirlegu eða úrlausn flókinna deilumála. Þá hafa efnisatriði í viðaukum vegna stækkana verið samþætt inn í megintexta í þessari útgáfu.

Ljóst er að áfram þarf að eiga sér stað umræða og samráð um veigameiri breytingar í stjórnunar- og verndaráætlun þjóðgarðsins. Þessi útgáfa er því aðeins eitt skref í lengri vegferð, en mikilvæg engu að síður. Ég þakka öllum þeim fjölmörgu sem lögðu hönd á plóg; starfsfólki þjóðgarðsins og ráðgjöfum, fulltrúum í stjórn og svæðisráðum sem og hagaðilum sem komu með gagnlegar ábendingar.

Auður H. Ingólfssdóttir, formaður stjórnar Vatnajökulspjóðgarðs

Efnisyfirlit

Ávarp formanns stjórnar	2
Efnisyfirlit	3
Ágrip	8
1. Inngangur	11
1.1 Tilgangur stjórnunar- og verndaráætlunar	11
1.2 Mótun áætlunarinnar	12
1.3 Staðfesting stjórnunar- og verndaráætlunar	13
1.4 Breyting á stjórnunar- og verndaráætlun 2013	13
1.5 Viðauki vegna Krepputungu og Kverkárrana 2019	14
1.6 Viðauki vegna Breiðamerkursands 2020	14
1.7 Breytingatillögur 2021 og 2022 og 3. útgáfa stjórnunar- og verndaráætlunar	15
2. Forsendur	16
2.1 Stofnun þjóðgarðsins	16
2.1.1 Undirbúningur og lagasetning	16
2.1.2 Markmið og tilgangur	20
2.2 Lagarammi og stefna stjórnvalda	21
2.2.1 Náttúruvernd og þjóðgarðar	21
2.2.2 Vatnaskil við stofnun Vatnajökulspjóðgarðs	22
2.3 Verndarflokkun þjóðgarðsins	22
2.3.1 Skilgreining IUCN á verndarflokkum	26
2.3.2 Heimsminjaskrá UNESCO 2019	28
2.3.3 Úttekt IUCN	29
2.4 Tengsl við skipulag og leyfisveitingar	29
2.4.1 Tengsl við skipulagsáætlanir sveitarfélaga	29
2.4.2 Skipulagsvinna	32
2.4.3 Samráð við stjórn Vatnajökulspjóðgarðs í skipulagsferlinu	32
2.4.4 Útgáfa framkvæmda- og byggingarleyfa og eftirlit þjóðgarðsvarða	33
2.4.5 Þjóðlendur innan Vatnajökulspjóðgarðs og leyfisveitingar	34
2.5 Önnur stefnuskjöl þjóðgarðsins	34

3. Lýsing á Þjóðgarðinum	35
3.1 Land þjóðgarðsins	35
3.1.1 Mörk, stærð og staðsetning	35
3.1.2 Eignarhald á landi þjóðgarðs	35
3.1.3 Friðlýst svæði í umsjá Vatnajökulsþjóðgarðs	38
3.2 Náttúra og samfélag	40
3.2.1 Landslag	40
3.2.2 Vatnajökull	42
3.2.3 Jarðfræðileg fjölbreytni, eldvirkni og jarðhiti	43
3.2.4 Lífríki	47
3.2.5 Menning og saga	48
3.2.6 Landnýting	49
3.3 Sérstaða þjóðgarðsins	49
3.3.1 Rannsóknir	50
3.3.2 Upplifun	51
3.4 Stjórnarsýsla	51
3.4.1 Umhverfis- og auðlindaráðherra	52
3.4.2 Stjórn, svæðisráð, framkvæmdastjóri og þjóðgarðsverðir	52
3.4.3 Umhverfisstofnun	52
3.5 Samstarfsaðilar	52
4. Hlutverk	54
4.1 Þjóðgarðurinn fyrir fólkið	54
4.2 Fólkið fyrir þjóðgarðinn	55
5. Leiðarljós	56
5.1 Náttúruvernd og sjálfbærni - undirstaða allra ákvarðana	56
5.2 Samvinna - leið til framsækkinnar þróunar og skjótari árangurs	57
5.3 Virðing - eykur árangur og ánægju	57
5.4 Gæði - eru í senn aðdráttarafl og viðmið í stjórnun og starfsemi	58
6. Framtíðarsýn	59
6.1 Að vernda, viðhalda og þróa	60
6.2 Að upplifa	60
6.3 Að skapa	61

7. Markmið	62
7.1 Að vernda, viðhalda og þróa ...	62
7.1.1 Um landslag og jarðmyndanir	62
7.1.2 Um líffræðilega fjölbreytni, vistkerfi og tegundir	63
7.1.3 Um menningarminjar	65
7.1.4 Um mengun	65
7.1.5 Um innviði, starfsfólk og starfsemi	66
7.1.6 Um tímabundnar leyfisveitingar	68
7.1.7 Um þróun þjóðgarðsins	69
7.2 Að upplifa ...	69
7.2.1 Um áfangastaði og aðgengi	69
7.2.2 Um rannsóknir og þekkingu	71
7.2.3 Um fræðslu og miðlun upplýsinga	72
7.3 Að skapa ...	73
7.3.1 Um nýtingu lands og auðlinda	74
7.3.2 Um atvinnu, þróun og samstarf	74
8. Mat á verndargildi	76
8.1 Mat á verndargildi náttúrunnar	76
8.2 Mat á verndargildi menningarminja	80
9. Landnotkun	81
9.1 Verndarsvæði	81
9.1.1 Dreifð verndarsvæði	81
9.1.2 Innan norðursvæðis	88
9.1.3 Innan austursvæðis	92
9.1.4 Innan suðursvæðis	96
9.1.5 Innan vestursvæðis	102
9.2 Víðerni Vatnajökulspjóðgarðs	104
9.2.1 Almennir skilmálar um víðerni	105
9.2.2 Jökulhetta Vatnajökuls	105
9.2.3 Trölladyngja	105
9.2.4 Flæður, Holuhraun og Vaðalda	105
9.2.5 Dyngjufjöll og Askja	106
9.2.6 Ódáðahraun	106
9.2.7 Frambruni og Austurdalir	106
9.2.8 Kverkfjallarani og Krepputungusporður	106

9.2.9 Kverkárrani	107
9.2.10 Þjófahnjúkar – Háalda	107
9.2.11 Víðerni í Stemmuhólma	107
9.2.12 Kjós og Skaftafellsfjöll	108
9.2.13 Austurhluti Lakagíga og efsti hluti Skaftár og Skaftáreldahrauns	108
9.2.14 Tungnaáröræfi, norðan Tungnaár	109
9.3 Samgöngur	109
9.3.1 Vegir og aðkomuleiðir	109
9.3.2 Almennir skilmálar um akstur og umferð	119
9.3.3 Leiðbeinandi reglur vegna lokana svæða/ vega	120
9.3.4 Vetrarakstur og akstursleiðir að og á jökli	121
9.3.5 Gönguleiðir	121
9.3.6 Reiðleiðir	125
9.3.7 Reiðhjólaleiðir	127
9.3.8 Aðgengi fatlaðra	128
9.3.9 Landtaka skipa og báta	128
9.3.10 Lendingar loftfara	128
9.3.11 Drónar og önnur fjarstýrð loftför	128
9.4 Þjónustusvæði	129
9.4.1 Almenn ákvæði	129
9.4.2 Gestastofur	130
9.4.3 Upplýsingastöðvar	131
9.4.4 Landvörslustöðvar	131
9.4.5 Gestaskjól	132
9.4.6 Áningarstaðir fyrir gesti	132
9.4.7 Tjaldsvæði	133
9.4.8 Gisting utan merktra tjaldsvæða	133
9.4.9 Skálar	134
9.4.10 Upplýsinga- og fræðsluskilti	134
9.4.11 Innan norðursvæðis	135
9.4.12 Innan austursvæðis	141
9.4.13 Innan suðursvæðis.	147
9.4.14 Innan vestursvæðis	153
9.5 Hefðbundin landnýting	161
9.5.1 Búfjárbætur	161

9.5.2 Fugla- og hreindýraveiðar	161
9.5.3 Refaveiðar	162
9.5.4 Minkaveiðar	162
9.5.5 Veiðar í ám og vötnum	162
9.5.6 Eggjataka	162
9.6 Efnistaka	162
9.7 Svæði til sérstakra nota	163
9.7.1 Sumarbúðir við Ástjörn	164
9.7.2 Skeiðvöllur Hestamannafélagsins Feykis	164
9.7.3 Ípróttasvæði í Ásbyrgi	164
9.7.4 Golfvöllur í Ási	165
9.7.5 Skáli Norrænu eldfjallastöðvarinnar við Dyngjufjöll	165
9.7.6 Breiðá, skáli Jöklarannsóknarfélags Íslands á Breiðamerkursandi	165
9.7.7 Skáli við Sylgjufell	166
9.8 Veitur og fjarskipti	166
9.8.1 Veitur að þjónustusvæðum og innan þeirra	166
9.8.2 Fjarskiptabúnaður	166
9.8.3 Stofn- og flutningskerfi veitna	167
9.9 Grannsvæði þjóðgarðsins	167
10. Vöktun og rannsóknir	168
11. Eftirfylgni og endurskoðun	176
11.1 Framkvæmd stjórnunar- og verndaráætlunar og mat á árangri	171
11.1.1 Tengsl við aðgerðaáætlun	171
11.2 Breytingar á stjórnunar- og verndaráætlun	171
11.2.1 Breyting á stjórnunar- og verndaráætlun vegna stækkunar þjóðgarðsins	171
11.3 Endurskoðun stjórnunar- og verndaráætlunar	172
12. Umhverfisskýrsla	173
12.1 Heildaráhrif stjórnunar- og verndaráætlunar á alla umhverfispætti samanlagt	173
12.2 Líkleg þróun umhverfisins án Stjórnunar- og verndaráætlunar	173
Heimildir og ítarefni	175
Tillögur svæðisráða	175
Önnur helstu gögn	175
Helstu lög og reglugerðir	176

Ágrip

Lög um Vatnajökulspjóðgarð kveða á um að sett skuli verndaráætlun þar sem gerð sé grein fyrir helstu þáttum verndar og landnýtingar innan þjóðgarðsins. Vegna þess hve veigamikill hlutverk áætlunarinnar er í að stýra álagi og landnotkun innan þjóðgarðsins hlaut skjalið nafnið Stjórnunar- og verndaráætlun. Það byggir aðallega á tillögum frá svæðisráðum fjögurra rekstrarsvæða þjóðgarðsins og stefnumótun stjórnar.

Stjórnunar- og verndaráætlun vegur þungt í ákvarðanatöku. Samkvæmt lögum um þjóðgarðinn eru sveitarstjórnir bundnar af efni verndaráætlunar við gerð skipulagsáætlana fyrir landsvæði innan Vatnajökulspjóðgarðs. Stjórnunar- og verndaráætlun gengur þannig framar skipulagsáætlunum sveitarfélaga og er forsenda leyfisveitinga.

Stefna stjórnar og mat á verndargildi

Meginhluti þessarar Stjórnunar- og verndaráætlunar lýsir stefnu stjórnar þjóðgarðsins, að mestu án vísunar til einstakra rekstrarsvæða eða staðbundinna viðfangsefna. Í upphafi er gerð grein fyrir ýmsum atriðum sem mynda bakgrunn og forsendur þjóðgarðsins, til dæmis varðandi aðdraganda að stofnun hans, lagaumhverfi og tengsl við aðrar áætlanir. Einnig er þar að finna almenna lýsingu þjóðgarðsins og verndarflokkun samkvæmt flokkun Alþjóða náttúrverndarsamtakanna, IUCN. Því næst kemur stefna þjóðgarðsins.

Framtíðarsýn þjóðgarðsins er sett fram í þremur þáttum: að vernda, viðhalda og þróa, að upplifa og að skapa. Hlutverk þjóðgarðsins er skilgreint, sem og leiðarljós sem ætlað er að ramma inn meginreglur sem hafa ber í heiðri við ákvarðanatöku um málefni þjóðgarðsins og loks eru sett fram markmið í starfi þjóðgarðsins. Meginmarkmið greinast á sama hátt og framtíðarsýnin. Undir hverju meginmarkmiði eru svo sett fram fleiri starfsmarkmið sem eru rammi um einstök verkefni stjórnar og rekstrarsvæða sem tiltekin eru í aðgerðaáætlunum í samræmi við fjárlagaheimildir og aðrar forsendur.

Í framhaldi af almenna stefnuhlutanum koma kaflar um mat á verndargildi þar sem lýst er forsendum fyrir mati á verndargildi náttúrunnar og menningarminja í Vatnajökulspjóðgarði.

Landnotkun

Kafla um landnotkun tilgreinir vernd og nýtingu á einstökum svæðum. Fyrir hvert svæði eru raktar stuttlega forsendur, síðan sett fram markmið og loks skilmálar sem ramma inn þá vernd eða notkun sem um ræðir á staðnum.

Fyrst eru rakin verndarsvæði, þ.e. svæði sem talin eru hafa sérstakt verndargildi og verja þarf fyrir ágangi. Tilgreind eru dreifð verndarsvæði þar sem fyrir hendi eru aðstæður sem kalla á

vernd en geta komið fyrir á ýmsum stöðum innan þjóðgarðsins. Síðan eru tilgreind ákveðin, nafngreind svæði í röð eftir rekstrarsvæðum.

Næst eru *víðerni* skilgreind og síðan rakin þau svæði sem undir skilgreininguna falla. Sú skilgreining sem sett er fram í Stjórnunar- og verndaráætlun vikur lítillega frá skilgreiningu náttúruverndarlaga á „ósnertum víðernum“. Um flest víðerni gilda sömu almennu skilmálarnir.

Fyrirkomulag samgangna er veigamikill þáttur í stjórnun þjóðgarðsins. Í Stjórnunar- og verndaráætlun eru taldir upp allir vegir sem opnir eru fyrir almennri umferð innan þjóðgarðsins og er þá um leið óheimilt að aka annars staðar nema með sérstökum undanþágum. Vegir, í þessum skilningi, eru í mörgum tilfellum ógreinilegir og fáfarnir, jafnvel mjög torfærir. Að auki eru tilgreindir fyrirhugaðir vegir og aðalaðkomuleiðir. Settir eru fram almennir skilmálar um akstur og umferð sem lúta m.a. að undanþágum vegna aksturs utan vega og lokunar vegna sérstakra aðstæðna. Helstu gönguleiðir eru tilgreindar ásamt göngubrúum, reiðleiðir og áningarstaðir og reiðhjólaleiðir.

Þjónustueiningum er skipt í 8 flokka, allt frá upplýsinga- og fræðsluskiltum upp í gestastofur. Hverjum flokki er lýst til þess að ljóst sé hvað um er að ræða þegar fram kemur að á þjónustusvæði sé gert ráð fyrir tilteknum einingum. Síðan er þjónustusvæðum á hverju rekstrarsvæði lýst, með forsendum, markmiði og skilmálum. Í flestum tilfellum mynda skilmálar ramma fyrir nánari útfærslu í deiliskipulagi.

Þótt um þjóðgarð sé að ræða er hefðbundin landnýting, þ.e. beit, veiðar og eggjataka, heimil á svæðum sem eru sérstaklega afmörkuð í reglugerð. Í stjórnunar- og verndaráætlun eru settar reglur um þessa nýtingu og tiltekin svæði þar sem sérstakar takmarkanir gilda.

Skilgreindar eru heimildir til efnistöku í samhengi við ákvæði náttúruverndarlaga.

Á nokkrum stöðum innan þjóðgarðsins er um að ræða starfsemi eða mannvirki sem ekki eru hluti af almennu þjónustuneti. Slík svæði eru tilgreind sem svæði til sérstakra nota og þeim lýst með forsendum, markmiði og skilmálum.

Vöktun, rannsóknir, eftirfylgni, og umhverfismat

Lokakaflar Stjórnunar- og verndaráætlunar snúa að framkvæmd áætlunarinnar og áhrifum hennar.

Í kafla um vöktun og rannsóknir eru nefnd helstu rannsóknasvið sem þörf er fyrir. Þeim er skipt í þrennt; grunnrannsóknir, vöktunarrannsóknir og efnahags- og samfélagsrannsóknir.

Aðgerðaáætlanir eru lykilþáttur í eftirfylgni Stjórnunar- og verndaráætlunar. Það er gert með því að útfæra nánar í stökum verkefnum starfsmarkmið sem áætlunin setur.

Lýst er ferli breytinga á Stjórnunar- og verndaráætlun, t.d. vegna stækkunar þjóðgarðsins.

Fara má mismunandi leiðir eftir umfangi breytinga en meginatriði í breytingaferli eru ákveðin í lögum um þjóðgarðinn.

Síðasti kaflinn inniheldur ágríp umhverfismats áætlana fyrir Stjórnunar- og verndaráætlun en sérstök skýrsla gerir grein fyrir matinu í heild. Niðurstaða matsins er að áætlunin hafi engin veruleg neikvæð áhrif.

1 Inngangur

1.1 Tilgangur Stjórnunar- og verndaráætlunar

Stjórnunar- og verndaráætlun fyrir Vatnajökulspjóðgarð er sett fram í samræmi við ákvæði laga um Vatnajökulspjóðgarð nr. 60/2007 með síðari breytingum og reglugerð um Vatnajökulspjóðgarð nr. 300/2020.

Stjórnunar- og verndaráætlun fyrir Vatnajökulspjóðgarð er sett fram í samræmi við ákvæði laga um Vatnajökulspjóðgarð nr. 60/2007 með síðari breytingum og reglugerð um Vatnajökulspjóðgarð nr. 300/2020. 608/2008, með síðari breytingum

Stjórnunar- og verndaráætlun er eitt meginstjórnartæki þjóðgarðsins og verkfæri til stefnumótunar eins og segir í greinargerð með frumvarpi til laga um Vatnajökulspjóðgarð. Henni er samkvæmt því ætlað að vera stefnumótandi áætlun sem stjórnendur Vatnajökulspjóðgarðs styðjast við þegar ákvarðanir um stjórnun og skipulag þjóðgarðsins eru teknar.

Í áætluninni er sett fram stefna um Vatnajökulspjóðgarð, náttúruvernd, útivist og byggðapróun. Stefnan var mótuð í samráði við fjölmarga hagsmunaaðila. Hún snertir á ótal atriðum sem snúa að verndun og nýtingu gæða þjóðgarðsins. Einnig gerir stefnan því skil hvernig nýta megir sem best tækifærin sem verða til vegna stofnunar þjóðgarðsins, styrkja það sem fyrir er en jafnframt skapa ný. Stjórn Vatnajökulspjóðgarðs ákvað, í samráði við umhverfisráðuneytið, að láta heiti áætlunarinnar endurspeglar þessa víðu skírskotun hennar og kalla hana Stjórnunar- og verndaráætlun í stað verndaráætlunar eins og lögin gera ráð fyrir.

Heitið Stjórnunar- og verndaráætlun er því hér eftir notað skv. ofangreindu, einnig þegar vísað er í fyrirmæli laga og reglugerðar þar sem vísað er til „verndaráætlunar“.

Stjórnunar- og verndaráætlun er unnin á grundvelli tillagna að verndaráætlun frá svæðisráðum þjóðgarðsins. Áætluninni er ekki einungis ætlað að styðja stjórnendur þjóðgarðsins í störfum sínum heldur einnig að endurspeglar sameiginlegar væntingar og áform þeirra sem koma að fjölbreyttri starfsemi, útivist eða eiga aðra hagsmuni á starfssvæði þjóðgarðsins. Markmið áætlunarinnar eru sett fram með það í huga að stjórnendur þjóðgarðsins og aðrir opinberir aðilar nái sem best að uppfylla skyldur sínar en geti jafnframt með aðgerðum sínum, stjórnun og verklagi stutt aðra aðila við að ná markmiðum sínum til hagsbóta fyrir starfsemi í þjóðgarðinum og á nærliggjandi svæðum. Áætlunin er mótuð í nánú samráði við fjölmarga aðila og einungis með áframhaldandi góðu samstarfi þeirra verður unnt að gera framtíðarsýnina um þjóðgarðersemina Vatnajökulspjóðgarð að veruleika.

Lög um Vatnajökulspjóðgarð gera ráð fyrir að í Stjórnunar- og verndaráætlun megi kveða á um einstakar verndaraðgerðir og framkvæmdir auk þess sem heimilt er að setja ákvæði um verklag í

hana. Samkvæmt ákvörðun stjórnar, og með vísan til stöðu Stjórnunar- og verndaráætlunar gagnvart skipulagsáætlunum sveitarfélaga, er hins vegar ekki ætlunin að Stjórnunar- og verndaráætlun feli í sér ítarlega aðgerðaáætlun sem háð er fjárlagaramma sem getur verið síbreytilegur frá ári til árs. Áætluninni er fyrst og fremst ætlað að útlista áherslur og leggja til nauðsynlega stefnu og leiðsögn. Þannig getur Stjórnunar- og verndaráætlun staðið sjálfstætt í nokkur ár. Í framhaldi af gerð áætlunarinnar verður unnin aðgerðaáætlun og aðrar starfsáætlanir sem miða að því að koma Stjórnunar- og verndaráætlun í framkvæmd innan þess fjárlagaramma sem settur er.

Stefna þjóðgarðsins byggist á framtíðarsýn þar sem horft er til næstu 20 ára. Aðgerðaáætlun byggð á Stjórnunar- og verndaráætlun gerir þó ráð fyrir forgangsaðgerðum sem spanna skemmra tímabil eða um 5 ár. Í lögum er gert ráð fyrir að Stjórnunar- og verndaráætlun verði endurskoðuð eigi sjaldnar en á 10 ára fresti.

1.2 Mótun áætlunarinnar

Stjórnunar- og verndaráætlunin er samstarfsverkefni stjórnar Vatnajökulsþjóðgarðs, svæðisráða rekstrarsvæðanna fjögurra, fjölmargra sérfræðinga og hagsmunaaðila. Áætlunin byggist á tillögum svæðisráðanna og ráðgjafa þeirra að verndaráætlunum fyrir hvert rekstrarsvæði sem mótaðar voru á grunni umfangsmikillar upplýsingaöflunar, kortlagningar og samráðs við hagsmunaaðila. Að vinnu á vettvangi svæðisráða og ráðgjafa þeirra komu fjölmargir aðilar og er þeirra nánar getið í tillögum svæðisráðanna sjálfra. Af hálfu stjórnar var sömuleiðis unnið með fjölda hagsmunaaðila að sameiginlegri stefnumótun fyrir þjóðgarðinn.

Samráðsferlið hófst við gerð tillagna að verndaráætlunum hjá svæðisráðunum og stóð allan vinnslutímann. Samráð átti sér stað með ýmsum hætti. Á vegum svæðisráða og ráðgjafa þeirra voru haldnir opnir íbúafundir, fundir með svæðisbundnum félagasamtökum og kynningar. Einnig voru lokaðir fundir um einstök málefni og viðhorfस्कannanir unnar meðal gesta og starfsmanna þjóðgarðsins.

Stefnuhluti Stjórnunar- og verndaráætlunar byggist að verulegu leyti á efnivið sem fenginn var á samráðsfundi með fjölmörgum hagsmunaaðilum í nóvember 2009. Þar var meðal annars leitað svara við spurningum um sérstöðu og gæði þjóðgarðsins, framtíðarsýn og markmið í starfi hans og reynt að skilgreina áhrif þjóðgarðsins og hlutverk sem aflvaka í margvíslegu tilliti.

Meðan á gerð Stjórnunar- og verndaráætlunar stóð var auk þess haft samráð við ýmsar opinberar stofnanir og ráðuneyti. Var það ekki einungis gert til að uppfylla lagaskyldu heldur var leitað til stofnana sem álitíð var að gætu komið með mikilvægar ábendingar og hugmyndir inn í vinnuna. Einnig var haft samráð við félagasamtök, fulltrúa í svæðisráðum, starfsmenn þjóðgarðsins, sérfræðinga á tilteknum sviðum og aðra aðila eftir atvikum.

Ráðgjafarfyrtækið Alta aðstoðaði stjórn í vinnu við stefnumótun fyrir þjóðgarðinn og við samræmingu tillagna svæðisráðanna fjögurra og frágang á sameiginlegri Stjórnunar- og verndaráætlun fyrir þjóðgarðinn. Að textaskrifum komu fulltrúar í svæðisráðum og ráðgjafar þeirra, þjóðgarðsverðir og starfsfólk þjóðgarðsins, ráðgjafar Alta, auk þeirra Helga Björnssonar jöklafræðings, Snorra Baldurssonar líffræðings og Magnúsar Tuma Guðmundssonar jarðeðlisfræðings sem sömdu kaflana um náttúru og samfélag og sérstöðu þjóðgarðsins.

1.3 Staðfesting stjórnunar- og verndaráætlunar

Tillaga að Stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulsþjóðgarðs og umhverfisskýrsla hennar voru skv. 12. gr. laga um Vatnajökulsþjóðgarð og 7. gr. laga um umhverfismat áætlana nr. 105/2006, auglýstar opinberlega og jafnframt sendar hlutaðeigandi stofnunum til umsagnar. Auglýsing birtist þann 12. maí 2010 í Lögbirtingablaði og daginn eftir í dagblöðum á landsvísu og fréttamiðlum á starfssvæði þjóðgarðsins. Frestur til að gera athugasemdir við tillöguna var sex vikur frá birtingu auglýsingarinnar þann 13. maí, þ.e. til og með 24. júní 2010.

Gögnin lágu frammi til sýnis á sama tíma, á opnunartíma á eftirfarandi stöðum: á skrifstofu Vatnajökulsþjóðgarðs, Klapparstíg 25-27, Reykjavík og á starfsstöðvum þjóðgarðsvarða í Jökulsárgljúfrum, á Skriðuklaustri, í Skaftafelli og á Kirkjubæjarklaustri, hjá Skipulagsstofnun í Reykjavík og á skrifstofum Þingeyjarsveitar, Skútustaðahrepps, Norðurlþings, Fljótsdalshéraðs, Fljótsdalshrepps, Sveitarfélagsins Hornafjarðar, Skaftárhrepps og Ásahrepps.

Almenningi, hagsmunaaðilum og umsagnaraðilum gafst þannig kostur á að kynna sér efni tillögunnar og umhverfisskýrslunnar og leggja fram ábendingar, athugasemdir og umsagnir. Að loknum athugasemdafresti tók stjórn ábendingar, athugasemdir og umsagnir til umfjöllunar og nýtti til frekari mótunar Stjórnunar- og verndaráætlunar. Endanleg tillaga stjórnar var afhent umhverfisráðherra til staðfestingar þann 8. september 2010.

Þann 28. febrúar 2011 staðfesti Svandís Svavarsdóttir umhverfisráðherra áætlunina.

1.4 Breyting á stjórnunar- og verndaráætlun 2013

Vegna stækkunar vestursvæðis þjóðgarðsins í júlí 2011 var nauðsynlegt að bæta tilsvarende efni inn í Stjórnunar- og verndaráætlun. Svæðisráð vestursvæðis, ásamt starfsfólki, mótaði efnið í samráði við hagsmunaaðila og lagði tillögur sínar fyrir stjórn. Þá lá einnig fyrir niðurstaða sérstaks samráðshóps um samgöngur sem stofnaður var vegna tilmæla ráðherra þar um. Sérstök úttekt var gerð á tveimur leiðum, Vikrafellsleið og Vonarskarði, sem hópur sérfræðinga innan Háskóla Íslands annaðist. Að auki lá fyrir reynsla og ný þekking, sem safnast hafði frá staðfestingu Stjórnunar- og verndaráætlunar, varðandi ýmis atriði sem tengjast stjórnun þjóðgarðsins og verndarhagsmunum. Á öllum þessum upplýsingum byggðist tillaga að endurskoðun Stjórnunar- og verndaráætlunar sem stjórn þjóðgarðsins auglýsti í mars 2013 og

staðfest var af umhverfis- og auðlindaráðherra þann 12. júlí 2013.

Í apríl 2013 var Krepputungu bætt við þjóðgarðinn. Þá var vinnu við uppfærða útgáfu Stjórnunar- og verndaráætlunar nær lokið. Almennur hluti áætlunarinnar gildir fyrir allan þjóðgarðinn og eðli málsins samkvæmt þá einnig fyrir nýja hluta hans. Hins vegar á mótun efnis í Stjórnunar- og verndaráætlun fyrir ný svæði sér verulegan aðdraganda og því var árið 2013 ekki unnt að láta nýjustu viðbót við þjóðgarðinn endurspeglast í verndaráætluninni í heild. Nýtt land þjóðgarðsins, Krepputunga með Kverkfjöllum og Kverkárrana, var þó sýnd á mynd 3.1. en áætlunin miðaðist að öðru leyti við land þjóðgarðsins eins og það var afmarkað áður en Krepputunga bættist við.

1.5 Viðauki vegna Krepputungu og Kverkárrana 2019

Á árunum 2014-2015 var unnið að viðauka við stjórnunar- og verndaráætlun sem tók til Krepputungu og Kverkárrana en af ýmsum ástæðum dróst að auglýsa hann og afgangið en hann var samþykktur í stjórn Vatnajökulsþjóðgarðs í júní 2019. Í viðaukanum segir: „Vegna stækkunar austursvæðis þjóðgarðsins með gr. 608/2008 í apríl 2013 bætist tilsvarendi efni inn í stjórnunar- og verndaráætlun. Svæðisráð austursvæðis, ásamt starfsfólki, mótaði efnið í samráði við umsagnar- og hagsmunaaðila og lagði tillögu fyrir stjórn. Þjóðgarðurinn hefur undanfarin ár verið með landvörslu í Kverkfjöllum og Hvannalindum og einnig séð um friðlandið þar áður en Krepputunga öll varð þjóðgarður. Reynsla og þekking hefur því safnast innan þjóðgarðsins um náttúru og útivist í Krepputungu sem hjálpaði til við mótun tillögunnar. Krepputunga og Kverkárrani höfðu bæst við þjóðgarðinn með setningu reglugerðar þegar gildandi stjórnunar- og verndaráætlun var staðfest þann 12. júlí 2013 og gildi almenni hluti áætlunarinnar einnig fyrir umrætt svæði.“

Umhverfis- og auðlindaráðherra staðfesti viðaukann þann 13. september 2019. Viðaukinn hefur verið færður inn í þessa útgáfu af stjórnunar- og verndaráætlun.

1.6 Viðauki vegna Breiðamerkursands 2020

Suðursvæðis þjóðgarðsins var stækkað á Breiðamerkursandi með reglugerð nr. 730/2017 í júlí 2017. Svæðisráð suðursvæðis, í samstarfi við ráðgjafa, starfsfólk Vatnajökulsþjóðgarðs á suðursvæði og umsagnar- og hagaðila, mótaði tillögu að viðbótum við stjórnunar- og verndaráætlun og lagði fyrir stjórn. Vatnajökulsþjóðgarður hafði sinnt landvörslu við Jökulsárlón á Breiðamerkursandi áður en svæðið hlaut friðlýsingu og varð hluti þjóðgarðsins. Stækkun þjóðgarðsins á suðursvæði tók því til svæðis sem var þjóðgarðsstarfsfólki ekki ókunnugt. Viðaukinn var samþykktur af stjórn þjóðgarðsins þann 17.5.2021 og staðfestur af ráðherra þann 30.6.2021.

1.7 Breytingatillögur 2021 og 2022 og 3. útgáfa stjórnunar- og verndaráætlunar

Frá 2. útgáfu af stjórnunar- og verndaráætlun árið 2013 fram til ársins 2020, voru mótaðar breytingar á áætluninni sem ekki náðist að ljúka. Síðan þá hafa bæst við nýjar breytingatillögur og sumar áður framkomnar tillögur ekki lengur uppi á borðum. Þá voru á tímabilinu gerðar ýmsar breytingar á lögum og reglugerðum sem kölluðu á uppfærslu áætlunarinnar. Í kjölfar stækkunar þjóðgarðsins, hafa ennfremur verið samþykktir tveir viðaukar við áætlunina, annarsvegar fyrir Krepputungu og Kverkárrana og hinsvegar fyrir Breiðamerkursand.

Í ljósi framangreinds var unnin tillaga að nokkrum minniháttar breytingum á stjórnunar- og verndaráætlun sem farið var með skv. 12. gr. laga um Vatnajökulspjóðgarð nr. 60/2007. Á árinu 2022 var einnig gerð breyting vegna ákvæða um veiðar á austursvæði þjóðgarðsins.

Þessi 3. útgáfa stjórnunar- og verndaráætlunar nær til alls lands innan núverandi marka þjóðgarðs og þegar staðfesta viðauka og breytingaskjala. Þegar er hafin vinna við gerð viðauka með sérstökum ákvæðum fyrir þau svæði sem bættust við þjóðgarðinn á árunum 2019-2021. Í kjölfar 3. útgáfu, stendur til heildarendurskoðun stjórnunar- og verndaráætlunar.

Sjá nánar um stækkun þjóðgarðs í gegnum tíðina í kafla 2.1.

2 Forsendur

Stofnun Vatnajökulspjóðgarðs á sér þó nokkurn aðdraganda. Til að öðlast innsýn í og skilning á stefnu þjóðgarðsins og markmiðum er nauðsynlegt að skoða hvað býr að baki. Auk þess eykur á dýpt eftirfarandi umfjöllunar að horfa til aðdraganda lagasetningar um Vatnajökulspjóðgarð og á lagarammann sem snertir þjóðgarðinn, til tengsla og samhengis Stjórnunar- og verndaráætlunar þjóðgarðsins við stefnu íslenskra stjórnvalda og á stöðu hennar gagnvart skipulagsáætlunum sveitarfélaga á svæðinu.

2.1 Stofnun þjóðgarðsins

2.1.1 Undirbúningur og lagasetning

Aðdragandi og undirbúningur að stofnun Vatnajökulspjóðgarðs tók um 9 ár. Hann hófst vorið 1999 þegar Alþingi samþykkti þingsályktunartillögu þar sem umhverfisráðherra var falið að kanna möguleikann á stofnun Vatnajökulspjóðgarðs. Í kjölfarið var skipaður starfshópur um málið sem skilaði álitinu sínu í mars 2000. Í byrjun árs 2002 skipaði umhverfisráðherra nefnd um stofnun Vatnajökulspjóðgarðs og skilaði sú nefnd skýrslu síðla sama árs. Þar var lagt til að stofna Vatnajökulspjóðgarð sem næði til alls jökulsins, þáverandi Skaftafellspjóðgarðs og náttúruvættisins við Lakagíga. Í október 2002 skipaði umhverfisráðherra nefnd, sem í sátu fulltrúar stjórnmalaflokka og fulltrúar umhverfisráðuneytisins, til að vinna tillögur að stofnun þjóðgarðs eða verndarsvæðis norðan Vatnajökuls. Þingmannanefndin svokallaða skilaði tillögum í maí 2004 og lagði þar til að stofnaður yrði þjóðgarður sem næði til alls jökulsins og viðamikils áhrifasvæðis norðan hans, meðfram Jökulsá á Fjöllum og allt til sjávar í Öxarfirði. Á sama tímabili 2003-2004 var áfram unnið að stofnun Vatnajökulspjóðgarðs á vegum svokallaðrar ráðgjafarnefndar skipaðri af umhverfisráðherra og þann 28. október 2004 staðfesti umhverfisráðherra að tillögu nefndarinnar reglugerð um stækkun Skaftafellspjóðgarðs sem 1. áfanga í stofnun Vatnajökulspjóðgarðs. Stækkaður Skaftafellspjóðgarður náði þá yfir 57% af jöklinum auk Lakagígasvæðisins. Í aðdraganda stofnunar þjóðgarðsins voru haldnir opnir fundir á nærsvæðum hans.

Þann 25. janúar 2005 samþykkti ríkisstjórn Íslands að fela umhverfisráðherra að vinna áfram að stofnun Vatnajökulspjóðgarðs í samvinnu við íbúa á nærsvæðum og aðra hagsmunaaðila. Unnið var á grundvelli þeirra tillagna sem komu fram í skýrslu þingmannanefndarinnar frá því í maí 2004. Í nóvember 2005 skipaði umhverfisráðherra nefnd um stofnun Vatnajökulspjóðgarðs en hlutverk hennar var að vera ráðuneytinu til ráðgjafar við undirbúning að stofnun þjóðgarðsins. Í þeirri nefnd áttu sæti fulltrúar þeirra sveitarfélaga, sem land eiga að Vatnajökulspjóðgarði, auk fulltrúa ráðuneytisins og fulltrúa frjálsra félagasamtaka. Nefndin

skilaði inn skýrslu með tillögum að stærð, stjórnskipulagi og þjónustuneti þjóðgarðsins í nóvember 2006.

Vorið 2007 voru samþykkt á Alþingi lög um Vatnajökulspjóðgarð nr. 60/2007 og 7. júní 2008 var þjóðgarðurinn formlega stofnaður með reglugerð nr. 608/2008. Í tillögum ráðgjafarnefndar hinnar síðari var lagt til að þjóðgarðurinn næði til Vatnajökuls og helstu áhrifasvæða hans sem þjóðgarðs allt norður að sjó við Öxarfjörð. Við stofnun þjóðgarðsins varð stærð hans hins vegar nokkuð minni en ráð var fyrir gert og munaði þar mestu um stór svæði norðan Vatnajökuls auk þess sem aðeins hluti Jökulsár á Fjöllum er friðlýstur innan þjóðgarðsins.

Þann 24. ágúst 2009 var Vatnajökulspjóðgarður stækkaður um tæplega 2000 ferkílómetra þegar Askja, Dyngjufjöll, Trölladyngja og Ódáðahraun í Skútustaðahreppi bættust við þjóðgarðinn, sbr. reglugerð nr. 755/2009. Með sömu reglugerð var þjóðgarðurinn stækkaður um 50 ferkílómetra þegar fjalllendi við Hoffellsjökul í Sveitarfélaginu Hornafirði varð hluti af þjóðgarðinum. Í júlí 2011 var Langasjó og hluta Eldgjár bætt við þjóðgarðinn (um 420 ferkílómetrar), sbr. reglugerð nr. 764/2011.

Þann 26. apríl 2013 var þjóðgarðurinn enn stækkaður um 678 ferkílómetra þegar Krepputunga og Kverkárrani bættust við með setningu reglugerðar nr. 463/2013.

Þá stækkaði þjóðgarðurinn lítillega 28. apríl 2014 þegar Meiðavallaskógur bættist við (2 km²) með reglugerð nr. 457/2014.

Þann 25. júlí 2017 bættist Breiðamerkursandur við þjóðgarðinn með reglugerð nr. 730/2017. Viðbótin nær yfir u.þ.b. 2/3 hluta sandsins, samtals um 189 km² svæði, sem samanstandur af jörðinni Felli í Suðursveit sem ríkið keypti í ársbyrjun 2017 og þjóðlendunum um miðbik sandsins.


Þann 29. júní 2019 bættust síðan Herðubreið, Herðubreiðarlindir og hluti Ódáðahrauns við þjóðgarðinn, alls 560 ferkílómetrar, með setningu reglugerðar nr. 663/2019.

Þann 10. ágúst 2019 var mörkum þjóðgarðsins í Ásbyrgi breytt með reglugerð nr. 739/2019. Breytingin fólst í því að um 2 km² lands í mynni Ásbyrgis urðu hluti af þjóðgarðinum, en umrætt svæði var hluti af því þjónustusvæði í Ásbyrgi sem þá þegar var fjallað um í stjórnunar- og verndaráætlun þjóðgarðsins.

Þann 30. júní 2021 varð hluti ríkisjarðarinnar Sandfells í Öræfum (18,7 km²) og þjóðlendan Hoffellslambatungur (18,3km²) hluti af Vatnajökulspjóðgarði. Innan þessa nýja hluta, sem alls nemur 37 km², má til dæmis finna náttúruvættið Háöldu sem friðlýst var árið 1975, og Sandfell þar sem gönguleið á hæsta tind landsins, Hvannadalshnjúk, hefst.

Þjóðgarðurinn var aftur stækkaður um 299 km² þann 23. september 2021 með viðbót sem nam hluta af óbyggðum víðernum á Bárðdælafrétti austari. Stækkunin er öll á þjóðlendu innan

Þingeyjarsveitar og nær frá sveitarfélagamörkum Þingeyjarsveitar og Skútustaðahrepps og langleiðina að Skjálfandafljóti. Vestari mörk hins stækkaða svæðis ná að mögulegu framkvæmdasvæði virkjunarkosta sem eru til meðferðar í verndar- og orkunýtingaráætlun.



Mynd 2.0: Breytingar á mörkum Vatnajökulsþjóðgarðs frá stofnun hans.

2.1.2 Markmið og tilgangur

Með stofnun Vatnajökulspjóðgarðs voru, eins og komið hefur fram, sameinuð nokkur stök náttúruverndarsvæði sem áður höfðu verið í umsjón Umhverfisstofnunar, þar á meðal Skaftafellspjóðgarður. Var það fyrir margra hluta sakir talið heppilegt auk þess sem hugmyndir um verndun annarra áhrifasvæða jökulsins sem þjóðgarðs áttu vaxandi hljómgrunn. Í greinargerð með frumvarpi til laga um Vatnajökulspjóðgarð segir, í umfjöllun um stofnun þjóðgarðsins, að við undirbúninginn hafi verið lögð áhersla á mikilvægi þess að svæðið allt, jökullinn og áhrifasvæði hans væri „skoðað sem ein heild og að þjóðgarðurinn með Vatnajökul sem kjarna og áhrifasvæði allt í kring séu einn þjóðgarður sem lúti einni yfirstjórn“. Í umfjöllun frumvarpsins um ákvæði sem varð að 7. gr. laganna segir jafnframt að náttúruverndarrök styðji eindregið að svæðið allt verði einn þjóðgarður en vegna stærðar þess mæli hagkvæmnisástæður með því að þjóðgarðinum sé skipt í smærri rekstrareiningar.

Í 2. gr. laganna um Vatnajökulspjóðgarð segir að markmið með stofnun þjóðgarðsins sé að vernda landslag, lífríki, jarðmyndanir og menningarminjar svæðisins og gefa almenningi kost á að kynnast og njóta náttúru þess og sögu. Auðvelda skuli almenningi aðgengi að þjóðgarðinum eftir því sem unnt er án þess að náttúra hans spillist og veita fræðslu um náttúru, sögu og mannlíf.

Í greinargerð með frumvarpi til laga um Vatnajökulspjóðgarð er einnig umfjöllun um markmiðin með stofnun þjóðgarðsins. Þar segir að stofnun þjóðgarðsins sé til þess fallin að styrkja byggð og atvinnustarfsemi í nágrenni hans. Þetta sjónarmið er svo tekið upp í 2. mgr. 2. gr. reglugerðarinnar um Vatnajökulspjóðgarð sem fjallar um markmið friðlýsingarinnar. Þar segir einnig að stuðla skuli að rannsóknum til að efla þekkingu á náttúru og náttúruvernd, sögu, mannlífi og menningarminjum á svæðinu.

Sveitarfélög á starfssvæði þjóðgarðsins lögðu frá upphafi mikla áherslu á beina aðkomu íbúa að stjórn og rekstri þjóðgarðsins. Samkvæmt náttúruverndarlögum nr. 44/1999, hefur Umhverfisstofnun umsjón með náttúruverndarsvæðum, þar með töldum þjóðgörðum, nema lög kveði á um annað. Aðkoma sveitarstjórna er þar óbein, einkum með störfum í ráðgjafarnefndum sem ráðherra er heimilt að skipa, sbr. 3. mgr. 51. gr. náttúruverndarlaga. Tillögur undirbúningsnefnda fólu í sér annað stjórnfyrirkomulag í Vatnajökulspjóðgarði en í þeim þjóðgörðum sem þegar voru starfandi. Þær lutu að skýrri aðild íbúa á nærsvæðum auk þess sem lagt var til að fulltrúar náttúruverndarsamtaka kæmu að stjórnuninni. Vegna þessara óska og „*ekki síður vegna umfangs verkefnisins, bæði landfræðilega og rekstrarlega, var það talið rétt að sett yrðu sérstök lög um Vatnajökulspjóðgarð*“ eins og segir í greinargerð frumvarpsins.

Sérstaða Vatnajökulspjóðgarðs umfram aðra þjóðgarða felst í fleiru, svo sem því að hluti lands sem hann tekur til er í einkaeign. Þótt það sé heimilt samkvæmt náttúruverndarlögum hefur land innan annarra þjóðgarða að öllu leyti verið í eigu ríkisins, a.m.k. fram til vors 2010.

2.2 Lagarammi og stefna stjórnvalda

2.2.1 Náttúruvernd og þjóðgarðar

Fyrstu lögini um náttúruvernd á Íslandi voru sett á Alþingi árið 1956. Þau þau hafa verið endurskoðuð nokkrum sinnum og nýjasta útgáfa þeirra eru lög um náttúruvernd nr. 60/2013. Markmið laganna er að vernda til framtíðar fjölbreytni íslenskrar náttúru, þar á meðal líffræðilega og jarðfræðilega fjölbreytni og fjölbreytni landslags, sem og að tryggja eftir föngum þróun íslenskrar náttúru á eigin forsendum og verndun þess sem þar er sérstætt eða sögulegt og einnig stuðla að endurheimt raskaðra vistkerfa og auknu þoli íslenskra vistkerfa gegn náttúruhamförum og hnattrænum umhverfisbreytingum, sbr. 1. gr. laganna. Lögini miða jafnframt að vernd og sjálfbærri nýtingu auðlinda og annarra náttúrugæða og þeim er ætla að a. stuðla að samskiptum manns og náttúru þannig að hvorki spillist líf eða land, loft eða lögur, b. auðvelda umgengni og kynni almennings af náttúru landsins og menningarminjum sem henni tengjast og efla þekkingu og fræðslu um náttúruna og c. tryggja rétt almennings til að fara um landið og njóta náttúrunnar og stuðla þannig að almennri útivist í sátt við náttúruna, landsmönnum til heilsuþótar og velsældar.

Þjóðgarðar eru einn flokkur friðlýstra náttúruminja, sbr. 47. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013. Í greininni segir m.a. að þjóðgarðar séu stór náttúrusvæði sem eru lítt snortin og hafa að geyma sérstætt eða dæmigert lífríki, jarðminjar og/eða landslag og að þegar tekin sé ákvörðun um stofnun þjóðgarðs skuli einnig líta til mikilvægis svæðisins í menningarlegu eða sögulegu tilliti.

Fyrsti þjóðgarðurinn, sem stofnaður var samkvæmt lögum um náttúruvernd, var þjóðgarðurinn í Skaftafelli árið 1967. Þjóðgarður var stofnaður í Jökulsárgljúfrum árið 1973 og við Snæfellsjökul árið 2001.

Þingvellir við Öxará og grenndin var friðlýst sem helgistaður Íslendinga og sem þjóðgarður með lögum nr. 47/2004 en þau leystu af hólmi eldri lög um Þingvelli frá árinu 1928. Þingvellir voru valdir á heimsminjaskrá Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna (UNESCO) árið 2004.

Auk náttúruverndar snertir starfsemi og uppbygging þjóðgarða marga aðra málaflokka sem huga þarf að og eru á forræði fagstofnana, til dæmis Skipulagsstofnunar og Minjastofnunar Íslands. Sú síðarnefnda hefur ákvörðunarvald yfir öllum fornleifum skv. lögum um menningarminjar nr. 80/2012, veitir leyfi til fornleifarannsókna og hefur eftirlit með þeim auk þess að vera til ráðgjafar um varðveislu og kynningu menningarsögulegra minja er heyra undir starfssvið hennar.

2.2.2 Vatnaskil við stofnun Vatnajökulspjóðgarðs

Lög um Vatnajökulspjóðgarð voru, eins og lýst hefur verið, sett vorið 2007 og í júní 2008 var þjóðgarðurinn stofnaður formlega við gildistöku reglugerðar um hann. Nokkrar [breytingar voru gerðar á lögnum](#) árið 2016 sem lutu m.a. að gerð atvinnustefnu, samningum við þjónustuaðila og leyfisveitingum fyrir viðburðum og verkefnum innan þjóðgarðs. Í gegnum árin hafa einnig verið gerðar nokkrar [breytingar á reglugerðinni](#), m.a. vegna stækkunar þjóðgarðs, og hafa þær allar verið sameinaðar í eina [reglugerð nr. 300/2020](#).

Lögin eru sérlög og ganga því framar almennum lögum, s.s. náttúruverndarlögum. Ákvæði náttúruverndarlaga gilda þó um starfsemi Vatnajökulspjóðgarðs þar sem sérákvæðum laga um Vatnajökulspjóðgarð sleppir. Hið sama gildir um skipulagslög og lög um mannvirki en lögin um Vatnajökulspjóðgarð fela í sér sérstaka stöðu Stjórnunar- og verndaráætlunar þjóðgarðsins gagnvart skipulagsáætlunum sveitarfélaga. Sveitarstjórnir eru bundnar af efni Stjórnunar- og verndaráætlunar við gerð skipulagsáætlana á landsvæðum innan þjóðgarðsins eins og segir í lögum um Vatnajökulspjóðgarð og nánar er lýst hér síðar.

Áður er lýst aðdraganda löggjafar um þjóðgarðinn og markmiðum með stofnun hans. Ljóst má vera, að hugmyndafræði Vatnajökulspjóðgarðs og lagaleg umgjörð hans marka vatnaskil í náttúruvernd á Íslandi fyrir margra hluta sakir. Ekki er það síst fyrir nútímalega nálgun á tengslum náttúruverndar og byggðapróunar og vegna fyrirkomulags á stjórnun þjóðgarðsins, þar sem heimamenn eru ráðandi í stjórnun garðsins og hagsmunaaðilum, eins og samtökum um útivist og náttúruvernd, er ætlaður veglegri sess en áður hefur verið við stjórnun og í starfsemi íslenskra þjóðgarða og náttúruverndarsvæða. Tíminn mun leiða í ljós hvaða áhrif þetta hefur á stjórn og starfsemi Vatnajökulspjóðgarðs og fyrir árangur í náttúruvernd og byggðapróun á Íslandi.

2.3 Verndarflokkun þjóðgarðsins

Mikil áhersla er lögð á að fylgja alþjóðlegum viðmiðum um rekstur verndarsvæða við stjórnun Vatnajökulspjóðgarðs. Þannig sé einnig ljóst hvaða sess þjóðgarðurinn hefur í alþjóðlegu samhengi.

Alþjóðanáttúruverndarsamtökin, International Union for Conservation of Nature (IUCN), hafa meðal annars sérhæft sig í skipulagningu verndarsvæða vegna mikilvægis þeirra í tengslum við náttúruvernd. Á síðari árum hafa samtökin lagt æ meiri áherslu á gott samstarf við heimafólk við þá vinnu. Varanlegur árangur hljóti að byggjast á samspili náttúru, búsetu og byggðapróunar í sátt við íbúa. Skilaboð samtakanna eru skýr: „Við þurfum að setja verndarsvæði í stórt samhengi til þess að sýna fram á að þau styrki líka atvinnulíf nærsvæða og almenna velferð. Þau séu þannig órjúfanlega samofin arðbæru og öruggu umhverfi.“ Samtökin hafa útbúið leiðbeiningar, sem taka mið af ofangreindum áherslum, um hvernig skipuleggja má verndarsvæði og rekstur þeirra. Þar

eru verndarsvæði flokkuð í sex verndarflokka eftir meginmarkmiðum verndunar. Í hverjum flokki eru meginmarkmiðin skýrð og leiðbeint um hvað hafa þarf til hliðsjónar til að tryggja verndun.

Meginmarkmiðin endurspegla ólíkar áherslur, svo sem verndun, einkum til vísindarannsókna, eða til sjálfbærrar nýtingar náttúrulegra vistkerfa til að fullnægja þörfum samfélags. Á öðrum stöðum er áhersla lögð á að umhverfi megi þróast á sjálfbæran hátt, til dæmis með tilliti til náttúru, landslagsheilda, menningarminja eða menningararfleifðar.

Vatnajökulspjóðgarði er skipt í svæði sem flokkuð eru í verndarflokka Ia, II og VI hjá IUCN.


- Meginhluti þjóðgarðsins er flokkaður í verndarflokk II, sem svæði einkum ætlað til verndar vistkerfum og til útivistar. Krepputunga og Kverkárrani bættust við þennan flokk með staðfestingu viðauka um þau svæði árið 2019. Svæði sem hafa bæst við á norðursvæði (Meiðavallaskógur og svæði í Ásbyrgi) eru með þessari breytingatillögu sett í flokk II til samræmis við aðliggjandi svæði.
- Breiðamerkursandur er settur í flokk II í þegar staðfestum viðauka við stjórnunar- og verndaráætlun. Það sama á við um Sandfell, Hoffellslambatungur og þann hluta Þingeyjarsveitar sem varð hluti af Vatnajökulspjóðgarði 2021.
- Esjufjöll og svæði í kringum þau þar sem sérstakar reglur gilda, sbr. viðauka 1 í reglugerð um Vatnajökulspjóðgarð nr. 608/2008 og afmarkað er í viðauka 4 í reglugerð nr. 755/2009, eru flokkuð undir verndarflokk Ia, sem svæði sem stjórnað er einkum vegna vísindalegs gildis.
- Skúmey og svæði í kringum eyjuna, alls 49 ha, er flokkað undir verndarflokk Ia sem svæði sem stjórnað er einkum vegna vísindalegs gildis.¹ Skúmey er stærst nokkurra skerja sem komið hafa í ljós í Jökulsárlóni við hop Breiðamerkurjökuls. Skerin í Lóninu eru úr djúpbergi að undanskilinni Skúmey sem mynduð er úr jökulurð. Í Skúmey eru einstök tækifæri til að fylgjast með framvindu náttúrufarslegra ferla á einangruðu svæði sem kemur undan jökli. Bein áhrif mannfólks á svæðinu eru lítil.
- Hoffellssvæðið, Heinabergssvæðið, Hafrafell og Hjallanes eru flokkuð undir verndarflokk VI en þar er hefðbundin landnýting heimil skv. reglugerð um Vatnajökulspjóðgarð nr. 300/2020. Áhersla er hér lögð á sjálfbæra landnýtingu náttúrulegra vistkerfa í tengslum við landbúnað og ferðaþjónustu.
- Hluti vestursvæðis, sem kenndur er við Skælinga, milli Eldgjár og Skaftár, er flokkaður undir verndarflokk VI en þar er mikilvægur beitarafréttur Skaftártungumanna. Hefðbundin landnýting er heimil skv. reglugerð um Vatnajökulspjóðgarð nr. 764/2011 þar sem kveðið er á um stækkun vestursvæðis. Áhersla er hér lögð á sjálfbæra landnýtingu náttúrulegra vistkerfa í tengslum við landbúnað og ferðaþjónustu.

¹ Hnit: Rétthyrningur dreginn frá X = 633578 Y = 399427 í X = 634278 Y = 398725 (Isnet 93).

Nánnar er gerð er grein fyrir heimilli landnýtingu á þessum svæðum í 9. kafla.

Meginmarkmiðum þessara þriggja verndarflokka samkvæmt skilgreiningu IUCN er nánnar lýst hér fyrir neðan. Markmið, leiðarljós, landnotkunarákvæði og skipulag Vatnajökulsþjóðgarðs, sbr. þessa Stjórnunar- og verndaráætlun, tekur mið af áherslum IUCN fyrir þessa verndarflokka.

Gert er ráð fyrir að svæði innan Vatnajökulsþjóðgarðs geti fallið undir fleiri verndarflokka IUCN í framtíðinni, eftir því sem þjóðgarðurinn stækkar og fjölbreytni landsvæða, sem falla undir þjóðgarðinn, eykst. Ákveðið verði í hverju tilfelli fyrir sig undir hvaða verndarflokka þau svæði skuli falla og hvort ástæða gæti verið til að breyta verndaráherslum í tengslum við það á þeim svæðum sem fyrir eru.



Mynd 2.1: Verndarflokkar IUCN.

2.3.1 Skilgreining IUCN á verndarflokkum

Verndarflokkur Ia: Ströng náttúruverndarákvæði.

Svæði í flokki Ia lúta ströngum náttúruverndarákvæðum og eru tekin frá til þess að vernda líffræðilegan fjölbreytileika og þær jarðmyndanir og landmótunarform sem þar geta verið. Umferð manna, nýting og áhrif eru á þessum svæðum háð ströngum skilyrðum og takmörkunum í því skyni að tryggja verndargildi svæðanna. Slík svæði geta haft ómetanlegt gildi fyrir vísindarannsóknir og vöktun.

Meginmarkmið

Að vernda vistkerfi, tegundir (samansafnaðar eða einstakar) og fjölbreytileika jarðmyndana sem hafa sérstöðu á svæðis-, lands- eða heimsvísu: Um er að ræða fyrirbæri sem hafa að mestu eða öllu leyti mótast á náttúrulegan hátt og munu raskast eða eyðileggjast ef áhrifa mannfólks gætir.

Önnur markmið

- Að vernda vistkerfi, tegundir og jarðmyndanir eins og hægt er fyrir raski af mannavöldum.
- Að tryggja að til séu svæði sem búi yfir óspilltri náttúru sem hægt er að nýta til vísindarannsókna, umhverfissvöktunar og fræðslu, þ.e. viðmiðunarsvæði þar sem almennur aðgangur er háður eins miklum takmörkunum og unnt er.
- Að raski sé haldið í lágmarki með vandaðri útfærslu á skipulögðu rannsóknarstarfi og annarri starfsemi sem heimiluð er á svæðinu.
- Að varðveita þau menningarlegu og andlegu gildi sem tengjast náttúrunni.

Verndarflokkur II : Þjóðgarður.

Svæði í verndarflokki II eru stór ósnortin eða lítt snortin landsvæði sem ætluð eru til að vernda umfangsmikla vistferla og þær tegundir og vistkerfi sem einkenna svæðið og eru grundvöllur fyrir ýmis tækifæri á sviði upplifunar og andlegra málefna, vísinda, fræðslu, tómstunda og ferðamennsku sem samræmast umhverfissjónarmiðum og menningu.

Meginmarkmið

Að vernda náttúrulegan, líffræðilegan fjölbreytileika ásamt þeim vistfræðilegu kerfum og ferlum sem þar liggja að baki auk þess að efla fræðslu og útivist.

Önnur markmið

- Að stjórna svæði í þeim tilgangi að varðveita náttúrulegt ástand þess eins og frekast er unnt m.t.t. landslagseinkenna, samfélaga lífvera, erfðauðlindar og óraskaðra náttúrulegra ferla.
- Að viðhalda nægum þéttleika lífvænlegra og vistfræðilega virkra stofna og samfélaga upprunalegra tegunda til að varðveita óröskuð vistkerfi og styrk þeirra til lengri tíma.
- Að varðveita sérstaklega flökkutegundir sem ferðast yfir mikil landflæmi, staðbundna vistfræðilega ferla og svæði sem eru mikilvæg fyrir far dýra.
- Að stýra sókn ferðamanna, sem heimsækja svæðið í leit að upplifun, fræðslu, menningu eða tómstundum, á þann hátt að það valdi ekki líffræði- eða vistfræðilegri röskun náttúruauðlinda.
- Að taka tillit til þarfa heimamanna² og nærsamfélaga við nýtingu auðlinda, að meðtalinni nýtingu til framfærslu, svo framarlega sem þær gangi ekki gegn verndarmarkmiðum.
- Að stuðla að því að efnahagur svæðisins vænkist með ferðapjónustu.

Verndarflokkur VI: Verndarsvæði með sjálfbærri nýtingu náttúruauðlinda.

Svæði í flokki VI innihalda friðuð vistkerfi og búsvæði ásamt tengdum menningarlegum gildum og hefðbundnu auðlindastjórnunarkerfi. Þessi svæði eru yfirleitt stór og að mestu leyti í óröskuðu náttúrulegu ástandi en hluta þeirra er stjórnað með sjálfbæra nýtingu að markmiði. Gert er ráð fyrir lítilli og sjálfbærri nýtingu náttúruauðlinda sem ekki tengjast iðnaði eða stóriðju. Nýting sé ávallt í samræmi við náttúruvernd og að náttúruvernd sé eitt af aðalmarkmiðum svæðisins.

Meginmarkmið

Að vernda náttúruleg vistkerfi og nýta náttúruauðlindir á sjálfbæran hátt þegar sjálfbær nýting og verndun styrkja hvora aðra.

Önnur markmið

- Að ýta undir sjálfbæra nýtingu náttúruauðlinda, að teknu tilliti til vistfræðilegra, efnahagslegra og samfélagslegra þátta.
- Að ýta undir félagslegan og efnahagslegan ávinning í nærsamfélögum þar sem það á við.

² Hér er frumtexti IUCN staðfærður lítilliga með því að þýða „indigenous peoples“ sem „heimamenn“.

- Að stuðla að öruggu kynslóðaskiptu lífsviðurværi fyrir nærsamfélög og tryggja að þau séu sjálfbær.
- Að samþætta mismunandi menningarviðhorf, trúar- og lífsskoðanir innan félagslegra og efnahagslegra viðmiða þegar kemur að náttúruvernd.
- Að stuðla að þróun og/eða viðhalda betra jafnvægi þegar kemur að mönnum og náttúru.
- Að styrkja sjálfbæra þróun á landsvísu sem og héraða og nærsveita (það síðasta á einkum við um staðbundin samfélög og/eða heimamenn sem reiða sig á náttúruauðlindir hins verndaða svæðis).
- Að ýta undir vísindarannsóknir og umhverfissvöktun, einkum í tengslum við verndun og sjálfbæra nýtingu náttúruauðlinda.
- Að vinna saman að því sem fólki verður að gagni, einkum þeirra sem búsettir eru innan verndarsvæðis eða á nærsvæðum.
- Að stuðla að afþreyingu og hóflegri ferðamennsku eftir því sem við á.

2.3.2 Heimsminjaskrá UNESCO 2019

Vatnajökulspjóðgarður var tilnefndur á heimsminjaskrá UNESCO árið 2018 og samþykktur á skrána á fundi heimsminjanefndarinnar í Bakú í Aserbaídsjan 5. júlí 2019 á grunni 8. viðmiðs UNESCO, sem krefst þess að viðkomandi staður sé einstakt dæmi um mikilvægt stig í þróun jarðarinnar. Í Vatnajökulspjóðgarði fara saman skil jarðskorpufleka, möttulstrókur sem færir heita kviku úr iðrum jarðar til yfirborðs og hveljökull. Ferlarnir sem um ræðir eru skorpuhreyfingar, eldvirkni og jöklunarferlar og samspil þeirra skapar einstök átök elds og íss. Viðlíka samspil er hvergi þekkt í veröldinni á þessum tímapunkti jarðsögunnar. Landformin sem af þessum átökum leiða og finnast í ríkum mæli í Vatnajökulspjóðgarði eru m.a. langar gígaraðir, móbergshryggir, dyngjur, móbergsstapar, árgljúfur og jökulsandar.

Til að komast á heimsminjaskrá UNESCO þarf staður eða fyrirbæri að hafa það sem kallað er einstakt gildi á heimsvísu (Outstanding Universal Value). Þetta einstaka gildi getur verið tengt menningarlegum þáttum eða náttúrufari. Vatnajökulspjóðgarður var samþykktur á heimsminjaskrána á grundvelli einstakrar náttúru. Með samþykktinni náðist markmið í upphaflegri stjórnunar- og verndaráætlun um að Vatnajökulspjóðgarður eða svæði innan hans yrði samþykkt á heimsminjaskrána.

2.3.3 Úttekt IUCN

Alþjóðlegu náttúruverndarsamtökin IUCN gerðu ítarlega úttekt á umsókn Íslands um skráningu Vatnajökulspjóðgarðs á heimsminjaskrá. Niðurstaða þeirrar úttektar var sú að mæla með því að þjóðgarðurinn til og með Herðubreiðarfriðlandi í norðri yrði tekinn á skrána. IUCN benti réttilega á að friðun Jökulsár á Fjöllum væri ekki tryggð alla leið frá jökli. Þar með væri heild (e. integrity) þjóðgarðsins og tilnefnda svæðisins rofin á því svæði til og með Jökulsárgljúfrum. Auðvelt verði þó að bæta þessum svæðum við þegar áin hefur verið friðuð frá upptökum.

Auk þessa fór IUCN fram á að bætt verði úr eftirfarandi atriðum:

- Lokið verði sem fyrst við endurskoðun Stjórnunar- og verndaráætlunar garðsins.
- Friðlöndunum í Herðubreiðarlindum og Lónsöræfum verði formlega bætt við þjóðgarðinn.
- Mannauður þjóðgarðsins verði efldur, bæði með tilliti til heilsárs- og tímabundins starfsfólks, ekki síst til að sinna nýjum svæðum innan þjóðgarðsins, svo sem Jökulsárlóni.
- Ferðamannaaðstaða við Jökulsárlón og Dettifoss verði bætt.
- Komið verði á virku leyfis- og gæðakerfi vegna atvinnustarfsemi í þjóðgarðinum (fyrirtæki og leiðsögumenn).
- Aðgerðir til að hindra utanvegaakstur og gera við röskuð svæði verði eflar.

Nú þegar hafa stjórnvöld brugðist við hluta þessara ábendinga og Vatnajökulspjóðgarður einnig. Í lok júní 2019 undirritaði umhverfisráðherra reglugerð sem gerði Herðubreiðarfriðland formlega að hluta Vatnajökulspjóðgarðs og hinn 10. ágúst staðfesti hann friðlýsingu vatnasviðs Jökulsár á Fjöllum gegn orkuvinnslu. Þá er unnið að öðrum úrbótum sem IUCN tilgreinir í úttekt sinni.

2.4 Tengsl við skipulag og leyfisveitingar

2.4.1 Tengsl við skipulagsáætlanir sveitarfélaga

Mikilvæg tengsl eru á milli markmiða þágildandi skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og laga um Vatnajökulspjóðgarð, um að tryggja eigi lýðræðislega þátttöku almennings og sveitarstjórna við gerð skipulagsáætlana sem og við setningu Stjórnunar- og verndaráætlunar þjóðgarðsins. Samskonar markmið er að finna í núgildandi skipulagslögum nr. 123/2010, sem eiga að tryggja að samráð sé haft við almenning við gerð skipulagsáætlana og honum gefið tækifæri til að hafa áhrif á ákvörðun stjórnvalda við gerð slíkra áætlana.


Í Stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulspjóðgarðs er sett fram almenn stefna og skilmálar fyrir einstök svæði til að tryggja verndun. Þar eru líka rammaákvæði fyrir skipulagsgerð og

skilmálar um ýmis framkvæmdatriði sem eiga að tryggja að þróun þjóðgarðsins og mannvirki honum tengd samræmist stefnu um verndun og sjálfbæra nýtingu. Stjórnunar- og verndaráætlun felur í sér stefnu stjórnvalda og er staðfest af ráðherra.

Samkvæmt lögum um Vatnajökulsþjóðgarð eru sveitarstjórnir bundnar af efni Stjórnunar- og verndaráætlunar við gerð skipulagsáætlana fyrir landsvæði innan Vatnajökulsþjóðgarðs.

Stjórnunar- og verndaráætlunin er því ákvarðandi um skipulagsáætlanir sveitarfélaga en þess ber að geta að áætlunin sjálf er unnin í samráði við hlutaðeigandi sveitarstjórnir og fjölmarga aðra hagsmunaaðila innan og utan viðkomandi sveitarfélaga.

Til einföldunar og til að koma í veg fyrir tvíverknað er gert ráð fyrir að skipulagsskyld atriði, sem samþykkt hafa verið í Stjórnunar- og verndaráætlun þjóðgarðsins, verði tekin upp í aðal- og/eða deiliskipulag viðkomandi sveitarfélags og útfærð nánar þar. Við tekur þá hefðbundið skipulagsferli sem felur í sér lýðræðislegt samráð við almenning og hlutaðeigandi hagsmunaaðila. Önnur verndarmarkmið áætlunarinnar, sem ekki eru skipulagsskyld, útfærir stjórn þjóðgarðsins í Stjórnunar- og verndaráætluninni sjálfri eða aðgerðaráætlunum, sem á henni byggjast, eftir því sem þörf er á.



Mynd 2.2: Skipulagsmörk.

2.4.2 Skipulagsvinna

Samkvæmt skipulagslögum ber sveitarstjórn ábyrgð á og annast gerð deiliskipulags.

Stjórn Vatnajökulspjóðgarðs vinnur deiliskipulagstillögur fyrir einstök svæði innan þjóðgarðsins og leggur fyrir hlutaðeigandi sveitarstjórn til almennrar meðferðar.

Samkvæmt 38. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 getur framkvæmdaraðili eða landeigandi óskað eftir því við sveitarstjórn að gerð sé tillaga að deiliskipulagi eða breytingu á deiliskipulagi á sinn kostnað. Um kynningu, samráð, auglýsingu og samþykkt slíks deiliskipulags fer skv. 40. og 41. gr. skipulagslaga. Við gerð deiliskipulags skal byggt á stefnu aðalskipulags og hún útfærð fyrir viðkomandi svæði eða reit.

Sveitarstjórn fjallar um deiliskipulagstillögur og kynnir þær almenningi skv. ákvæðum skipulagslaga.

Sé tillaga að deiliskipulagi ekki í samræmi við aðalskipulag vinnur sveitarstjórn tillögu að aðalskipulagsbreytingu í þá veru í samvinnu við Vatnajökulspjóðgarð, sbr. næsta kafla. Aðalskipulagsbreytingin er auglýst áður eða samhliða deiliskipulagstillögunni. Að loknum auglýsingartíma getur sveitarstjórn samþykkt breytingu á aðalskipulagi og deiliskipulagi samhliða.

Þar sem deiliskipulag byggist á aðalskipulagi, sem er í samræmi við Stjórnunar- og verndaráætlun þjóðgarðsins, eru með slíkri málsmeðferð uppfyllt ákvæði laga um Vatnajökulspjóðgarð.

Við alla skipulagsvinnu þarf að horfa til mats á verndargildi svæða, sbr. 8. kafla, og til skráningar fornleifa.

2.4.3 Samráð við stjórn Vatnajökulspjóðgarðs í skipulagsferlinu

Sveitarstjórn fjallar um deiliskipulagstillögu og tillögu að breytingu á aðalskipulagi eftir því sem við á og kynnir hana almenningi samkvæmt ákvæðum skipulagslaga. Umsögn stjórnar Vatnajökulspjóðgarðs skal liggja fyrir áður en skipulagstillaga, sem varðar land innan þjóðgarðsins, er auglýst.

Sveitarstjórn tekur afstöðu til innkominna athugasemda og vinnur greinargerð með endanlegri afgreiðslu skipulagstillögu, sbr. 9. gr. laga um umhverfismat áætlana.

Fullnaðarafgreiðsla sveitarstjórnar á skipulagstillögu fer fram í samræmi við skipulagslög. Geri sveitarstjórn breytingar á auglýstri skipulagstillögu skal umsögn stjórnar Vatnajökulspjóðgarðs einnig liggja fyrir við lokaafgreiðslu sveitarstjórnar.

2.4.4 Útgáfa framkvæmda- og byggingarleyfa og eftirlit þjóðgarðsvarða

Allar byggingar og framkvæmdir innan Vatnajökulspjóðgarðs skulu vera í samræmi við aðalskipulag sem staðfest hefur verið á grundvelli stefnu Stjórnunar- og verndaráætlunar. Útgáfa framkvæmda- og byggingarleyfa skal vera í samræmi við deiliskipulag sem samþykkt er af sveitarstjórn og stjórn Vatnajökulspjóðgarðs hefur fjallað um.

Byggingafulltrúar veita byggingarleyfi, eftir atvikum að undangenginni umfjöllun bygginganefndar og samþykkt bygginganefndar og/eða sveitarstjórnar. Byggingafulltrúar hafa eftirlit með framfylgd leyfisskyldra byggingarframkvæmda í samræmi við lög um mannvirki nr. 160/2010.

Sveitarstjórnir gefa út framkvæmdaleyfi, í samræmi við skipulagsáætlanir, vegna meiriháttar framkvæmda sem áhrif hafa á umhverfið og breyta ásynd þess, svo sem breytingar lands með jarðvegi eða efnistöku, og annarra framkvæmda sem falla undir lög um mat á umhverfisáhrifum. Ekki þarf að afla framkvæmdaleyfis vegna framkvæmda sem háðar eru byggingarleyfi samkvæmt lögum um mannvirki.

Þar sem framkvæmdir eru fyrirhugaðar og deiliskipulag liggur ekki fyrir getur sveitarstjórn veitt framkvæmdaleyfi að undangenginni grenndarkynningu sé um að ræða framkvæmd í samræmi við aðalskipulag varðandi landnotkun, byggðamynstur og þéttleika byggðar. Að auki skal sveitarstjórn leita umsagna viðeigandi umsagnaraðila áður en tekin er afstaða til útgáfu framkvæmdaleyfis.

Sveitarstjórn hefur eftirlit með að framkvæmdir séu í samræmi við útgefið framkvæmdaleyfi.

Viðkomandi þjóðgarðsvörður hefur eftirlit með því að við framkvæmdir séu virt ákvæði laga og reglugerðar um Vatnajökulspjóðgarð sem og skilmálar í Stjórnunar- og verndaráætlun eða leyfi stjórnar fyrir viðkomandi framkvæmd.

Framkvæmdaraðili skal tilkynna þjóðgarðsverði um fyrirhugaða framkvæmd áður en hafist er handa við hana og kynna honum áætlun um framgang hennar.

Við framkvæmdir skal gæta þess að raska ekki náttúru svæðisins umfram það sem heimilt er samkvæmt framkvæmdaleyfi og verklýsingum, s.s. landslagi, lífríki, jarðmyndunum eða menningarminjum.

Stjórn Vatnajökulspjóðgarðs getur gefið út vinnureglur til frekari leiðbeiningar um hvernig framkvæmdum í þjóðgarðinum skuli háttað og um eftirlit með þeim.

2.4.5 Þjóðlendur innan Vatnajökulsþjóðgarðs og leyfisveitingar

Nær allt land innan Vatnajökulsþjóðgarðs er orðið þjóðlenda skv. lögum um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta nr. 58/1998. Samkvæmt þeim lögum er íslenska ríkið eigandi lands og hvers konar landsréttinda og hlunninda í þjóðlendum sem ekki eru háð einkaeignarrétti.

Samkvæmt lögum nr. 58/1988 má enginn hafa afnot af þjóðlendu fyrir sjálfan sig, þar með talið að reisa þar mannvirki, gera jarðrask, nýta hlunnindi, vatns- og jarðhitaréttindi, nema að fengnu leyfi forsætisráðherra eða sveitarstjórnar og að uppfylltum skilyrðum laga að öðru leyti. Þannig þarf leyfi forsætisráðherra til að nýta vatns- og jarðhitaréttindi, námur og önnur jarðefni innan þjóðlendu nema mælt sé fyrir um annað í lögum. Til nýtingar lands og landsréttinda innan þjóðlendu að öðru leyti, þarf hins vegar leyfi hlutaðeigandi sveitarstjórnar en sé nýting heimiluð til lengri tíma en eins árs þarf þó jafnframt samþykki forsætisráðherra. Sem fyrr segir þá gildir þetta þó ekki um réttindi sem eru háð einkaeignarrétti eða fengin öðrum með lögum.

Þeir sem hafa nýtt land innan þjóðlendu sem afrétt fyrir búfénað eða haft þar önnur hefðbundin not, sem afréttareign fylgja, skulu þó halda þeim rétti í samræmi við ákvæði laga þar um. Sama gildir um önnur réttindi sem maður færir sönnur á að hann eigi innan þjóðlendu.

Hafa þarf í huga þessi ákvæði umræddra laga að því er varðar þjóðlendur innan marka Vatnajökulsþjóðgarðs. Með breytingu nr. 101/2016 á lögum um Vatnajökulsþjóðgarð er í 15. gr. tilgreint að lög um þjóðgarðinn, gangi framur ákvæðum laga um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta. Ákvæðið hefur áhrif á leyfisveitingar.

2.5 Önnur stefnuskjöl þjóðgarðsins

Vatnajökulsþjóðgarður hefur látið vinna ýmis stefnuskjöl sem er m.a. ætlað að framfylgja stefnu stjórnunar- og verndaráætlunar, en sem áætlunin þarf jafnframt að taka mið af og spila saman við. Lista yfir stefnuskjölin, sem eru t.d. á sviði umhverfis-, fræðslu- og atvinnumála, má finna á vef þjóðgarðsins, www.vatnajokulsthjodgardur.is.

3 Lýsing á Þjóðgarðinum

Í þessum kafla er að finna almenna lýsingu á Vatnajökulsþjóðgarði, landi, náttúrufari og samfélagi á starfssvæði hans, auk umfjöllunar um sérstöðu þjóðgarðsins, stjórnsýslu og samstarfsaðila.

3.1 Land þjóðgarðsins

3.1.1 Mörk, stærð og staðsetning

Vatnajökulsþjóðgarður nær nú yfir 14.967 ferkílómetra, Vatnajökul og hluta nærsvæða hans. Þar af er jökullinn um 7.700 ferkílómetrar.³ Innan þjóðgarðsins er svæði vestan Jökulsár á Fjöllum sem áður var þjóðgarður í Jökulsárgljúfrum auk tveggja búta af farvegi Jökulsár sunnan gljúfranna. Þessi fjögur landsvæði mynda Vatnajökulsþjóðgarð. Þjóðgarðinum er skipt í fjögur rekstrarsvæði kennd við höfuðáttirnar, norður, austur, suður og vestur.


Mynd 3.1. sýnir land þjóðgarðsins árið 2021 og skiptingu þess í rekstrarsvæði.

3.1.2 Eignarhald á landi þjóðgarðs


Land innan þjóðgarðs er í eigu ríkis, sveitarfélaga og einkaaðila. Þar sem land er í einkaeigu eru í gildi samningar milli ríkisins og landeigenda sem hafa undirgengist friðlýsingu á eignarlandi sínu. Í þeim samningum eru ákvæði um rétt landeigenda til hefðbundinna nytja innan þjóðgarðsins. Stjórnunar- og verndaráætlunin tekur tillit til samninga á milli landeigenda og ríkis. Á einstaka landsvæðum þjóðgarðsins, sem eru í einkaeigu og gerðir hafa verið samningar um, hefur óbyggðanefnd úrskurðað landið sem þjóðlendu. Dæmi eru um að slíkum úrskurðum hafi verið áfrýjað og er endanlegur eignarréttur landsvæða innan þjóðgarðsins því ekki skýr í öllum tilvikum. Nær allt land innan þjóðgarðsmarka telst þó til þjóðlendna og hafa öll vafamál þar að lútandi verið til lykta leidd.

Ákvarðanavald um fornleifar er á hendi Fornleifaverndar ríkisins Minjastofnunar Íslands, óháð eignarhaldi.

³ Heimild: [Lifandi kennslustofa í loftslagsbreytingum](#).



Mynd 3.1: Skipting þjóðgarðsins í rekstrarsvæði.




Mynd 3.2: Eignarhald á landi innan þjóðgarðs og á nokkrum jaðarsvæðum.

3.1.3 Friðlýst svæði í umsjá Vatnajökulspjóðgarðs

Nokkur friðlýst svæði á jaðri Vatnajökulspjóðgarðs hafa verið í umsjá þjóðgarðsins frá stofnun hans en eru ekki hluti af honum. Um þau er því ekki fjallað í þessari Stjórnunar- og verndaráætlun. Rekstur og umsjón Vatnajökulspjóðgarðs með svæðunum byggist á samningi sem gerður hefur verið við Umhverfisstofnun og gildir hann til eins árs í senn.

Svæði, sem svo háttar um eru þessi:

- *Dettifoss, Selfoss, Hafragilsfoss og nágrenni austan Jökulsár*: friðlýst sem náttúruvætti með reglugerð nr. 457/1996.
- *Kringilsárranafriðland*: friðland skv. reglugerð nr. 181/2003, fyrst friðlýst 1975.
- *Lónsöræfi*: friðland skv. reglugerð nr. 31/1977.



Mynd 3.3: Friðlýst svæði í umsjá Vatnajökulsþjóðgarðs.

3.2 Náttúra og samfélag

3.2.1 Landslag

Landslag þjóðgarðsins er mótað af samverkun jarðelda og jökuls. Það ber svip eldhrauna, jarðhita, móbergshryggja og stapa, jökulgarða, jökullóna og jökulsanda en yfir gnæfir jökulbreiðan. Við sunnanverðan Vatnajökul eru strandsvæði og opið haf.

Landslagi í þjóðgarðinum má skipta í nokkra meginflokka í stórum dráttum (mynd 3.4). Utan við sjálfan jökulinn er háslétta og upp úr henni rísa stök fjöll, mörg jökulsorfin. Nyrst og syðst eru flóðsléttur en heiðalönd í suðvestri og norðaustri. Móbergshryggir eru áberandi í vestri og norðan jökuls, en nyrst gljúfur og ásar.


Auk þessara grófu landslagsdrátta er smágerðari ásýnd mótuð af eldvirkni, rofi og framburði jökla og jökulvatna, einnig af jarðhita. Allt skapar þetta sundurleita umhverfi lífríki sem birtist í fjölbreyttum gróðri og fuglalífi.

Norðan Vatnajökuls eru eldbrunnin víðerni með margvíslegum eldstöðvum, móbergsmýndunum, brunahraunum, svörtum jökulsöndum og ljósum vikurbreiðum. Hyldjúpt Öskjuvatn er með fegurstu fjallavötnum. Norðan jökuls sjást einnig margs konar ummerki hamfarahlaupa í Jökulsá á Fjöllum, allt frá Kverkfjallarana í suðri til Jökulsárgljúfra og ósa Jökulsár í Öxarfirði í norðri.

Í Jökulsárgljúfrum eru miklar andstæður: kjarr- og blómgróður, blátærar lindir en kolmórauð Jökulsá í hrikalegum gljúfrum að baki. Þar er einstök fossaröð: Hafragilsfoss, Dettifoss og Selfoss. Í Ódáðahrauni eru Herðubreiðarlindir og þar suður af Hvannalindir, tvær gróðurvinjar í auðninni. Í Kverkfjöllum mætast jökulís, jarðhiti og fjölbreyttar gosmyndanir. Norður frá þeim er Krepputunga, ungt eldfjallaland sem víðast er þakið hraunum sem runnið hafa eftir að ísöld lauk.

Austar eru framhlaupsjöklnir Brúarjökull og Eyjabakkajökull og megineldstöðin, Snæfell, hæst fjalla utan jökla á Íslandi, gnæfir formfögur yfir víðáttum Snæfellsöræfa. Við framrás jöklanna hafa ýst upp miklir hraukar úr jökulruðningi og jarðvegi.

Við jaðra jökulsins á Suðausturlandi eru líparítskriður og djúpbergsinnskot og einnig fjölbreyttar jökulminjar: jökulgarðar, jökullón, jökulkambar, jökulker og malarásar. Gróskumikill gróður og hávaxinn birkiskógur í hlíðum og dölum stendur andspænis svörtum jökulsöndum og hvítum jöklinum.



Mynd 3.4: Meginlandslagseiningar Vatnajökulspjóðgarðs

Gróðurauðnir einkenna landslag vestan jökulsins, móbergshryggir sem urðu til við gos undir Ísaldarjökli, langar gossprungur frá nútíma, vikursandar en einnig gamburmosahraun.

Móbergshryggirnir Grænifjallgarður, Tungnaárfjöll og Fögrufjöll ramma af Langasjó, stærsta stöðuvatn þjóðgarðsins. Lakagígar, 25 km löng gígaröð sem myndaðist í Skaftáreldum 1783–1784, og austurhluti Eldgjár sem gaus 934–938, eru innan þjóðgarðs og ennfremur efsti hluti Skaftáreldahrauns. Suðaustan Fögrufjalla flæmist Skaftá á aurum og flæðir inn í Skaftáreldahraun og Fögrufjöll í hlaupum. Við Vatnajökul rís megineldstöðin Tungnafellsjökull með marglitar líparítsmyndanir og háhita og í Vonarskarði er litskrúðugt jarðhitasvæði; þar eru vatnaskil milli Norður- og Suðurlands.

3.2.2 Vatnajökull

Vatnajökull er miðkjarni Vatnajökulsþjóðgarðs og þekur um einn tólfta hluta Íslands. Vatnajökull er mesti jökull Evrópu, um 7.800 km² að flatarmáli og víðast um 400–600 m þykkur en mest um 950 m. Að vestan, norðan og austan fellur hann fram á hásléttu í 700–900 m hæð en að sunnan ná sporðar niður á láglandi. Framan við jökulinn eru sandar sem vitna um rofmátt jökulsins og framburð jökulfljótanna. Stærstu skriðjöklnir eru Síðujökull, Tungnaárjökull og Köldukvíslarjökull að vestan, Dyngjujökull og Brúarjökull að norðan en Breiðamerkurjökull og Skeiðarárjökull að sunnan. Allir hafa þessir meginjöklar hlaupið fram á nokkurra áratuga fresti. Nokkur jökulsker ná upp úr jökulbreiðunni. Stærst þeirra er Esjufjöll í Breiðamerkurjökli þar sem einangruð gróðursamfélög hafa þróast án áhrifa manna og búfjár. Frá Vatnajökli renna nokkrar stærstu jökulár landsins: Tungnaá og Köldukvísl vestur í Þjórsá, Skjálfandafljót og Jökulsá á Fjöllum til norðurs, Jökulsá á Brú og Jökulsá í Fljótsdal til norðausturs og Jökulsá í Lóni, Hornafjarðarfljót, Jökulsá á Breiðamerkursandi, Skeiðará sem rennur með jökuljaðrinum og í Gígjukvísl, Núpsvötn, Hverfisfljót og Skaftá til suðurs. Áhrifa jökulsins gætir því til sjávar að ósum helstu vatnsfalla, frá Þjórsá austur og norður að Skjálfandafljóti. Á vestur- og norðvesturhluta Vatnajökuls fer jökulbráð niður um hriplekan botn og berst fram sem grunnvatn en getur birst sem lindavatn, allfjarri jöklinum. Ef frá er talinn Mýrdalsjökull er úrkoma hvergi meiri á Íslandi en á sunnanverðum Vatnajökli né afrennsli örara til sjávar. En slíkur vatnsforði er bundinn í Vatnajökli að það tæki vatnsmestu á Íslands, Ölfusá, rúm 200 ár að bera hann fram. Víða stífla jökulsporðar afrennsli svo að vatn safnast í jaðarlón sem tæmast í jökulhlaupum; þekktust eru Grænalón við Skeiðarárjökul og Vatnsdalslón við Heinabergsjökul. Undir jöklinum eru jarðhitasvæði og mörg virk eldfjöll og við gos hafa fallið frá þeim jökulhlaup sem ógnað hafa gróðri og byggð allt til strandar. Í Grímsvatnaöskjunni og undir Skaftárkötlum safnast bræðsluvatn í lón undir jökli og hleypur á nokkurra ára fresti fram í jökulhlaupum. Löngu fyrir landnám runnu hamfarahlaup til norðurs frá Vatnajökli og grófu Jökulsárgljúfur og Ásbyrgi.

Undir Vatnajökli leynast fjöll, dalir og hásléttur, virkar megineldstöðvar með öskjum, stapar móbergshryggir og trog. Lægst nær jökulbotn 300 m niður fyrir sjávarmál en hæst 2000 m yfir sjó. Svo lágt er landið undir jöklinum að hyrfi hann alveg gætu aðeins myndast um fimm

smájökla á hæstu fjallatindum við núverandi loftslag. En jökulbreiðan er að meðaltali um 380 m þykk og rís svo hátt að safnsvæði eru enn nægilega stór til þess að halda jöklinum við; hann lifir á eigin hæð. Jökulhvelið varð hins vegar til við kaldara loftslag en nú er; það er þó ekki leifar af jökulbreiðu síðasta jökulskeiðs, heldur orðið til á kuldatíð fyrir 3-5 þúsund árum en náði mestri stærð undir lok 19. aldar.

Vatnajökull er þíðjökull, ísinn við frostmark, hvergi frosinn fastur við botn, ólíkt gaddjöklum heimskautasvæðanna. Hann bregst hratt við loftslagsbreytingum. Talið er að við landnám hafi sporðar hans náð 10-15 km styttra fram en við lok litlu ísaldar um aldamótin 1900. Jökullinn hropaði hægt á fyrstu tveimur áratugum 20. aldar en hratt eftir það þar til loftslag kólnaði um miðjan sjöunda áratuginn. Í upphafi tíunda áratugar síðustu aldar hlýnaði á ný og síðan hefur jökullinn rýrnað hratt. Landslag hefur því breyst við jaðarinn, gróður numið land, ný jökulsker risið upp úr ís og búsvæði lífvera orðið til. Lón hafa komið í ljós við sporðana. Þekktast er Jökulsárlón á Breiðamerkursandi sem tók að myndast á hlýskeiði 20. aldar þegar sporður Breiðamerkurjökuls hropaði úr djúpu fleti sem hann hafði grafið við framrás á kuldaskiði frá

13. öld til loka 19. aldar. Á undan Breiðamerkurjökli sest í lónið og aðeins lítill hluti þess berst með Jökulsá til strandar. Framburður undan jöklinum hefur því ekki náði að bæta upp landbrot hafs svo að strandlínan hefur hörfað.

Við hlýnandi loftslag næstliðin 15 ár hefur Vatnajökull misst um 1 m af þykkt sinni á hverju ári, metið jafndreift yfir heildarflöt hans; hjarnmörk hafa risið 200-400 m og safnsvæði skriðjöklanna er nú aðeins helmingur þess sem þarf til þess að þeir haldist við óbreyttir.

Jökullinn hefur rýrnað hratt og hlýni enn eins og líklegt þykir, gæti hann hafa misst fjórðung af rúmmáli sínu um miðja öldina - og hann horfið að mestu fyrir lok næstu aldar; þá verði eingöngu smájökla eftir á hæstu fjallatindum. Afrennsli frá jöklinum næði hámarki eftir miðja öldina en yrði eftir um hundrað ár jafnt því sem nú er; minnkaði síðan hratt. Fram undan yrðu hröðustu breytingar á umhverfi sem orðið hafa frá því að land byggðist. Ár hyrfu, farvegir færðust til, vötn kæmu í ljós þar sem sporðar hafa áður grafið bæli. Áhrifa jöklabreytinganna mun gæta á vatna- og gróðurfur, landnýtingu, samgöngur, vatnsaflsvirkjanir, landris og jafnvel eldvirkni. Þegar jöklarnir væru horfnir yrði afrennsli til ána jafnt úrkomu á landið.

3.2.3 Jarðfræðileg fjölbreytni, eldvirkni og jarðhiti

Jarðfræðileg fjölbreytni innan Vatnajökulspjóðgarðs er slík að kalla mætti hann jarðfræðipjóðgarð og lúta helstu rökin fyrir samþykkt þjóðgarðsins á heimsminjaskrá UNESCO að þeim sérkennum. Í Vatnajökulspjóðgarði eru virk eldfjöll, öskjur, eldgígaraðir, eldhraun og dyngjur, jarðmyndanir mótaðar af samspili eldvirkni og jökla; móbergshryggir og stapar, gljúfur rofin af jökulhlaupum og jökulsandar að ógleymdum sjálfum Vatnajökli. Í suðausturhluta garðsins eru útkulnaðar megineldstöðvar með djúpbergssinnskotum og litskrúðugum líparítskriðum. Á milljónum ára

hefur landrek fært þær burt frá gosbeltinu um miðbik Íslands.


Landið er klofið í miðju af gosbelti á skilum tveggja jarðskorpufleka sem reka hvor frá öðrum vegna kvikuuppstreymis. Utan Íslands liggja flekaskilin um neðansjávarhrygg, Mið-Atlantshafshrygginn, en hann teygir sig í þúsundir kílómetra til beggja átta út frá landinu.

Ísland rís upp úr hafinu vegna þess að hér er óvenju mikil eldvirkni en hana má skýra með því að landið er svokallaður heitur reitur en það kallast þeir staðir á Jörðinni þar sem möttulstrókar rísa úr iðrum Jarðar. Miðja möttulstróksins er talin vera undir norðvestanverðum Vatnajökli. Jarðsaga Íslands hefur mótask af hægu reki flekaskilanna til vesturs yfir möttulstrókinn. Þessi færsla hefur valdið því að gosbeltin hafa stokkið til austurs á nokkurra milljón ára fresti.


Upphleðsla Íslands hófst á síðari hluta tertíer og stendur enn. Elsta berg, sem finnst á yfirborði landsins, er um 16 milljóna ára gamalt. Berggrunni landsins má skipta í þrjár meginmyndanir eftir aldri og útbreiðslu jökla meðan þær urðu til: blágrýtismyndun sem varð til áður en jökla tók að gæta hér á landi, grágrýtismyndun frá fyrri hluta ísaldar og móbergsmyndun frá seinni hluta ísaldar. Hraun og aðrar jarðmyndanir, sem orðið hafa til eftir að ísaldarjökulinn leysti af landinu, tilheyra nútíma. Hraunaflákar og flestar dyngjur Ódáðahrauns, hraun vestan Vatnajökuls og Skaftáreldahraun eru allt nútímamyndanir.

Bergmyndanir frá öllum fjórum tímaskeiðum íslenskrar jarðsögu finnast í Vatnajökulspjóðgarði (mynd 3.5). Í vestur- og norðurhluta hans ber mest á móbergsmyndunum og nútímahraunum, austast á grágrýti en syðst fer saman grágrýti og blágrýti. Elst er bergið í suðausturhluta þjóðgarðsins, 8–10 milljóna ára, það yngsta er frá 2004 og er að finna í suðvesturhorni Grímsvatnaöskjunnar. Yngsta berg utan jökuls er Holuhraun hið nýja, frá 2014–2015. Laus jarðlög ofan á berggrunninum eru frá nútíma. Þau eru úr lausum gosefnum, svo sem vikri og gjalli, vatnaseti, áreyrum, jökulsöndum og jarðvegi.

Í þjóðgarðinum liggja að hluta eða öllu leyti allmörg eldstöðvakerfi (mynd 3.6). Á þeim eru sprungureinar og öll hýsa kerfin megineldstöð og sum þeirra tvær slíkar. Af tíu megineldstöðvum innan þjóðgarðsins eru sjö undir Vatnajökli: Bárðarbunga, Grímsvötn, Þórðarhryna, Hamarinn, Kverkfjöll, Esjufjöll og Örfajökull. Í flestum megineldstöðvanna er berg bæði basískt og súrt, í sumum þeirra eru öskjur og háhitasvæði. Þrjár megineldstöðvar liggja austan við gosbeltið, Örfajökull, Esjufjöll og Snæfell. Frá megineldstöðvunum innan gosbeltisins stefna sprungureinar og er reinin sem liggur til suðvesturs frá Bárðarbungu þeirra mest. Eldgjársprungureinin, sem gengur til norðausturs frá Kötlu í Mýrdalsjökli, teygir sig inn í þjóðgarðinn vestanverðan. Hún nær jökla á milli, um 60 km löng, en hverfur undir aurburði Skaftár í norðaustri. Norðan jökulsins er Askja í Dyngjufjöllum, ein stórbrotnasta eldstöð landsins.



Mynd 3.5: Helstu jarðmyndanir á austurhluta Íslands.



Mynd 3.6: Eldstöðvar og sprungureinar

Vestanverður Vatnajökull er eldvirkasta svæði landsins og eru þar Grímsvötn drýgst en eldstöðvakerfi Bárðarbungu, Kverkfjalla og Öskju hafa einnig verið mikilvirk á nútíma. Eldgos undir jökli eru hvergi algengari en undir Vatnajökli. Þegar gýs undir jökli getur annaðhvort hlaðist upp bólstraberg eða gjóska. Gjóska getur á nokkrum árum ummyndast í móberg, til dæmis er sennilegt að fjallið sem myndaðist í Gjálpargosinu 1996 sé nú þegar orðið að dæmigerðum móbergshrygg. Nái eldgos gegnum jökul og haldi það nógu lengi áfram til að hraun renni verða til stapar. Á jökulskeiðum urðu til fjölbreytilegir móbergshryggir, breiður úr bólstrabergi og stapar en dyngjur og hraunaflákar á hlýskeiðum. Eldgos í jökli bræða ís og valda jökulhlaupum sem geta orðið hamfaraflóð. Um 80 gos hafa orðið í Vatnajökli síðastliðin 800 ár, með gjóskufalli og jökulhlaupum, sem oft ollu tjóni í byggð. Eldvirkni undir Vatnajökli gengur í hrinum þar sem tímabil með tíðum eldgosum standa í 60-80 ár en í kjölfarið koma álíka löng tímabil með minni virkni. Nýtt virknetímabil er talið hafa hafist á 10. áratug 20. aldar. Eftir mikla skjálftahrinu í Bárðarbungu í ágúst 2014 hófst í Holuhrauni eitt stærsta hraungos á sögulegum tíma og stóð yfir þar til í lok febrúar 2015.

Í nokkrum megineldstöðvum er stöðugur jarðhiti sem bræðir ís. Í Grímsvatnaöskjunni er eitt stærsta jarðhitasvæði á Íslandi, mikill jarðhiti er undir Skaftárkötlum og skammt austan Pálsfjalls bera sigkatlar vitni um jarðhita. Jarðhita gætir einnig í vesturjaðri Bárðarbungu. Við jaðra jökulsins er háhiti í Kverkfjöllum og í Vonarskarði. Í Grímsvötnum og undir Skaftárkötlum safnast bræðsluvatn fyrir í lón og hleypur þaðan á nokkurra ára fresti. Töluverður jarðhiti er í Öskju.

3.2.4 Lífríki

Hrjóstrugt hálendið norðan Vatnajökuls er þurrasta svæði Íslands (< 400 mm á ári) en við suðvestur-, suður- og austurjaðra hans eru aftur á móti úrkomusömustu svæði landsins (≥ 3000 mm á ári). Gróðurfar og vatnafar þjóðgarðsins endurspeglar þennan mikla breytileika í úrkomu og ólíka vatnsheldni berg- og jarðgrunns.

Norðan jökuls eru víðáttumikil nútímahraun og jökulsandar þar sem háplöntugróður er afar rýr. Breiskjufléttur lifa þó góðu lífi í hraunbreiðum Krepputungu og Ódáðahrauns. Á móbergshryggjum, hraunum og vikrum í suðvesturhluta þjóðgarðsins þar sem úrkoma er mest eru mosar, einkum gamburmosar, ríkjandi og sums staðar er hlutdeild þeirra allt að 90% alls gróðurs. Þar eru algengar þrjár vistgerðir sem tengjast eldvirkni og röku loftslagi og finnast óvída annars staðar á hálendinu, breiskjuhraunavist, melagambravist og sandvikravist.

Gróðurvinjar í Herðubreiðarlindum, Hvannalindum, Jökulsárgljúfrum og víða undir suðurhlíðum Vatnajökuls mynda skarpa andstæðu við auðnirnar en þar er að finna auðuga flóru háplantna með kjarri og blómgróðri. Á Eyjabökkum er eitt af stærstu votlendissvæðum hálendisins. Sunnan jökla eru hávaxnir birkiskógar í dölum og hlíðum, einkum í Skaftafelli. Í birkiskógunum við suðausturjaðar Vatnajökuls er óvenjuleg fléttufunga með sjaldgæfum fléttutegundum; þar er

líka að finna sjaldgæfar háplöntutegundir.

Dýralíf endurspeglar gróðurinn. Það er fátæklegt á auðnunum norðan og vestan jökuls. Á Snæfellsöræfum, þ.e. á hálendinu frá Jökulsá á Brú (Háslóni) austur fyrir Jökulsá í Fljótsdal, í norðausturjaðri þjóðgarðsins, er mikið varp heiðagæsa og Eyjabakkar eru með mikilvægustu fellisvæðum þeirra. Sunnan Vatnajökuls er auðugt fuglalíf og þar hafa orpið um 75 tegundir fugla. Skeiðarársandur og Breiðamerkursandur eru mikilvæg varpsvæði skúms, þórshana og helsingja. Við rætur fjalllendisins við suðausturjaðar þjóðgarðsins lifir tröllasmiður, stærsta bjöllutegund landsins. Hreindýr ganga í þjóðgarðinum, bæði á suður- og austursvæði allt árið. Stórar hjarðir sjást gjarnan á Snæfellsöræfum að sumri og á fengitíma að hausti, en þar hafa líka í gegnum tíðina verið mikilvæg burðarsvæði hreindýra. Hjarðir halda sig meira eða minna á láglendi að vetri, t.d. við suðausturjaðar þjóðgarðsins, en markmið veiðistjórnunar er að halda fjölda dýra þar í lágmarki, einkum í Suðursveit til að koma í veg fyrir að þau leiti vestur í Öræfi.

Í ám og vötnum er að finna staðbundna bleikju- og urriðastofna sem sumir hafa einangrast í lok ísaldar.

3.2.5 Menning og saga

Í Vatnajökulsþjóðgarði og næsta nágrenni er að finna margvíslegar menningarminjar og sagnir sem tengjast búsetu og búskap, baráttu fólks við harðræði, náttúruöfl og huldar vættir, ferðum og ýmsum viðburðum í sögu þjóðarinnar. Í Jökulsárgljúfrum og sunnan jökulsins eru eyðibýli og fjöldi annarra minja sem tengjast landbúnaði og sjósókn sunnan jökla. Þar eru enn fremur fornar ferðaleiðir milli byggðarlaga um torsótt land, óbrúaðar ár og jökla.

Nálægð íbúa jaðarbyggða við náttúru þjóðgarðsins er mismikil eftir svæðum og þessi munur endurspeglast í menningu og sýn fólksins á sambúð lands og þjóðar til góðs og ills. Sunnan jökla mótaðist mannlíf af nálægð byggðar við jökulinn. Þar lærðu menn að lifa með beljandi jökulfljótum og síbreytilegum skriðjökklum. Norðan jökla hafði hálendið yfir sér dulúðlegan blæ óbyggðanna þar sem menn óttuðust útilegumenn og ýmsar vættir. Nær byggð mótaðist sambúðin þó af nálægð við Jökulsá á Fjöllum sem gat verið mikill farartálmi, flæmst um engjar og brotið land.

Um hálendið vestan, norðan og austan jökulsins lágu ferðaleiðir fyrr á öldum, svo sem Vatnajökulsvegur hinn forni, Biskupaleið og Bárðargata auk þess sem farið var þvert yfir jökulinn austanverðan. Minjar um leiðirnar eru vörður, kláfar, vöð og ferjustaðir en auk þess eru víða gamlir leitarmannakofar. Sumir þeirra hafa verið gerðir upp sem gönguskálar. Í Herðubreiðarlindum og Hvannalindum eru minjar um búsetu útilegumanna. Ýmis örnefni tengjast sögum og sögnum af svæðinu. Menningarminjar svæðisins eru misvel skráðar og kortlagðar. Sumum þeirra stafar hætta af landbreytingum eða umferð ferðamanna og á nokkrum stöðum eru þær að hverfa í gróður.

3.2.6 Landnýting

Hefðbundin landnýting er heimil rétthöfum lands á nokkrum svæðum innan þjóðgarðsins. Sauðfjárbætt er leyfð á hluta Jökulsárgljúfra, afréttum á vestur-, norður- og austurhálendinu og afmörkuðum svæðum sunnan jökla. Mest er hún næst byggð sunnan og vestan jökla en minnst á afréttum norðurhálendisins. Veiðar eru mjög litlar á vestur- og norðursvæði þjóðgarðsins en fuglaveiði er nokkur á austur- og suðursvæði hans. Stangveiði er stunduð í litlum mæli á suðursvæðinu. Hreindýraveiði er heimil á austursvæði, á Heinabergs- og Hoffellssvæðinu, í Hjallanesi og í friðlandinu í Lónsöræfum.

Í jaðarbyggðum þjóðgarðsins er vaxandi ferðaþjónusta sem byggist á nálægð við stórbröt náttúru Vatnajökuls og nágrennis. Uppbygging slíkrar ferðaþjónustu er lengst komin sunnan Vatnajökuls. Ótal tækifæri felast einnig í ferðaþjónustu sem byggist á menningarminjum og menningu í jaðarbyggðum þjóðgarðsins og samspili hennar við náttúruna.

3.3 Sérstaða þjóðgarðsins

Náttúra og menningarsaga Vatnajökulsþjóðgarðs er einstæð á heimsvísu líkt og samþykkt þjóðgarðsins á heimsminjaskrá UNESCO ber vitni um. Náttúran mótast af mikilli eldvirkni á Mið-Atlantshafshrygg og loftslagi á mörkum hlýrra og kaldra strauma í hafi og lofti. Ísland varð til við eldsumbrot og á það settist Vatnajökull, mesta jökulbreiða Evrópu. Saga mannlífs og menningar við rætur jökulsins í þúsund ár á engan sinn líka; um það vitna heimildir og menningarminjar. Löngum var þar barátta lífs við náttúruhamfarir, eldgos, gjóskufall, jökulhlaup, kuldaskið og jökla sem skriðu yfir gróið land. En þar var skráð reynsla af sambyli þjóðar við jökla og þekking á eðli þeirra svo að þaðan má rekja upphaf skilnings á tilurð og hreyfingu jökla. En landið gat verið gjöfult. Lífríki er fjölbreytt, einkum gróður og fuglalíf, slægjuland grösugt á láglendi sunnanlands. Á flæðingjum Eyjabakka er eitt stærsta votlendissvæði hálendisins. Þar er fellisvæði heiðagæsa sem verpa í þúsundatali á öræfunum í kringum Snæfell. Á sömu slóðum eru sumarhagar stórs hluta íslenska hreindýrastofnsins.

Breiðamerkursandur á suðursvæði þjóðgarðsins og Skeiðarársandur við suðurjaðar þjóðgarðsins eru mikilvægustu varplönd skúms. Á þessum jökulsöndum og skerjunum úti fyrir eru einnig stór selalátur. Einstakur birkiskógur er í Bæjarstaðarskógi. Mosi er hvergi á Íslandi jafn ríkjandi í gróðurfari og í suðvesturhluta þjóðgarðsins. Gamburmosi í bland við breiskjufléttur í Skaftáreldahrauni myndar breiskjuhraunavist sem er afar sjaldgæf á landsvísu og finnst líklega hvergi annars staðar í heiminum. Norðan jökuls eru víðáttumikil eldhraun þar sem breiskjufléttur eru nánast eini gróðurinn. Meira en níu tíundu af landi þjóðgarðsins eru þó jökull eða auðnir, gróðurlausar eða lítt grónar.

Í Vatnajökulspjóðgarði sést vel hvernig land verður til við eldvirkni á mótum flekaskila og yfir heitum reit sem ber gosefni frá iðrum Jarðar. Þar má sjá ummerki mikilla eldsumbrota.

Öræfajökulsgos 1362, ein mestu eldsumbrot eftir að Ísland byggðist, gjöreyddi blómlegri byggð Litla-Héraðs. Þar eru Lakagígar frá 1783-1784, upptök Skaftáreldahrauns, annars mesta hrauns sem runnið hefur á Jörðinni á sögulegum tíma. Það gos olli móðuharðindum, mestu náttúruhamförum á Íslandi eftir landnám og hafði í nokkur ár áhrif á loftslag um allan heim. Þar er Eldgjá sem gaus 934-938 mesta basaltflæðigosi sögunnar. Þar er enn fremur Askja í Dyngjufjöllum, meðal þekktustu eldstöðva á Jörðinni, sem eyddi byggð á norðausturlandi í stórgosi 1875 og ýtti undir fólksflutninga til Vesturheims. Þá varð til Öskjuvatn og sprengigígurinn Víti.

Hvergi er barátta elds og íss harðari en undir jöklum á Íslandi. Hvergi eru eldgos undir jökli tíðari en í Vatnajökli. Hvergi eru móbergsmýndanir jafn fjölbreytilegar og í Vatnajökulspjóðgarði og nágrenni hans. Móbergshryggirnir milli Skaftár og Tungnaár við vesturmörk þjóðgarðsins eru þeir lengstu á Mið-Atlantshafshryggnum. Í Ódáðahrauni eru margir tígulegir stapar og hin formfagra Herðubreið, þjóðarfjall Íslendinga, ber af þeim öllum. Hvergi eru meiri jarðhitasvæði undir jökli en í Vatnajökli, hvergi eru jökulhlaup frá lónum undir jöklum tíðari en frá Vatnajökli, frá Grímsvötnum, Skaftárkötlum og Kverkfjöllum.

Skeiðarársandur, stærsti jökulsandur Jarðar við virkan nútímajökul, er að miklu leyti hlaðinn upp af framburði jökulhlaupa frá Grímsvötnum. Jökulsárgljúfur og Ásbyrgi voru grafin í stærstu hamfarahlaupum sem fallið hafa á Jörðinni frá því jöklar síðasta jökulskeiðs hurfu. Í gljúfrunum er mesti foss landsins, Dettifoss.

Niðurbrot lands, ekki síður en upphleðsla, er afar hröð í Vatnajökulspjóðgarði: rof jökuls, vatns og vinda og framburður sets með ísstraumum og jökulvatni. Um það vitna trog undir Breiðamerkurjökli og Skeiðarárjökli, jökulgarðar, oft hlaðnir upp við framhlaup, jökulsandar, setlög í stöðuvötnum. Miklir jarðvegshraukar í Kringilsárrana eru ummerki mestu framhlaupa sem kunn eru í jöklum sem nú eru á Jörðinni. Jökulsandarnir líkjast landi framan við jökulbreiður í Norður-Ameríku og Norður-Evrópu á síðasta jökulskeiði. Íslensku orðin sandur og jökulhlaup eru því almennt notuð í alþjóðlegum fræðigreinum.

3.3.1 Rannsóknir

Í gosbeltinu við Vatnajökul eru góðar og um margt einstæðar aðstæður til rannsókna á hraunum, gígum, móbergshryggjum, bólstrabergsbreiðum og stöpum. Öskjuvatn er ein yngsta askja í heiminum (mynduð eftir gosið 1875) og í Grímsvötnum eru einstæð tækifæri til rannsókna á átökum elds og íss. Bárðarbungueldstöðin hefur notið sérstakrar athygli vegna jarðhræringa frá 2014 og Holuhraun sömuleiðis. Jarðhitasvæðin í Grímsvötnum, Kverkfjöllum og Skaftárkötlum þykja merkileg til skilnings á eðli jarðhita og undarlegu lífríki í lónum undir jökli. Rannsóknir á

söndunum við jaðra Vatnajökuls varpa ljósi á myndun slíkra sanda á jökulskeiðum annars staðar í veröldinni. Með hörfun jökulsins kemur nýtt land í ljós. Í þjóðgarðinum gefst nú einstætt tækifæri til að rannsaka landnám gróðurs og dýra á jökulskerjum og svæðum sem eru að koma undan jökli. Jafnframt þarf að rannsaka áhrif loftslagsbreytinga á lífríkið.

Vatnajökull mælir hnattrænar loftslagsbreytingar í miðju Norður-Atlantshafi. Með rannsóknum á jöklinum og umhverfi hans, gosmenjum, jökulurðum og setlögum, má lesa loftslagssögu síðasta jökulskeiðs, nútíma og frá landnámi Íslands. Innan Vatnajökulspjóðgarðs mun náttúra njóta þeirrar verndar að geta um ókomna tíð lýst umhverfi, sem menn hafa ekki raskað. En framlag Vatnajökuls er meira. Rannsóknir á sjálfum jöklinum eru lykill að þekkingu á eðli jökla sem þarf til skilnings á jöklum fyrri tíðar - en einnig jöklum framtíðar. Í jarðvísindum er nútíð lykill að fortíð og framtíð. Þess vegna fara fram umfangsmiklar rannsóknir á afkomu Vatnajökuls og tengslum við veðurfar, hreyfingu hans, rennsli vatns um hann, framhlaup skriðjökla, jökulhlaup og afrennsli til jökulfljóta. Markmið rannsókna er að geta metið breytingar á jöklum og afrennsli frá þeim að gefnum spám um líklegar loftslagbreytingar á komandi árum. Athuganir á kelfingu Breiðamerkurjökuls í Jökulsárlón skýra ferli sem stöðugt gætir meir í skriðjöklum frá Grænlandi og Suðurskautslandinu. Vatnajökull lýsir eiginleikum sem verða æ meir einkenni gaddjökla á Grænlandi og Suðurskautslandinu við hlýnandi veðráttu. Hvergi er auðveldara að sannprófa niðurstöður fjarkönnunar við þróun mælitækni úr gervitunglum heldur en með samanburði við mælingar á Vatnajökli. Síðan verður hinum nýju aðferðum beitt á torsóttari jöklasvæði heims.

3.3.2 Upplifun

Náttúra og mannlíf dregur gesti að Vatnajökulspjóðgarði. Allir vilja fræðast um sambýli þjóðar og vistkerfa við virkustu eldfjöll Jarðar og mesta jökul Evrópu, kynnast tilurð og mótun lands og menningar. Ferðamenn nema krafta í hrikalegum Jökulsárgljúfrum þar sem er mesti foss landsins, Dettifoss, sækja næringu í einsemd Tungnaáröræfa og Ódáðahrauns með fjölbreytilegustu móbergsmyndunum Jarðar, ganga um Skaftáreldahraun, stærsta hraun sem runnið hefur á sögulegum tíma, heillast af andstæðum í Skaftafelli og á Breiðamerkursandi við rætur hæsta fjalls Íslands. Einhverjir vilja fanga villibráð, tína ber og sveppi. Nokkur heillegustu víðerni Íslands eru í Vatnajökulspjóðgarði: sjálft jökulhvelið, Tungnaáröræfi, Trölladyngja, Dyngjufjöll, Ódáðahraun og Krepputunga. Uppi á hájöklinum sést aðeins himinninn og hvergi er einfaldari fegurð.

3.4 Stjórnsýsla

Vatnajökulspjóðgarður er ríkisstofnun. Í lögum og reglugerð um þjóðgarðinn er mælt fyrir um stjórnsýslulega stöðu hans og skyldur þeirra sem að stjórnun hans koma, sbr. einkum II. kafla

laga um Vatnajökulspjóðgarð.

Þjóðgarðurinn skiptist í fjögur rekstrarsvæði sem rekin eru sem aðskildar einingar og eru mörk þeirra tilgreind í reglugerð um þjóðgarðinn. Markmiðið er þó að samræma starfsemi rekstrarsvæðanna til að mynda sterka heild.

Með stjórnun og daglega starfsemi fara eftirtaldir aðilar og er starfssvið og ábyrgð þeirra sem hér segir:

3.4.1 Umhverfis- og auðlindaráðherra

Umhverfis- og auðlindaráðherra fer með yfirstjórn þjóðgarðsins og skipar stjórn hans og svæðisráð til fjögurra ára í senn. Ráðherra setur einnig reglugerð með nánari ákvæðum um málefni þjóðgarðsins eftir tillögu stjórnar og að lokinni kynningu fyrir sveitarstjórnnum, landeigendum og öðrum hagsmunaaðilum. Umhverfis- og auðlindaráðherra staðfestir Stjórnunar- og verndaráætlun en getur breytt tillögu stjórnar. Ráðherra fer með úrskurðarvald á stjórnsýslustigi um ákvarðanir stjórnar eða starfsmanna þjóðgarðsins sem teknar eru á grundvelli laganna og kærnanlegar eru til umhverfis- og auðlindaráðherra.

3.4.2 Stjórn, svæðisráð, framkvæmdastjóri og þjóðgarðsverðir

Um hlutverk stjórnar, svæðisráða, framkvæmdastjóra og þjóðgarðsvarða er fjallað í lögum um Vatnajökulspjóðgarð 60/2007, með síðari breytingum. Stjórnfyrirkomulagið er nánar útskýrt á vefsíðu Vatnajökulspjóðgarðs.

3.4.3 Umhverfisstofnun

Lögin um Vatnajökulspjóðgarð mæla fyrir um hlutverk Umhverfisstofnunar og aðkomu að málefnum þjóðgarðsins. Er það nokkuð frábrugðið því sem er í öðrum þjóðgöörðum og á friðlýstum svæðum í umsjón Umhverfisstofnunar sjálfrar. Umhverfisstofnun hefur ekki beina aðkomu að stjórnun og rekstri þjóðgarðsins en veitir aðstoð og faglega ráðgjöf við verkefni stjórnar og svæðisráða. Gert er ráð fyrir að það verði gert með sérstökum samstarfssamningi.

3.5 Samstarfsaðilar

Vatnajökulspjóðgarður á mikið undir því að góð samskipti séu milli þeirra fjölmörgu sem njóta gæða hans. Forsenda þess er gagnkvæmur skilningur á afstöðu mismunandi hópa sem dvelja í garðinum. Mikilvægt er að kynna vel stefnu og starfsemi þjóðgarðsins, að fræða fólk um hvernig

það getur haft áhrif og að það sjái hvers virði framlag þess er við að bæta þjóðgarðinn. Gott og skilvirkt samstarf skilar aðilum síauknum árangri og eykur gildi þjóðgarðsins. Þannig fara hagsmunir allra saman.

Ákvæði laga um Vatnajökulsþjóðgarð endurspeglar þetta á ýmsa lund. Benda má til dæmis á ákvæði 4. gr. laganna, um skipan stjórnar. Í stjórn sitja, til viðbótar við tvo fulltrúa skipaða af ráðherra, fulltrúar heimamanna, þ.e. formenn svæðisráðanna fjögurra, og fulltrúi skipaður af umhverfisverndarsamtökum. Auk þeirra eiga fulltrúar tilnefndur af útivistar- og ferðamálasamtökum áheyrnaraðild að fundum stjórnar.

Í löggjöf um Vatnajökulsþjóðgarð segir enn fremur að þjóðgarðsyfirvöld skuli eiga samvinnu við ýmsa aðila. Sem dæmi má nefna að við gerð tillögu að Stjórnunar- og verndaráætlun skulu svæðisráð og stjórn eiga samráð við sveitarstjórnir og eigendur lands innan marka þjóðgarðsins, við Umhverfisstofnun, Náttúrufræðistofnun Íslands og aðra hagsmunaaðila.

Margir fleiri hafa áhuga á og hag af því að vel takist til í starfsemi þjóðgarðsins. Þar má nefna íbúa í grennd þjóðgarðsins, fyrirtæki, þjónustuaðila og gesti þjóðgarðsins, vísindamenn sem rannsaka náttúru þjóðgarðsins og samfélag, vísinda-, eftirlits- og stjórnsýslustofnanir, skóla, aðra þjóðgarða og útivistar- og náttúruverndarsamtök. Allir teljast þeir hagsmunaaðilar en hagsmunaaðilar eru þeir einstaklingar eða hópar einstaklinga sem eiga beina hlutdeild í stjórnun eða starfsemi þjóðgarðsins, eru bundnir af henni eða hafa hagsmuna að gæta af árangri í starfseminni, einnig þeir sem láta sig málefni þjóðgarðsins varða og vilja sjá markmið með tilurð hans nást.

Eitt af skilgreindum leiðarljósum í starfi þjóðgarðsins er að leita eftir framlagi hagsmunaaðila og að eiga við þá uppbyggilegt samstarf. Það er jafnframt eitt af starfsmarkmiðum þjóðgarðsins að skilgreina hverjir teljist hagsmunaaðilar og hverjir hagsmunir þeirra og væntingar séu. Skilgreina á við hverja skuli leita reglulega eftir samstarfi og með hvaða hætti. Með því móti er unnin samráðsáætlun sem segir til um hvernig þjóðgarðurinn hyggst byggja upp tengsl og samvinnu við helstu samstarfsaðila sína. Slík áætlun auðveldar stjórn og starfsmönnum að forgangsraða verkefnum og ákveða vinnulag sem líklegt er að skili síauknum árangri í starfsemi þjóðgarðsins.

4 Hlutverk

Allir sem koma að stjórnun og daglegu starfi í Vatnajökulspjóðgarði hafa mikilvægu hlutverki að gegna. Í þessum kafla og næstu þremur er fjallað um hlutverk stjórnenda og starfsmanna þjóðgarðsins, um framtíðarsýn þjóðgarðsins og þau markmið sem sett eru til að gera framtíðarsýnina að veruleika. Auk þess er lýst þeim meginreglum sem hafðar verða að leiðarljósi þegar ákvarðanir eru teknar í starfsemi þjóðgarðsins.

Umboð og skyldur stjórnenda og starfsmanna Vatnajökulspjóðgarðs eru skilgreindar í lögum og reglugerð um þjóðgarðinn og um þær er fjallað í kafla 3.4, um stjórnsýslu.

Í þessum kafla er dregin upp heildarsýn á hlutverk stjórnenda og starfsmanna Vatnajökulspjóðgarðs. Þótt fjölmargir aðrir hafi hag af því að vel takist til í starfi þjóðgarðsins er ekki unnt að mæla fyrir um hlutverk þeirra í Stjórnunar- og verndaráætlun. Engu að síður er hægt að lýsa því hvernig þjóðgarðurinn hyggst leita eftir samvinnu við þessa aðila um mikilsvert framlag þeirra.

4.1 Þjóðgarðurinn fyrir fólkið

Hlutverk Vatnajökulspjóðgarðs er margþætt. Hann er griðastaður náttúru þannig að þar fær hún að þróast eftir eigin lögmálum og á sitt eigið gildi.

Gestir finna tengsl við náttúruna og frumeðli sitt, tengsl sem rofin hafa verið í manngerðu samfélagi nútíma; í garðinum fæst andleg endurnæring og hvíld, þar nægir að skynja, þarf ekki að skilja. Þjóðgarðurinn veitir innblástur og listagildi hans er ótvírætt.

Jafnframt geymir þjóðgarðurinn einstæðan fróðleik til skilnings á ferlum náttúru, í jarðfræði jafnt sem líffræði. Þetta á einnig við um sögu mannlífs, áhrif náttúruhamfara og hnattrænna loftslagsbreytinga í landi á mörkum hlýrra og kaldra strauma í hafi og andrúmslofti.

Vegna fræðslu- og vísindagildis garðsins er hann mikilvæg miðstöð fræðslu og rannsókna. Vatnajökull er enda alþjóðleg rannsóknastöð um áhrif loftslagsbreytinga sem gætu á næstu áratugum orðið hraðari en sést hafa frá lokum síðasta jökulskeiðs.

Nytjagildi Vatnajökulspjóðgarðs er óumdeilt fyrir íslenskt samfélag sem vinnur að því að varðveita, vernda og kynna þjóðgarð á heimsvísu fyrir Íslendingum og alþjóðasamfélaginu og tryggja að ókomnar kynslóðir geti notið hans.

4.2 Fólkið fyrir þjóðgarðinn

Hlutverk stjórnenda og starfsmanna Vatnajökulsþjóðgarðs er að stuðla að samvinnu um verndun og sjálfbæra nýtingu á auðlindum Vatnajökulsþjóðgarðs til aukinnar hagsældar og ánægju fyrir einstaklinga og samfélög í nútíð og framtíð.

Hlutverk stjórnenda og starfsmanna er að vernda, viðhalda og þróa þessi gæði, fræða, hvetja og gera fólki kleift að njóta fjölbreyttrar útivistar - ávallt með sjálfbærni að leiðarljósi.

Stjórnendur og starfsmenn leitast við að gera öðrum kleift að nýta tækifæri sem þjóðgarðurinn veitir, til sköpunar og til eflingar byggðar á áhrifasvæði þjóðgarðsins, og við vinnum að því að auka skilning á því að efnahagslegur ávinningur í góðri sátt við umhverfið sé allra hagur.

5 Leiðarljós

Við framkvæmd stefnunnar verða eftirfarandi stef ávallt höfð í huga og þau fléttuð inn í ákvarðanir og starfsemi þjóðgarðsins.

Stefin eru leiðarljósir og leiðbeina um *hvers konar* ákvörðun þurfi að taka og *hvernig* eigi að taka hana þar sem stefnan leiðbeinir ekki um *hvaða* ákvörðun á að taka eða hvernig.

5.1 Náttúruvernd og sjálfbærni - undirstaða allra ákvarðana

Í ákvörðunum og störfum tekur þjóðgarðurinn mið af því að ...

- yfirlýstur tilgangur með stofnun Vatnajökulspjóðgarðs er verndun náttúru
- sjálfbærni er undirstaða viðvarandi gæða auðlindarinnar og tryggir varanlega velsæld í daglegum störfum, ákvörðunum og við mótun stefnu einsetur starfsfólk og stjórnendur sér að láta þetta ekki gleymast og að tryggja sem best jafnvægi milli þarfa og væntinga fjölda aðila og oft ólíkra hagsmuna. Náttúru og umhverfi Vatnajökulspjóðgarðs sé skilað í hendur komandi kynslóða þannig að gæði þessa sérstaka svæðis séu ekki rýrð heldur frekar skilað í betra horfi en áður.

Leiðarljósið um vernd náttúrunnar og um sjálfbærni vísar veginn í vandasömum verkum.

Til að tryggja þetta og hjálpa til við að meta hvernig miðar í áranna rás mun þjóðgarðurinn til dæmis:

- vinna skipulega að stöðugum umbótum í umhverfisstarfi og vera leiðandi á því sviði
- leitast við að vakta skilgreinda umhverfispætti og nýta niðurstöður skipulega sem mælistiku á sjálfbærni
- setja viðmið og mælikvarða á árangur í verndun og þróun svæðisins
- nýta rannsóknir og lesa úr mælingum til hagnýtingar við stjórnun þjóðgarðsins því að góð stjórnun byggist á þekkingu á náttúrunni, góðu skipulagi í sátt við umhverfið og fræðslu þar um

5.2 Samvinna

- leið til framsækinnar þróunar og skjótari árangurs

Í ákvörðunum og störfum tekur þjóðgarðurinn mið af því að ...

- fjölmargir aðilar hafa hagsmuni af starfsemi Vatnajökulspjóðgarðs
- framlag heimamanna og þátttaka þeirra í uppbyggingu og starfsemi Vatnajökulspjóðgarðs er sérlega mikilsverð
- tengsl við vísindasamfélag og fræðimenn eru mikilvæg undirstaða traustra rannsókna og greiðs aðgangs að þekkingu og miðlunar á henni þátttaka og framlag gesta eykur gæði upplifunar og tryggir markvissa framþróun í allra hag

Með því að leita sérstaklega eftir framlagi skilgreindra hagsmunaaðila og eiga við þá markvisst samstarf mun þjóðgarðinum og samstarfsaðilum hans farnast betur. Samstarf getur skilað auknum gæðum og meiri fagmennsku, skapað ný tækifæri og aukið ávinning.

Þjóðgarðinum er til dæmis í mun að:

- upplýsa um ákvarðanir og fræða um sérstöðu og starfsemi þjóðgarðsins
- skapa vettvang til samstarfs og til að ýta undir frumkvæði og þátttöku annarra
- tryggja ákveðið samræmi í stefnu þjóðgarðsins og stefnu sveitarfélaganna á svæðinu

5.3 Virðing

- eykur árangur og ánægju

Í ákvörðunum og störfum tekur þjóðgarðurinn mið af því að ...

- virðing fyrir náttúru, menningu og minjum er lykilatriði í starfsemi okkar
- með því að bera virðingu fyrir ólíkum hagsmunum og skoðunum má auka gæði starfseminnar og færa þátttakendum í uppbyggingu Vatnajökulspjóðgarðs meiri ávinning og ánægju
- virðing og tillitssemi er sérlega mikilvæg á milli og innan stjórnsýslustiga

Þjóðgarðurinn ber virðingu fyrir ólíkum skoðunum. Þannig er tryggt að aðilar láti skoðanir sínar í ljós og geri honum kleift að mæta þeim og meta í samanburði við aðrar. Það er kostur að geta unnið úr gagnlegum upplýsingum, ólíkri upplifun og mismunandi sjónarmiðum þátttakenda.

Slíkt tryggir betri yfirsýn, stuðlar að meiri frumleika og eykur líkur á góðum ákvörðunum og stjórnun í sem bestu samræmi við væntingar og þarfir hagsmunaaðila. Lög og reglur, boð og bönn geta verið nauðsynleg en gagnkvæm virðing og skilningur er enn mikilvægari.

Þjóðgarðurinn mun til dæmis:

- leggja áherslu á að fræðsla er hornsteinn í starfseminni því að með fræðslu má auka skynjun og skilning á sérstöðu svæðisins og hagsmunum og ná árangri, til dæmis í umgengni í þjóðgarðinum
- skapa vettvang og leiða saman ólíka aðila, svo sem vísindamenn, þjónustuaðila á svæðinu, ungt skólafólk og fleiri þannig að allir geti notið góðs af

5.4 Gæði

- eru í senn aðdráttarafl og viðmið í stjórnun og starfsemi

Í ákvörðunum og störfum tekur þjóðgarðurinn mið af því að ...

- gæði þarf að tryggja og skapa, bæði gæði hins náttúrulega umhverfis sem og gæði
- þjónustunnar og starfseminnar sem fram fer í þjóðgarðinum
- gæði, viðmið og árangur í starfsemi þjóðgarðsins sé fyrirfram skilgreindur

Vatnajökulsþjóðgarður má ekki missa sjónar á því hver gæði hans eru og hvað það er sem skapar sérstöðu hans. Tryggja þarf að heimsókn í garðinn sé og verði einstök upplifun. Það er gert með því að vernda og byggja á gæðum og sérstöðu Vatnajökulsþjóðgarðs. Það er leið til að auka samkeppnishæfni og til að hámarka ávinning.

Þetta mun þjóðgarðurinn sýna í framkvæmd til dæmis með því að:

- vinna markvisst að því að uppfylla viðmið og ná skilgreindum árangri
- leggja áherslu á færni og fagmennsku í starfsemi og þjónustu í Vatnajökulsþjóðgarði, bæði hjá þjóðgarðinum sjálfum og með samvinnu við þjónustuaðila á svæðinu
- leggja meiri áherslu á gæði og upplifun heldur en magn (til dæmis fjölda ferðamanna)
- vanda allt skipulag og innri uppbyggingu, nýta markvissar og árangursríkar aðferðir við mótun stefnu, gerð áætlana og framkvæmd
- byggja ávallt ákvarðanir á sem bestum upplýsingum

6 Framtíðarsýn

Framtíðarsýnin lýsir þeim árangri sem stefnt er að og í henni birtast vonir og væntingar til starfsemi og áhrifa Vatnajökulspjóðgarðs. Í framtíðarsýninni er horft rúm 20 ár fram í tímann og dregnir fram nokkrir lykilþættir í sýn okkar á stöðu og árangur Vatnajökulspjóðgarðs árið 2030.

Framtíðarsýnin skiptir alla máli; stjórn, starfsmenn, samstarfsfólk og heimamenn, gesti og aðra.

Stjórn Vatnajökulspjóðgarðs mun leitast við að haga ráðstöfunum sínum þannig að árið 2030 verði staða Vatnajökulspjóðgarðs sem hér segir:

Framtíðarsýn Vatnajökulspjóðgarðs

Vatnajökulspjóðgarður er þjóðargersemi.

Sérstaða og gæði Vatnajökulspjóðgarðs eru starfsfólki, íbúum og almenningi kunn; hvort tveggja er uppspretta tækifæra og sköpunar – aðdráttarafl og hvati til góðra verka.

Virðing og verndun náttúru, menningar og minja er í hávegum höfð; sjálfbærni er leiðarljósið og í góðri sátt nýtum við og njótum þessara verðmæta.

Traustir innviðir þjóðgarðsins, faglegur metnaður, gott samstarf og skýr viðmið um starfsemi hafa lagt grunn að góðum árangri í starfseminni.

Árangur í starfsemi og stjórnun Vatnajökulspjóðgarðs byggist jafnframt á traustum rannsóknum, fræðslu og áhrifaríkri miðlun.

Þjóðgarðurinn er eftirsóttur staður til rannsókna.

Vatnajökulspjóðgarður er mikilvæg stoð í atvinnusköpun og hefur leitt til aukinnar hagsældar svæðisins og landsins alls.

Fjölbreytni er aðalsmerki Vatnajökulspjóðgarðs í náttúru, menningu og þjónustu.

Nánar tiltekið verður staðan þessi:

6.1 Að vernda, viðhalda og þróa ...

Vatnajökulsþjóðgarður er þjóðargersemi, einstök náttúruperla á lands- og heimsvísu. Okkur hefur tekist að vernda og viðhalda einstökum gæðum og sérstöðu þjóðgarðsins með því að:

- hafa sjálfbærni að leiðarljósi við stjórnun og nýtingu gæða, tryggja góða sátt og jafnvægi milli verndunar og nýtingar á auðlindum Vatnajökulsþjóðgarðs og taka tillit til þarfa og væntinga ólíkra aðila
- byggja á traustum rannsóknum og með vöktun á stöðu og breytingum á náttúrufari og náttúrulegum fjölbreytileika sem er grunnur að langtímastefnu og ákvörðunum um málefni þjóðgarðsins
- virða náttúruleg ferli og leyfa vistkerfi og landi að þróast eftir eigin lögmálum
- byggja inn grip á vistkerfisnálgun sé þeirra þörf að mati þjóðgarðsyfirvalda
- fylgjast með áhrifum landnotkunar á vistkerfi, líffræðilegan fjölbreytileika og einstakar tegundir lífvera
- stunda markvissa uppbyggingu innviða og viðmiða þjóðgarðsins, með góðri samvinnu og þátttöku hagsmuna- og samstarfsaðila
- veita góða og markvissa fræðslu og miðla upplýsingum sem auka skilning á gæðum og sérstöðu Vatnajökulsþjóðgarðs og tryggja þannig góða umgengni og virðingu fyrir umhverfi og menningu svæðisins

6.2 Að upplifa ...

Það er einstök upplifun að heimsækja og dvelja í Vatnajökulsþjóðgarði. Þeir sem þar dvelja hafa sterka tilfinningu fyrir sérstöðu og gæðum Vatnajökulsþjóðgarðs og skynja að það hefur þurft umhyggju og samstillt átak margra aðila til að undirstrika þessa sérstöðu þjóðgarðsins og umhverfis hans. Þetta hefur okkur tekist með:

- góðri samvinnu og þátttöku helstu hagsmunaaðila við uppbyggingu þjónustu, viðhald gæða þjóðgarðsins og þróun nýjunga í starfseminni
- góðu skipulagi og markvissri uppbyggingu á aðstöðu og aðgengi fyrir gesti, vísindafólk, skólafólk, starfsmenn og fleiri þar sem tekið er tillit til ólíkra þarfa
- starfi á grunni skýrrar og virkrar umhverfisstefnu sem undirstrikar að eigin starfsemi sé öðrum góð fyrirmynd og leggur jafnframt línur um ávinning samstarfsaðila af því að uppfylla

gæðaviðmið þjóðgarðsins

- færu og vel þjálfuðu starfsfólki sem skilur sérstöðu þjóðgarðsins sem og þarfir og væntingar samstarfsaðila og gesta
- dreifðu álagi og stýrðu aðgengi að svæðinu og einstökum hlutum þess
- markvissri notkun og fjölbreyttri miðlun þekkingar á gögnum og gæðum þjóðgarðsins

6.3 Að skapa ...

Gæði og sérstaða Vatnajökulsþjóðgarðs hefur orðið uppspretta tækifæra og sköpunar og er í senn aðdráttarafi og hvati til góðra verka. Þjóðgarðurinn hefur stutt við atvinnustarfsemi sem fyrir er á svæðinu, leitt af sér ný og fjölbreytt störf og er sjálfur öflugur vinnustaður. Hann er því mikilvæg stoð í atvinnusköpun og hefur leitt til aukinnar hagsældar, bæði á áhrifasvæði sínu og landinu öllu. Vatnajökulsþjóðgarður er eitt helsta kennitákn íslenskrar ferðaþjónustu. Fyrirtæki og þjónustuaðilar sækjast eftir að staðsetja sig á svæðinu og tengjast þjóðgarðinum í starfsemi sinni. Vegna þjóðgarðsins hafa skapast tækifæri til nýrrar menntunar og starfa og gæði búsetu hafa aukist á áhrifasvæði þjóðgarðsins. Vatnajökulsþjóðgarður hefur þannig fært okkur margháttaðan ávinning, jafnt samfélagslegan, efnahagslegan sem umhverfislegan. Þetta hefur okkur tekist með því að:

- vekja athygli á sérstöðu og gæðum Vatnajökulsþjóðgarðs
- ýta undir viðleitni annarra til að nýta sérstöðu og gæði þjóðgarðsins, til að efla búsetu og atvinnutækifæri, til listsköpunar og til miðlunar á menningu svæðisins og með því að skapa góða aðstöðu til þess
- festa í sessi sjálfbæra ferðaþjónustu
- framfylgja skýrum viðmiðum um gæði þjónustu sem veitt er í þjóðgarðinum í góðri samvinnu við þjónustuaðila, gesti og aðra
- virkja íbúa í nærumhverfi, eiga gott samstarf við sveitarfélög og opinbera aðila og með því að leitast við að tryggja samræmi í stefnu og framkvæmd þessara aðila um málefni þjóðgarðsins
- beita markvissri og öflugri fræðslu og markaðssetningu sem byggist á sérstöðu garðsins og einstakra hluta hans

7 Markmið

Til að framtíðarsýn Vatnajökulspjóðgarðs verði að veruleika eru sett þrjú meginmarkmið í starfi þjóðgarðsins. Þau eru eftirfarandi:

Að vernda, viðhalda og þróa ...

Stjórn Vatnajökulspjóðgarðs leitast við, með stefnu sinni, ákvörðunum og í framkvæmd, að tryggja verndun náttúru og menningarminja og viðhald gæða og sérstöðu Vatnajökulspjóðgarðs.

Að upplifa ...

Stjórn Vatnajökulspjóðgarðs leitast við, með stefnu sinni, ákvörðunum og í framkvæmd, að tryggja að það sé einstök upplifun að heimsækja og dvelja í Vatnajökulspjóðgarði, sem gestur, sem starfsmaður eða vísindamaður og að heimamenn telji það til aukinna gæða að búa í þjóðgarðinum eða á áhrifasvæði hans.

Að skapa ...

Stjórn Vatnajökulspjóðgarðs leitast við, með stefnu sinni, ákvörðunum og í framkvæmd, að ýta undir að gæði og sérstaða þjóðgarðsins sé nýtt til frekari eflingar atvinnu og búsetu á svæðinu, til nýsköpunar í atvinnulífi, til listsköpunar og miðlunar á menningu svæðisins.

Til að tryggja framgang meginmarkmiðanna þriggja setur stjórn Vatnajökulspjóðgarðs eftirfarandi starfsmarkmið sem hún mun leitast við að framfylgja.

Starfsmarkmiðin eru tilgreind og skýrð undir hverju meginmarkmiði.

7.1 Að vernda, viðhalda og þróa ...

Stjórn Vatnajökulspjóðgarðs leitast við, með stefnu sinni, ákvörðunum og í framkvæmd, að tryggja verndun náttúru og menningarminja og viðhald gæða og sérstöðu Vatnajökulspjóðgarðs.

Í því skyni eru sett eftirfarandi starfsmarkmið:

7.1.1 Um landslag og jarðmyndanir

Að varðveita samfelldar landslagsheildir og jarðminjar í Vatnajökulspjóðgarði

Verndargildi samfelldra landslagsheilda verður metið með viðurkenndri aðferðafræði. Til að undirbyggja ákvarðanir um mögulega stækkun þarf matið að fylgja landslagsheildum þótt þær nái út fyrir mörk þjóðgarðsins.

Landslag, landslagsheildir, jarðmyndanir og jarðfræðileg fjölbreytni svæðisins verður kortlögð og heildstætt mat lagt á verndargildi landslags og jarðfræði svæðisins.

Að tryggja verndun samfelldra, heildstæðra og fágætra jarðmyndana og stýra umferð um þær

Friðun jarðmyndana, til dæmis þeirra sem njóta sérstakrar verndar skv. náttúruverndarlögum, er ekki næg ein og sér. Til viðbótar þarf gott skipulag og fræðslu því að margar þessara jarðmyndana, sem draga að sér mikinn fjölda gesta, eru mjög viðkvæmar fyrir umferð manna um þær.

Vatnajökulsþjóðgarður mun meta áhrif umferðar á mikilvægar jarðmyndanir í þjóðgarðinum og grípa til sérstakra verndarráðstafana þar sem þess er þörf.

Að tryggja að mannvirki og ræktun falli vel að landslagi, jarðmyndunum og gróðurfari

Í opnu og viðkvæmu landslagi þjóðgarðsins þarf ekki stór mannvirki til að hafa mikil áhrif á ásýnd lands. Mikilvægt er að ný mannvirki falli vel að landslagi, jarðmyndunum og gróðurfari. Vanda þarf til staðsetningar mannvirkja og huga að vali á byggingarefnum, gróðri o.fl. Þetta gildir um eldri mannvirki eftir því sem við á, svo sem við endurbætur og viðhald þeirra. Auk þess er stefna ríkisins sú að vistvæn innkaup séu höfð að leiðarljósi hjá opinberum aðilum.

Leitast verður við að halda mannvirkjasvæðum í lágmarki og finna mannvirkjum stað þar sem fyrirséð er að þau muni hafa sem minnst áhrif á ásýnd lands. Mannvirki, þ.m.t. hús, skilti og brýr, falli vel að landi. Útlit þeirra verði samræmt en þó með sérstöðu svæða í huga.

Við plöntun, til dæmis skjólgróðurs, sem og við uppgræðslu verður einungis notast við náttúrulegan staðargróður.

Mótuð verður stefna um hvernig umhverfisáherslur endurspeglast í staðsetningu, gerð og frágangi mannvirkja, vali byggingarefna og annarri umgjörð. Vistvæn innkaup verði höfð að leiðarljósi.

7.1.2 Um líffræðilega fjölbreytni, vistkerfi og tegundir

Að tryggja verndun svæða með fjölbreytt, viðkvæmt og sérstakt lífríki

Í þjóðgarðinum eru svæði með fjölbreyttu, viðkvæmu og sérstöku gróðurfari sem hafa mikið gildi fyrir gróðurvernd í stærra samhengi. Innan þjóðgarðsins má einnig finna búsvæði sjaldgæfra tegunda sem mikilvægt er að þekkja, einkum þeirra sem eru á válista. Brýnt er að fylgjast með útbreiðslu og viðgangi mikilvægra tegunda sem Íslendingar bera alþjóðlega ábyrgð á. Á grunni kortlagningar slíkra tegunda og búsvæða þeirra þarf að stýra umferð og öðru álago sem kann að stofna viðgangi þessara tegunda í hættu.

Fylgst verður með náttúrulegri framvindu gróðurs og dreifingu tegunda í samráði við fagstofnanir. Leitast verður við að kanna útbreiðslu, skrá og hnitsetja búsvæði sjaldgæfra lífvera, einkum þeirra sem eru á valista. Upplýsingarnar verða nýttar til að stýra umferð og álagi á viðkvæmum svæðum innan þjóðgarðsins.

Að tryggja viðgang náttúrulegra þróunarferla lífríkisins

Virk landmótun svæðisins og jarðfræðileg fjölbreytni þess skapar skilyrði fyrir mismunandi búsvæði og sífellda þróun lífríkis.

Ein helsta ógn við líffræðilegan fjölbreytileika eru ágengar, framandi tegundir. Plöntutegundir á borð við alaskalúpínu geta ógnað líffræðilegum fjölbreytileika og breytt verulega ásýnd stórra svæða. Að sama skapi getur minkur valdið miklum usla í varpi andfugla og annarra votlendisfugla. Nauðsynlegt er að eyða slíkum tegundum úr lífríki garðsins svo að vistkerfi hans geti þróast á náttúrulegan hátt.

Leitast verður við að tryggja að athafnir mannsins raski ekki náttúrulegri framvindu innan vistkerfa, til dæmis með einstökum framkvæmdum eða seiðasleppingum í ár og vötn.

Beita skal varúðarsjónarmiðum við allar ákvarðanir sem kunna að hafa áhrif á náttúrulega þróunarferla lífríkisins og afla frekari vitneskju um þá.

Stutt verður við rannsóknir á áhrifum hlýnandi loftslags á landmótun og náttúrulega framvindu nýrra landssvæða. Safnað verður upplýsingum um útbreiðslu og dreifingarmáta ágengra, framandi tegunda og ástand þess lífríkis sem þær kunna að ógna innan þjóðgarðsins. Á grunni þeirra upplýsinga verður aðgerðum, sem miða að upprætingu eða takmörkun á útbreiðslu slíkra tegunda, forgangsraðað. Unnið verður með sveitarfélögum að skipulegri eyðingu minks og takmörkun á útbreiðslu refs þar sem það er heimilt.

Að vernda lífríki votlendissvæða

Vötn og votlendi eru mikilvæg búsvæði og hafa mikið aðdráttarafl fyrir gesti. Vötn, ár og lækir hafa mikið útivistargildi, vegna fegurðar sinnar og fjölbreytts lífríkis, sem og vegna veiða og báts- og baðferða. Lífríki margra votlendissvæða Vatnajökulsþjóðgarðs er lítt kannað og áhrif gesta á svæðin og lífríki þeirra enn síður þekkt. Forsenda verndunar er vitneskja um lífríki vatna og votlendis, vatnasvið, grunnvatn og rennislisleiðir.

Leitast verður við að auka þekkingu á lífríki vatna og votlendis og stýra umferð með tilliti til þess, einkum á þeim stöðum og á þeim tíma sem lífríkið er viðkvæmast.

Í öryggisáætlun þjóðgarðsins, sem unnin verður, kemur fram með hvaða hætti skuli bregðast við mengunarslysum, meðal annars á votlendissvæðum.

Að stöðva gróður- og jarðvegseyðingu og stuðla að vistheimt raskaðra vistkerfa

Gróður- og jarðvegseyðing hefur víða leitt til landhnignunar innan marka þjóðgarðsins. Brýnt er að stöðva landeyðingu þar sem þess er kostur og stuðla að vistheimt illa farins lands.

Stuðlað verður að vistheimt raskaðra vistkerfa á þeim svæðum sem þjóðgarðsyfirvöld, í samráði við Landgræðsluna, telja nauðsynlegt. Inngripum í náttúrulega framvinduferla skal haldið í lágmarki. Þau skulu miða að styrkingu staðargróðurs og stuðla þannig að verndun líffræðilegrar fjölbreytni.

7.1.3 Um menningarminjar

Að varðveita menningarminjar fyrri tíma

Sérstaða þjóðgarðsins felst ekki síst í menningarminjum og þeirri sögu sem hann geymir um samspil manna og stórbrotinnar náttúru. Á sögunni má byggja fjölbreytt tækifæri til túlkunar, fræðslu og afþreyingar auk þess gildis sem hún hefur í sjálfu sér fyrir menningararf þjóðarinnar.

Menningarminjar þjóðgarðsins verða varðveittar í samstarfi við Minjastofnun Íslands. Tryggt verður að umferð gesta og framkvæmdir spilli þeim ekki.

Sérstaklega verður leitast við að treysta samstarf við íbúa í héraði um fræðslu og menningarviðburði sem tengjast sögu þjóðgarðsins og tengdra svæða.

Byggt verður á þessari sérstöðu og þeim tækifærum sem hún skapar í kynningu og fræðslu um svæðið.

7.1.4 Um mengun

Að dregið verði úr umferð einkabíla og hvatt til aukinna almenningssamgangna og umhverfisvænna ferðamáta

Þótt ekki sé um marga valkosti að ræða í almenningssamgöngum innan þjóðgarðsins má gera margt sem hvetur gesti til að draga úr umferð einkabíla. Eitt það áþreifanlegasta er að bjóða ávallt upp á góða aðstöðu fyrir hjólandi og gangandi umferð.

Þjóðgarðurinn mun hvetja til notkunar almenningssamgangna og umhverfisvæns samgöngumáta á starfssvæði sínu til að draga úr mengandi útblæstri en einnig til að hafa áhrif á umferð.

Leitast verður við að aðstaða og aðgengi endurspegli og styðji við þetta markmið, s.s. fyrir hjólandi og gangandi umferð.

Að tryggja að grunnvatn og yfirborðsvatn mengist ekki af völdum umferðar,

mannvirkjagerðar eða starfsemi þjóðgarðsins

Gera þarf ráðstafanir til að draga úr hættu á mengun grunnvatns og yfirborðsvatns. Meðferð spilliefna og frágangur rotþróa og fráveitna þarf að vera í samræmi við lagakröfur.

Settar verða skýrar reglur og leiðbeiningar um meðferð spilliefna og frágang vatnsbóla, rotþróa og fráveitna í samræmi við lagakröfur.

Frárennslismál í húsnæði á vegum þjóðgarðsins séu til fyrirmyndar.

Ferðaleiðir og þjónustusvæði ber að skipuleggja þannig að sem minnst hætta sé á mengun grunnvatns.

Að tryggja að öll meðhöndlun og förgun úrgangs sé með viðurkenndum hætti

Meðferð og förgun úrgangs á vegum þjóðgarðsins á að vera í samræmi við lagakröfur og endurspegla virðingu fyrir umhverfi þjóðgarðsins.

Komið verði á úrgangsflokkun á öllum viðkomustöðum sem þjóðgarðurinn hefur umsjón með. Notaðar verði samræmdar merkingar sem miðast við endurvinnslumöguleika á hverju svæði.

Komið verði á samstarfi við verktaka og þjónustuaðila á svæðinu um að þeir uppfylli viðmið þjóðgarðs og lagareglur í þessa veru.

Á afskekktari svæðum verði gestum gert að skilja engan úrgang eftir sig. Gestum verður leiðbeint um hvernig standa skuli að meðferð og förgun úrgangs.

7.1.5 Um innviði, starfsfólk og starfsemi

Að byggja upp trausta innviði með markvissum hætti

Með skilvirku innra skipulagi og traustum innviðum má sameina krafta á öllum rekstrarsvæðum þjóðgarðsins. Virk stefnumótun og eftirfylgni og markviss forgangsröðun verkefna, greiðar samskiptaleiðir og myndun tengsla eru þau verkfæri og þær leiðir sem nýttar verða til að byggja upp trausta innviði.

Komið verði á skipulegu verklagi til að vinna að stöðugum umbótum í daglegri starfsemi og stjórnháttum þjóðgarðsins til að tryggja að Stjórnunar- og verndaráætlun verði framfylgt á markvissan hátt.

Að skilgreina og fylgjast með þróun og breytingum í starfsumhverfi þjóðgarðsins

Þjóðgarðurinn er hluti af flóknu umhverfi sem tekur stöðugum breytingum. Í starfsumhverfi þjóðgarðsins er bæði að finna áhrifaþætti sem þjóðgarðurinn hefur tök á að stjórna en einnig þætti sem hann hefur takmörkuð áhrif á. Nauðsynlegt er að fylgjast vel með breytingum í starfsumhverfinu, til dæmis breytingum á efnahagslegum, náttúrufarslegum, samfélagslegum og fleiri þáttum. Það skapar möguleika á að grípa tækifæri sem gefast, bregðast við ógnunum sem að steðja og nýta styrk og sérstöðu til að ná enn meiri árangri í starfseminni.

Þjóðgarðurinn mun skilgreina og fylgjast með þróun helstu áhrifaþátta í starfsumhverfi sínu í því skyni að treysta grundvöll góðrar stjórnunar og vandaðrar ákvörðunartöku.

Að tryggja að lagakröfur á sviði umhverfismála séu uppfylltar

Öll starfsaðstaða á vegum þjóðgarðsins á að uppfylla lagakröfur á sviði umhverfismála.

Unnið verður að því að tryggja að öll starfsaðstaða, gistaðstaða og önnur aðstaða, sem Vatnajökulspjóðgarður rekur eða leigir, uppfylli lagakröfur á sviði umhverfismála, meðal annars varðandi starfsleyfi, frárennismál, förgun úrgangs og geymslu efna.

Unnið verður með rekstrar- og eftirlitsaðilum að bestu lausnum og samræmingu á kröfum milli svæða.

Að vinna markvisst að því að lágmarka umhverfisáhrif í rekstrinum

Vatnajökulspjóðgarður vill ganga á undan með góðu fordæmi og vinna skipulega að því að minnka neikvæð umhverfisáhrif frá daglegri starfsemi þjóðgarðsins og rekstri honum tengdum.

Markvisst er unnið með þýðingarmikla umhverfisþætti í rekstri þjóðgarðsins. Í því skyni verða meðal annars innleidd vistvæn innkaup í starfsemi þjóðgarðsins. Einnig verður unnið markvisst að því að minnka áhrif vegna ferða á vegum Vatnajökulspjóðgarðs.

Að tryggja starfsfólki góðan aðbúnað og bjóða því tækifæri til að auka þekkingu sína og færni

Þjóðgarðurinn á að tryggja að kröfur laga og reglna um aðbúnað starfsfólks séu uppfylltar. Þar að auki er mikilvægt að nýta tækni, verklag og ýmsar aðferðir sem gera starfsmönnum kleift að rækja störf sín á auðveldari hátt, meðal annars að sækja sér aukna þekkingu og efla færni sína.

Þjóðgarðurinn mótar starfsmannastefnu sína. Leitast verður við að tryggja að aðbúnaður og búsetukostir fyrir starfsfólk geri því kleift að sinna verkum sínum vel og njóta frístunda.

Þjóðgarðurinn leggur sig eftir að hagnýta tækni hvers tíma til að auðvelda og auka gæði samskipta og

samstarfs. Nýttir verða kostir til dæmis landupplýsingakerfa og skilgreindir verkferlar og aðferðir sem gera starfið faglegt og auka þannig starfsánægju og ýta undir metnað.

7.1.6 Um tímabundnar leyfisveitingar

Að setja skýrar reglur um leyfisveitingar fyrir tímabundna starfsemi

Nokkuð er um að óskað sé eftir tímabundnum leyfum til athafna og fyrir starfsemi í þjóðgarðinum. Dæmi um slíkt eru rannsóknir og kvikmyndatökur. Hvorugt fellur undir hefðbundna atvinnustarfsemi eða er hluti af þeim grunnatvinnugreinum, sem stundaðar eru á svæðinu, eða þjónustuframboði þjóðgarðsins.

Mótaðar verða reglur um tímabundnar leyfisveitingar, byggðar á skýru ferli sem tryggir jafnræði.

Gert er ráð fyrir að gjaldtaka þjóðgarðsins sé heimil þegar um er að ræða leyfi fyrir starfsemi sem stunduð er í ábataskyni eða þegar þjóðgarðurinn þarf að kosta verulega til vegna aðstoðar eða eftirlits í tengslum við leyfisveitinguna.

Að setja skýrar reglur um leyfisveitingar vegna atvinnustarfsemi innan þjóðgarðsins

Í tengslum við atvinnustefnu þarf að koma fram með hvaða hætti þjóðgarðsyfirvöld heimila starfsemi í þjóðgarðinum og hvernig fari um samskipti við fyrirtæki og aðila sem starfa eða vilja starfa innan þjóðgarðsins. Gera þarf grein fyrir því hvað heyrir undir þjóðgarðsyfirvöld í þeim efnum og hvert sé hlutverk annarra aðila, s.s. sveitarfélaga, heilbrigðiseftirlits, o.fl.

Umsóknir um aðstöðu fyrir starfsemi innan þjóðgarðsins þurfa að fylgja skýrum reglum og ferli til að tryggja jafnræði milli aðila.

Mótaðar verða reglur sem tryggja að starfsemi innan þjóðgarðsins falli að stefnu hans í náttúruvernd, umhverfismálum, skipulagsmálum og atvinnumálum.

Á vefsíðu þjóðgarðsins verði aðgengilegar upplýsingar um hvaða starfsemi er leyfis skyld og hvernig umsóknir eru meðhöndlaðar.

Þjóðgarðsverðir sjá um dagleg samskipti við samþykktu aðila á svæðinu og sjá til þess að fylgt sé eftir þeim skilyrðum sem sett eru að svo miklu leyti sem það heyrir ekki undir stjórnvöld, s.s. heilbrigðiseftirlit.

Gjaldtaka vegna aðstöðu innan þjóðgarðsins verði samræmd.

7.1.7 Um þróun þjóðgarðsins

Að breyting á þjóðgarðsmörkum verði á forsendum grunnmarkmiða þjóðgarðsins

Afmörkun á landsvæði Vatnajökulsþjóðgarðs hefur frá upphafi verið nokkuð til umræðu.

Ýmsar tillögur hafa komið fram og enn eru í umræðunni hugmyndir um frekari stækkun þjóðgarðsins. Stækkun þjóðgarðsins á ekki að verða stækkunarinnar vegna heldur til að styðja við grunnmarkmið þjóðgarðsins. Þannig ætti stækkun til dæmis að byggjast á að þjóðgarðurinn myndi samfelldar landslagsheildir, jarðfræðiheildir og vistfræðilegar heildir.

Komi til stækkunar þjóðgarðsins á það að gerast á forsendum og í takt við meginmarkmið þjóðgarðsins og verða til þess að auka á gæði hans og nærliggjandi svæða.

Í upphaflegri stjórnunar- og verndaráætlun sem staðfest var í febrúar 2011 var sett fram markmið um að Vatnajökulsþjóðgarður yrði samþykktur á heimsminjaskrá Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna, UNESCO. Það markmið náðist með samþykkt þjóðgarðsins á heimsminjaskrána í júlí 2019, sbr. umfjöllun í kafla 2.3 um verndarflokkun.

7.2 Að upplifa ...

Stjórn Vatnajökulsþjóðgarðs leitast við, með stefnu sinni, ákvörðunum og í framkvæmd, að tryggja að það sé einstök upplifun að heimsækja og dvelja í Vatnajökulsþjóðgarði sem gestur, sem starfsmaður eða vísindamaður og að heimamenn telji það til aukinna gæða að búa í þjóðgarðinum eða á áhrifasvæði hans.

Í þessu skyni eru sett eftirfarandi starfsmarkmið:

7.2.1 Um áfangastaði og aðgengi

Að þjónusta og aðstaða stuðli að ánægjulegri upplifun gesta

Mikilvægt er að þjónusta standi ferðamönnum til boða á vel völdum stöðum og sé eðlilegur hluti af heildstæðu þjónustuneti þjóðgarðsins.

Afmörkun og skipulag þjónustusvæða og þjónustueininga í þjóðgarðinum þarf að vera skilvirk og aðstaða samræmd og aðlaðandi.

Þjónustusvæði í þjóðgarðinum verða skilgreind og leitast við að tryggja að þjónusta standi til boða árið um kring. Leitast verður við að þjónusta og aðstaða í þjóðgarðinum, allt frá stökum skiltum að

gestastofum, falli inn í skipulega heildarmynd sem sé samræmd fyrir allan þjóðgarðinn. Slíkar þjónustueiningar endurspegli virðingu og metnað og mæti þörfum gesta en spilli ekki upplifun af ósnortinni náttúru utan síns nánasta umhverfis.

Að samgöngukerfi þjóðgarðsins sé í góðu samræmi og stýri för gesta

Samgönguleiðir þjóðgarðsins gegna fjölbættu hlutverki. Þær leiða gesti að þjóðgarðinum, stýra för gestanna og þar með álagi og gefa aðgang að fjölbreyttri upplifun.

Vanda þarf frágang samgöngumannvirkja, svo sem vega, stíga og brúa og finna þeim stað þar sem upplifun gesta er mest án skaðlegs álags.

Fjölbreyttar og vel merktar leiðir og skýr afmörkun aksturssvæða, eins og til dæmis bílastæða, draga úr líkum á utanvegaakstri.

Þjóðgarðurinn verður að reiða sig á góða umgengni og ábyrgðartilfinningu gesta í viðleitni sinni við að vernda viðkvæma náttúru. Gera má ráð fyrir því að allur þorri gesta vilji fylgja settum reglum en það gera þeir því aðeins að þeir séu vel upplýstir um reglurnar og forsendur þeirra.

Tryggja skal að samgöngukerfi þjóðgarðsins einkennist af góðu innbyrðis samræmi, sé auðskilið og vel merkt.

Settar verða skýrar reglur um aðgengi og umferð og þeim miðlað á fjölbreyttan og aðgengilegan hátt.

Með skipulegu úrvali leiða og fjölbreyttri framsetningu og kynningu verður reynt að höfða til ferðafólks með ólíkar þarfir og áhugamál. Leiðirnar hvetji til heilnæmrar útiveru og bæti þannig lýðheilsu.

Opnir vegir hálendisins og gönguleiðir verða flokkaðar eftir erfiðleikastigi. Leiðbeiningum byggðum á reglum og erfiðleikaflokkun verður miðlað á fjölbreyttan og aðgengilegan hátt.

Að fötluðum sé tryggt aðgengi að ákveðnum svæðum þjóðgarðsins

Það er markmið þjóðgarðsins að tryggja aðgengi fyrir alla að öllum helstu svæðum og þjónustu sem ætluð er almenningi innan þjóðgarðsins.

Að því verður unnið með því að:

- *tryggja aðgengi mismunandi hópa fatlaðra, s.s. hreyfihamlaðra, blindra, sjónskertra og heyrnarlausra*
- *tryggja aðgengi allra að helstu náttúruperlum innan þjóðgarðsins, til dæmis með gerð aðgengilegra göngustíga þar sem því verður við komið*

- *þjóða fötluðum afnot af tækjum sem nýtast til að komast um þjóðgarðinn á stöðum þar sem fullt aðgengi næst ekki, til dæmis vegna aðstæðna í landslagi*
- *setja upplýsingar um aðgengi og aðra þjónustu þjóðgarðsins fram með viðurkenndum og samræmdum hætti, þannig að aðgengilegt sé öllum hópum fatlaðra. Um umhverfisstarf og öryggi*

Að mótuð verði öryggisáætlun sem tiltekur ábyrgð, viðbrögð og kynningu

Ábyrgð þjóðgarðsyfirvalda, starfsmanna þjóðgarðsins og þjónustuaðila á öryggi gesta fer eftir því sem lög mæla fyrir um. Ábyrgð getur snúið að mörgum þáttum, s.s. akstri á vegum innan þjóðgarðsins, öryggi á gönguleiðum, öryggi mannvirkja, náttúruvá, hæfni leiðsögumanna við erfiðar aðstæður, upplýsingagjöf og tilkynningaskyldu.

Unnin verður öryggisáætlun í samræmi við lög og reglur þar sem tekið verður á nefndum þáttum. Reglur og leiðbeiningar, sem öryggisáætlun tilgreinir, skulu vera aðgengilegar og vel kynntar fyrir gestum þjóðgarðsins.

7.2.2 Um rannsóknir og þekkingu

Að marka stefnu um þátt þjóðgarðsins í rannsóknum og vöktun

Rannsóknir liðinna ára og þekkingararfleifð heimamanna mynda mikilvægan grunn fyrir fræðslu og miðlun. Margt er þó enn ókannað því að náttúra og menning þjóðgarðsins er óþrjótandi rannsóknarefni.

Þjóðgarðsyfirvöld vilja stuðla að auknum rannsóknum innan svæðisins og aðstoða rannsóknaraðila eftir því sem kostur er.

Brýnt er að þjóðgarðsyfirvöld hafi yfirsýn yfir þær rannsóknir sem unnar eru og hafa verið unnar í þjóðgarðinum og að þau marki sér stefnu um áherslur og aðkomu þjóðgarðsins.

Mörkuð verður stefna um með hvaða hætti þjóðgarðurinn á að hafa yfirsýn yfir og áhrif á viðfangsefni rannsókna og vöktunar.

Að tryggja gott samstarf og tengsl við skóla, íbúa nærsvæða og vísindasamfélagið

Þjóðgarðurinn vill taka vel á móti skólafólki, íbúum nærsvæða, vísindamönnum og öðrum sem vilja nýta hann sem vettvang fræðslu, þekkingarleitar og þekkingarmiðlunar. Þjóðgarðurinn vill einnig eiga frumkvæði að slíku samstarfi.

Þjóðgarðurinn leitast við að tryggja að fyrir hendi sé aðstaða, gögn, áætlanir og verkferli sem auðvelda störf vísinda- og fræðimanna í þjóðgarðinum og stuðla að góðum samskiptum við þá. Enn

fremur verður leitast við að tryggja jákvæða upplifun skólafólks og annarra sem leita sér þekkingar og fræðslu í þjóðgarðinum.

7.2.3 Um fræðslu og miðlun upplýsinga

Að auka gildi fjölbreytts landslags, mikilvægra jarðmyndana og lífríkis til útivistar og fræðslu

Náttúra þjóðgarðsins hefur margvísleg áhrif á gesti sem þangað koma. Með því að þekkja slík áhrif má finna fjölbreyttari leiðir til að styrkja upplifunina í bland við fræðslu og afþreyingu.

Þjóðgarðurinn mun leitast við að hvetja gesti til útivistar í hinu síkvika umhverfi þjóðgarðsins og efla fræðslu um það.

Metin verða og greind þau áhrif sem náttúra þjóðgarðsins hefur á gesti.

Að varðveita og miðla sögu, frásögnum, þjóðtrú og hefðum sem tengjast náttúru, menningarminjum og mannvist

Saga, þjóðtrú og hefðir sem tengjast náttúru, mikilvægum menningarminjum og mannvist í þjóðgarðinum eru hluti af auðlindum hans. Mikilvægt er að tengslin við fortíðina rofni ekki heldur styrkist. Miðlun sögu og menningar, einnig nútíma-menningar, er nauðsynlegur hluti af fræðslu og upplifun í þjóðgarðinum.

Vatnajökulspjóðgarður mun hvetja til rannsókna og skráningar á sögu og sögnum sem tengjast sérstöðu þjóðgarðsins, mannlífi og náttúru. Sérstaklega verður leitast við að styrkja tengsl við heimamenn og aðra fróða einstaklinga og framlag þeirra til viðfangsefnisins. Efninu verði miðlað á fjölbreyttan og aðgengilegan hátt.

Að tryggja markvissa miðlun upplýsinga, vandaða fræðslu og náttúrutúlkun

Upplýsingagjöf og fræðsla er mikilvægt stjórnþæki sem beita þarf með markvissum hætti. Starfsfólk þarf að hafa haldgóða menntun og þjálfun á þessu sviði. Þekking og gögn þurfa að vera aðgengileg þeim sem þau eiga að gagnast.

Þjóðgarðurinn mun leitast við að tryggja að á helstu viðkomustöðum standi gestum til boða vönduð fræðsla og náttúrutúlkun.

Stutt verður við menntun og þjálfun starfsfólks í þessu skyni.

Tækni og fjölbreyttir miðlar verða nýttir til að gestir geti kynnst þjóðgarðinum úr fjarlægð, til dæmis með aðstoð útgáfu og vefmiðlunar, einkum á vef þjóðgarðsins.

Þjóðgarðurinn mun láta vinna markaðs- og kynningarefni í því skyni.

Gerð verður fræðsluáætlun þar sem stefna og áherslur, sem byggjast á markmiðum þjóðgarðsins, verða mótaðar.

Að upplýsa gesti um umhverfisstarf þjóðgarðsins og hvetja til þátttöku í því

Ánægja og jákvæð upplifun gesta og annarra sem dveljast í þjóðgarðinum ræðst meðal annars af því hvernig til tekst með umhverfisstarf í þjóðgarðinum. Umgengni, öryggi og þjónusta eru þættir sem sérstaklega er horft til. Þátttaka gesta og samstaða um að gera góðan þjóðgarð enn betri er forsenda þess að árangur náist og upplifun verði jákvæð.

Upplýsingar um umhverfisstarf þjóðgarðsins og hvatning til gesta um þátttöku í því verða sett fram með samræmdum og áberandi hætti á öllum helstu viðkomustöðum gesta í þjóðgarðinum.

Að útbúa og kynna leiðbeiningar og reglur um veiðar, berja-, grasa-, eggja-, fléttu- og sveppatínslu

Gott samstarf, skýrar reglur og skilvirk miðlun á þeim er forsenda þess að veiðar og jurta- og fræsöfnun geti átt sér stað í sátt við umhverfi og náttúru, þeim sem þær stunda til ánægju og lífsfyllingar.

Þjóðgarðurinn mun setja og kynna skýrar reglur um veiðar, berja-, grasa-, eggja-, fléttu- og sveppatínslu að höfðu samráði við hagsmunaaðila, rétthafa og landeigendur á svæðinu.

7.3 Að skapa ...

Stjórn Vatnajökulspjóðgarðs leitast við, með stefnu sinni, ákvörðunum og í framkvæmd, að ýta undir að gæði og sérstaða þjóðgarðsins sé nýtt til frekari eflingar atvinnu og búsetu á svæðinu, til nýsköpunar í atvinnulífi, til listsköpunar og miðlunar á menningu svæðisins.

Sú grunnhugsun að þjóðgarðurinn þjóni ekki aðeins náttúruvernd heldur einnig vexti og viðgangi samfélagsins á áhrifasvæði hans er í góðu samræmi við nútímalegar áherslur í mótun þjóðgarða. Vatnajökulspjóðgarður er því eðlilega og óhjákvæmilega samstarfsverkefni stjórnslu, íbúa og fyrirtækja. Allir þessir aðilar þurfa að ná sátt um sameiginlegar áherslur og skuldbinda sig til að fylgja þeim en njóta í staðinn þess aukna afraksturs sem fæst þegar allir leggjast á eitt.

Í því skyni eru sett eftirfarandi starfsmarkmið:

7.3.1 Um nýtingu lands og auðlinda

Að stuðla að sjálfbærri nýtingu land- og náttúrugæða

Land- og náttúrugæði þjóðgarðsins eru forsenda margs konar skapandi nýtingar, til dæmis í hefðbundnum landbúnaði, veiðum og ferðaþjónustu.

Þjóðgarðurinn beitir sér fyrir því að öll hagnýting landgæða sé með sjálfbærum hætti og það verði undirstrikað til dæmis með starfsreglum, leiðbeiningum og fræðslu. Þjóðgarðurinn mun fylgjast með áhrifum landnotkunar á jarðminjar og lífríki.

7.3.2 Um atvinnu, þróun og samstarf

Að skilgreina samstarfsaðila og vinna markvisst með þeim

Þjóðgarðurinn á mikið undir því að góður skilningur ríki á ólíkum hagsmunum og að samstarf við hagsmunaaðila sé gott. Slíkt samstarf er hvetjandi og leiðir oftast en ekki til nýrra hugmynda og verkefna.

Náið samstarf við þjóðgarða annarra landa getur sömuleiðis verið mjög gagnlegt og skapandi.

Greining samstarfsaðila, innlendra og erlendra, í upphafi og markvisst samstarf við þá er lykillinn að árangri.

Þjóðgarðurinn mun vinna hagsmunaaðilagreiningu og skilgreina samstarfsaðila sína úr hópi þeirra. Unnin verður áætlun um markvisst samráð og samstarf við þessa aðila.

Metið verði með hvaða hætti heppilegt sé að byggja upp alþjóðlegt samstarf þjóðgarðsins.

Að efna til samvinnu við samfélög á nærsvæðum

Íbúar nærsvæða og fleiri einstaklingar og aðilar búa yfir mikilli þekkingu á gæðum og sérstöðu þjóðgarðsins.

Þjóðgarðurinn vill efla og nýta þessa þekkingarauðlind í þágu náttúruverndar, sjálfbærrar atvinnustarfsemi og listsköpunar.

Vatnajökulsþjóðgarður mun móta atvinnustefnu sem miðar að því að virkja frumkvæði áhugasamra heimamanna og annarra og skapa aðstöðu sem styður við þessi markmið. Í atvinnustefnu komi meðal annars fram að hvaða marki megja nýta auðlindir þjóðgarðsins í atvinnuskyni.

Þjóðgarðurinn mun leita eftir samstarfi við heimamenn um þátttöku í reglulegri starfsemi þjóðgarðsins, til dæmis varðandi landvörslu, enda sé tryggt að viðkomandi uppfylli skilyrði sem sett eru um slíkt samstarf.

Að setja skýr viðmið um gæði og samstarf við þjónustuaðila og rekstraraðila

Þar sem vel hefur tekist til í starfsemi þjóðgarða hefur uppbygging þeirra eftir byggð og atvinnulíf í þjóðgörðum og á áhrifasvæðum þeirra. Áherslur þjóðgarða geta leitt til þess að fyrirtæki og starfsemi sem fyrir er á svæðinu, sem og ný fyrirtæki, sjá ávinning af staðsetningu og starfsemi innan þjóðgarðs og af frekari tengslum við hann. Sums staðar hafa verið útbúin sérstök vörumerki fyrir framleiðendur eða þjónustuaðila á svæðunum sem nota má til markaðssetningar að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Þannig má styrkja byggð á verndar- og áhrifasvæðum án þess að nokkuð sé slakað á kröfum um náttúruvernd.

Mótaðar verða reglur og viðmið um gæði þjónustu, framleiðslu eða annarrar starfsemi sem fram fer í þjóðgarðinum og atvinnufyrirtæki skulu uppfylla. Leikreglurnar séu skýrar og feli í sér hvatningu fyrir ábyrg fyrirtæki að ganga til samstarfs við þjóðgarðinn.

Samstarfsaðilar þjóðgarðsins, sem uppfylla reglur og kröfur þjóðgarðsins, s.s. um gæði og sjálfbærni, fái formgerða staðfestingu á því. Samstarfsaðilar yrðu jafnframt kynntir á vef þjóðgarðsins.

Hluti af staðfestingunni gæti falist í leyfi til að nota vörumerki eða einkennismerki (logo) þjóðgarðsins á verk og vörur sem framleiddar eru í þjóðgarðinum og þjónustu sem þar er veitt. Mörkuð verði stefna um bæði einkennismerki og vörumerki þjóðgarðsins og notkun þeirra.

Að stuðla að sjálfbærri ferðaþjónustu innan þjóðgarðsins og í jaðarbyggðum hans

Þjóðgarðurinn vill, í samstarfi við ferðaþjónustuaðila og heimamenn, stuðla að uppbyggingu alþjóðlega vottaðrar ferðaþjónustu sem er sjálfbær og endurspeglar virðingu fyrir þeirri náttúru og þeim menningararfi sem þjóðgarðinum er falið að varðveita. Alþjóðleg vottun getur sömuleiðis skapað ferðaþjónustu á svæðinu nokkra sérstöðu og jafnvel umtalsvert samkeppnisforskot.

Unnið verði að því að þjóðgarðurinn fái alþjóðlegu vottunina European Charter for Sustainable Tourism in Protected Areas (ECST).

Að stuðla að fræðandi ferðamennsku, með áherslu á náttúruskoðun

Landslag, jarðfræði og fjölbreyttar jarðmyndanir eru helsta aðráttarafl þjóðgarðsins en þar finnast einnig einstakar gróðurvinjar, jarðhitasamfélög og dýrastofnar. Þessi náttúra er uppspretta tækifæra, meðal annars fyrir ferðaþjónustu í grannbyggðum þjóðgarðsins.

Lögð verður áhersla á fræðandi ferðamennsku þar sem gert er út á náttúruskoðun.

Starfsmarkmiðin verða útfærð nánar í aðgerðaáætlun þar sem einstök verkefni verða útlistuð, hvernig þau skuli framkvæmd og hver skuli annast framkvæmd þeirra.

8 Mat á verndargildi

Mat á verndargildi svæða í þjóðgarðinum er ein af grundvallar forsendum við ákvarðanir sem tengjast landnotkun, svæðisskiptingu, s.s. flokkun svæða í verndarflokka, og skipulagi. Við mat á verndargildi tiltekinna svæða er einkum horft til náttúru- og menningarminja og hvort svæði fellur undir skilgreiningu um ósnortin víðerni.

Leiðarljós, framtíðarsýn, markmið, landnotkunarskilmálar og einstakar verndaraðgerðir byggjast á þessum stöðum. Í starfsmarkmiðum undir meginmarkmiðinu um að vernda, viðhalda og þróa eru tíunduð viðfangsefni sem þjóðgarðurinn mun vinna að á komandi árum, sem munu styrkja enn frekar forsendur og greiningu fyrir ákvörðunartöku í framtíðinni. Þar má meðal annars nefna starfsmarkmið sem tengjast landslagi, jarðmyndunum og jarðfræðiminjum, líffræðilegri fjölbreytni, vistkerfum, tegundum og menningarminjum.

Forsendum við mat á verndargildi náttúru og menningarminja er nánar lýst hér fyrir neðan ásamt skilgreiningu þjóðgarðsins á víðernum. Reiknað er með að við heildarendurskoðun stjórnunar- og verndaráætlunar verði mat á verndargildi yfirfarið og endurskoðað eftir því sem þörf er talin á með tilliti til nýrra gagna, s.s. í tengslum við tilnefningu og samþykkt á heimsminjaskrá. Einnig með tilliti til vistgerðaflokkunar Náttúrufræðistofnunar Íslands og fleiri nýlegum gögnum Náttúrufræðistofnunar Íslands⁴, sem og breytinga sem hafa orðið á lögum um náttúruvernd frá gerð upphaflegrar stjórnunar- og verndaráætlunar. Mat á verndargildi þjóðgarðsins stendur því í þessari 3. útgáfu stjórnunar- og verndaráætlunar óbreytt frá upphaflegri útgáfu en í köflum 8.1 og 8.2 eru tilgreindar helstu breytingar sem hafa orðið á lögum og reglugerðum sem mat á verndargildi tók m.a. mið af.

8.1 Mat á verndargildi náttúrunnar

Við mat á verndargildi náttúru þjóðgarðsins er tekið mið af margvíslegri þekkingu sem fyrir liggur en einnig farið yfir þær forsendur sem lúta að verndun náttúrunnar og kveðið er á um í lögum og alþjóðasamningum. Meðal annars er byggt á:

- Aðferð við mat á verndargildi náttúruminja eins og hún var kynnt í náttúruverndaráætlun 2004-2008. Sú aðferðafræði grundvallast á íslenskri lagaumgjörð um náttúruvernd, skuldbindingum Íslands á alþjóðavettvangi, alþjóðlega viðurkenndum stöðlum og verndarviðmiðum svo og stefnumörkun íslenskra stjórnvalda. Þar er tekið tilliti til:
 - fágættra, fjölbreyttra, samfelldra, heildstæðra og óraskaðra náttúruminja.
 - sjaldgæfra tegunda, tegunda í útrýmingarhættu og sérlega tegundaríkra svæða.

⁴ Þar má nefna eftirfarandi: Kortlagning og flokkun mikilvægra fuglasvæða, válisti æðplantna frá 2018, válisti fugla frá 2018, fyrsti válisti spendýra frá 2018, kortlagning selalátra við Ísland, kortlagning náttúruminja sem falla undir ákvæði um sérstaka verndun sbr. 61. grein laga nr. 60/2013 um náttúruvernd og tilnefningar Náttúrufræðistofnunar að framkvæmdaáætlun (B-hluta) náttúruminjaskrár.

- viðhalds sterkra stofna og viðhald náttúrulegra þróunarferla.
 - svæða sem eru viðkvæm fyrir röskun.
 - alþjóðlegs náttúruverndargildis svæða og hvort Íslendingar beri sérstaka alþjóðlega ábyrgð með tilliti til þeirra alþjóðlegu samninga sem þeir eru aðilar að.
 - vísindalegs, félagslegs, efnahagslegs og menningarlegs gildis svæða.
 - einkenna svæða með tilliti til náttúrufars viðkomandi landshluta.
 - sjónræns gildis svæða.
- Válista plantna og fugla, þar með talinni þeirri endurskoðun á válista plantna sem lögð er til í tillögum að náttúruverndaráætlun 2009-2013.
 - Reglugerð nr. 583/2000, um innflutning, ræktun og dreifingu útlendra plöntutegunda.
 - 37. gr. náttúruverndarlaga nr. 44/1999, sjá mynd 8.1 með yfirliti um svæði sem falla undir 37. gr. [Í núgildandi lögum um náttúruvernd nr. 60/2013 er 61. gr. um sérstaka vernd tiltekinna vistkerfa og jarðminja samsvarandi lagagrein. Í henni eru tilgreindar fleiri gerðir vistkerfi/jarðminja en í fyrri lögum]. Eftirtaldar jarðmyndanir og vistkerfi njóta sérstakrar verndar og skal forðast röskun þeirra eins og kostur er:
 - Eldvörp, gervigígar og eldhraun.
 - Stöðuvötn og tjarnir, 1.000 m² að stærð eða stærri.
 - Mýrar og flóar, 3 hektarar að stærð eða stærri.
 - Fossar.
 - Sjávarfitjar og leirur.
 - Hverir og aðrar heitar uppsprettur, svo og hrúður og hrúðurbreiður, 100 m² að stærð eða stærri.
 - Sjávarfitjar og leirur.
 - 44. gr. grein náttúruverndarlaga nr. 44/1999, sem fjallar um markmið laganna. [Í gildandi lögum nr. 60/2013 eru markmið laganna sett fram í 1. gr., verndarmarkmið fyrir vistgerðir, vistkerfi og tegundir í 2. gr. og verndarmarkmið fyrir jarðminjar, vatnasvæði, landslag og víðerni í 3. gr.]
 - 66. gr. náttúruverndarlaga nr. 44/1999, sem fjallar um leiðarljós við mat á verndargildi.
 - Náttúruverndargildi á virkjunarsvæðum norðan jökla sem kynnt er í skýrslu Náttúrufræðistofnunar Íslands frá 2000.
 - Verndargildi vistgerða á hálendinu sem kynnt er í skýrslu Náttúrufræðistofnunar Íslands frá 2009 um vistgerðir á hálendinu.
 - Mat á verndargildi 18 háhitasvæða sem kynnt er í samnefndri skýrslu Náttúrufræðistofnunar Íslands frá 2009.


- Verndun jarðminja á Íslandi skv. skýrslu Náttúrufræðistofnunar Íslands frá 2002.
- Auglýsingu í Stjórnartíðindum B nr. 120/1974, um friðlýsingu dropsteina.
- 3. gr. náttúruverndarlaga nr. 44/1999, um ósnortin víðerni, þar sem meðal annars er kveðið á um skilgreiningu ósnortinna víðerna og umferð um þau. Nánar er vísað til leiðbeininga starfshóps umhverfissráðuneytisins „Ósnortin víðerni - niðurstaða starfshóps" frá 1998, um landnotkun og þróun hennar á ósnortnum víðernum. [Í 5. gr. gildandi laga um náttúruvernd nr. 60/2013 eru óbyggð víðerni skilgreind sem svæði í óbyggðum sem er að jafnaði a.m.k. 25 km² að stærð eða þannig að hægt sé að njóta þar einveru og náttúrunnar án truflunar af mannvirkjum eða umferð vélknúinna farartækja og að jafnaði] í a.m.k. 5 km fjarlægð frá mannvirkjum og öðrum tæknilegum ummerkjum, svo sem raflínum, orkuverum, miðlunarlónum og uppbyggðum vegum.]

Einnig þarf að kanna hvort svæðið:

- Hýsi ábyrgðartegundir, þ.e. fuglategundir sem Íslendingar bera alþjóðlega ábyrgð á.

Það eru tegundir þar sem 30% eða meira af varpstofni verpir á Íslandi.

- Hýsi tegundir sem tilgreindar eru í Bernarsamningnum.
- Hafi aðrar náttúruminjar með skilgreint sérstakt gildi eða svæðið hafi sérstaklega verið nefnt sem verndarsvæði, til dæmis Ramsarsvæði.
- Sé vatnsverndarsvæði.



Mynd 8.1: Svæði sem falla undir 37. grein náttúruverndarlaga [61. gr. í gildandi lögum um náttúruvernd nr. 60/2013 er samsvarandi lagagrein en tilgreinir fleiri gerðir vistkerfa og jarðminja]

8.2 Mat á verndargildi menningarminja

Við mat á verndargildi menningarminja þjóðgarðsins er fyrst og fremst stuðst við eftirfarandi upplýsingar og forsendur í lögum:

- Fornleifaskráningar einstakra sveitarfélaga þjóðgarðsins. Þar má finna upplýsingar um staðsetningu fornleifa, sérkenni, menningarsögulegt gildi fornleifa fyrir viðkomandi byggðarlag eða landshluta, mikilvægi verndunar einstakra fornleifa og hættumat.
- Skrá Minjastofnunar Íslands um friðlýstar fornleifar.
- Þjóðminjalög nr. 107/2001. Þar var sérstaklega tekið tillit til 9. gr. sem fjallar um hvað telst til fornleifa og 10. gr. sem fjallar um röskun fornleifa. [Lög um menningarminjar nr. 80/2012 hafa tekið við af þjóðminjalögum.]
- Evrópusamning um vernd fornleifaarfsins, London 1969.
- Samning um verndun menningar- og náttúruarfleifðar heimsins, París 1972.

9 Landnotkun

Í þessum kafla um landnotkun er gerð grein fyrir þeim svæðum þar sem gilda sérstök verndarákvæði eða önnur landnotkunarákvæði sem sveitarfélögum ber að taka tillit til í skipulagsáætlunum sínum. Einnig er sett fram stefna og skilmálar varðandi innviði og þjónustu í þjóðgarðinum. Tekið verður á öllum framkvæmdum og mannvirkjum innan þjóðgarðs í aðalskipulagi, deiliskipulagi og með byggingarleyfi og framkvæmdaleyfi, eftir því sem við á, enda séu slíkar framkvæmdir og mannvirki í samræmi við ákvæði þessarar Stjórnunar- og verndaráætlunar og skipulagðar í samráði við og að fengnu samþykki Vatnajökulspjóðgarðs.

Sjá nánar í kafla 2.4 um tengsl við skipulag og leyfisveitingar.

Í samræmi við skipulagsreglugerð nr. 90/2013, er gert ráð fyrir að unnið verði deiliskipulag fyrir allar framkvæmdir innan þjóðgarðs. Mælikvarði deiliskipulagsuppdráttar getur verið breytilegur eftir því hvers eðlis framkvæmdirnar eru. Þannig má vænta grófs mælikvarða þar sem deiliskipulag fjallar um stíganet og áningarstaði en nákvæmari mælikvarða fyrir þau svæði þar sem byggingar eru ráðgerðar.

Við allar framkvæmdir þarf að hafa samráð við fagstofnanir eftir því sem við á, til dæmis varðandi verndun náttúru og menningarminja.

Ákvæði um landnotkun byggjast meðal annars á mati á verndargildi sem fjallað er um í 8. kafla.

Þjóðgarðurinn gefur út skýringaruppdrátt þar sem fram koma þau svæði og staðir sem ákvæði um landnotkun gilda um en hann er ekki hluti staðfestrar Stjórnunar- og verndaráætlunar.

Skýringaruppdráttur sýnir helstu þætti landnotkunar.

9.1 Verndarsvæði

9.1.1 Dreifð verndarsvæði

Eftirtalin svæði eru dreifð um þjóðgarðinn og gilda sömu markmið og skilmálar alls staðar þar sem tilgreindar forsendur eru fyrir hendi:

Jaðrar skriðjökla

Forsendur:

Við jaðra skriðjökla má finna margvíslegar jökulminjar sem vitna um rof og setframburð jökla og jökulvatna og hop og framrás jökla vegna loftslagsbreytinga eða framhlaupa. Meðal slíkra minja eru jökulgarðar, jökulsandar, jökulker, malarásar, hvalbökk, jökulrákir og jökulgarðar.

Nokkrir skriðjökla og jaðarsvæði þeirra eru alveg eða að miklu leyti innan Vatnajökulsþjóðgarðs.

Jökulminjar við jaðra skriðjökla eru sérstaklega viðkvæmar fyrir röskun vegna þess að jarðlög eru laus í sér og í þeim er oft ís og aurbleyta.

Við Rjúpnabrekkujökul eru einstakir jökulgarðar, e.t.v. með jökulís, og framhlaup Brúarjökuls eru þau mestu sem þekkt eru við nútímajökla í heiminum.

Markmið:

Að vernda jökulminjar sem vitna um rof og setframburð jökla, hop þeirra og framrás og framrennsli jökulvatns, svo sem hvalbök, jökulrákir, malarása, jökulgarða, jökulsanda, jökulker, forna farvegi jökulánna og strandlínur í jökullónum.

Skilmálar:

Óheimilt er að valda skemmdum á viðkvæmum jökulminjum og spilla ásýnd við jaðra skriðjökla, til dæmis við lagningu vega, göngustíga og annarra mannvirkja.

Aðeins er gert ráð fyrir akstri upp á jökul að sumarlagi á eftirtöldum stöðum eftir leiðum sem kunna að vera breytilegar eftir aðstæðum:

- Frá Svarthöfða upp á Köldukvíslarjökul
- Í Jökulheimum upp á Tungnaárjökul
- Frá Gæsavötnum á Dyngjujökul
- Vestan Kistufells af Gæsavatnaleið upp á Dyngjujökul
- Frá Háöldu innan Snæfells upp á Brúarjökul
- Frá Jöklaseli upp á Skálafellsjökul
- Á Breiðamerkursandi upp á Breiðamerkurjökul að Mávabyggðarönd austan við Breiðárlón

Jökulsker

Forsendur:

Innan Vatnajökuls eru jökulsker á nokkrum stöðum og þeirra stærst eru Esjufjöll. Jökulsker, sem eru nýlega komin undan jökli og eru þar með nýtt land, eru áhugavert rannsóknarefni, til dæmis vegna rannsókna á landnámi gróðurs, smádyra- og fuglalífs. Skerin eru viðkvæm fyrir röskun og ágangi. Áhugavert er að velja jökulsker sem eru nýkomin undan jökli eða jafnvel enn ókomin til sérstakrar verndar og hafa því ekki orðið fyrir áhrifum manna, til dæmis þau sem eru óaðgengileg og því ekki til þess fallin að verða eftirsóttur áfangastaður ferðamanna.

Vöttur er jökulsker í Skeiðarárjökli sem nýlega er komið undan jökli og eru settar hér sérstakar takmarkanir á umferð um hann í þeim tilgangi sem fyrr greinir.

Esjufjöll, Mávabyggðir, Kárasker og Bræðrasker voru friðlýst áður en þau urðu hluti af Vatnajökulspjóðgarði. Skerin eru ekki fjölsótt enda aðgengi að þeim fremur erfitt. Í Esjufjöllum er einn skáli og salernishús á vegum Jöklarannsóknafélag Íslands sem er fyrst og fremst ætlaður fyrir vísindastarfsemi.

Afmörkun Esjufjalla kemur fram í reglugerð.

Markmið:

Jökulsker verði fyrst og fremst vettvangur rannsókna á framvindu lífríkis án áhrifa mannsins.

Skilmálar:

Allt jarðrask og aðrar breytingar á landi eru óheimilar.

Óheimilt er að skaða eða trufla dýralíf, skerða eða skemma gróður, breyta gróðurfari t.d. með sáningum eða plöntun eða spilla vatni.

Umferð vélknúinna ökutækja er bönnuð á jökulskerjum en heimil á jöklinum umhverfis.

Fólki er heimil för um jökulsker nema annað sé tekið fram en skylt að ganga þannig um að hvergi sé spilt lífi né landi.

Umferð um jökulskerið Vött er óheimil nema vegna vísindarannsókna og þá með leyfi þjóðgarðsyfirvalda.

Gisting er almennt óheimil á jökulskerjum en heimil á jöklinum umhverfis.

Í Esjufjöllum er gert ráð fyrir einum skála og salernishúsi í Skálabjörgum, undir Lyngbrekkutindi, fyrir vísindastarfsemi Jöklarannsóknafélagsins en engum öðrum mannvirkjum.

Jöklarannsóknafélaginu er heimilt að leigja ferðafólki gistirými í skálanum.

Tjöldun í Esjufjöllum er heimil á gróðurlausu landi í næsta nágrenni við skála Jöklarannsóknafélagsins nema þjóðgarðsvörður tilgreini í auglýsingu annað svæði með hnitsetningu. Ferðafólk afli upplýsinga um svæðið hjá þjóðgarðsverði suðursvæðis og hlífi gróðri.

Stjórn þjóðgarðsins er heimilt að takmarka umferð um tiltekin jökulsker vegna vísindarannsókna.

Hraunhellar

Forsendur:

Ekki er um eiginlegt svæði að ræða heldur einstaka hraunhella, til dæmis í Ódáðahrauni, með viðkvæmum myndunum, eins og dropsteinum, dropstráum o.fl. sem friðlýstar eru með auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda nr. 120/1974. Hnit flestra hella eru aðgengileg og því nauðsynlegt að huga að verndun þeirra viðkvæmustu.

Markmið:

Að tryggja varðveislu sérstæðra, í sumum tilvikum nánast einstæðra og afar viðkvæmra hraunmyndana, eins og dropsteina, dropstráa o.fl.

Skilmálar:

Viðkvæmir hraunhellar eru lokaðir almenningi og umferð um þá er háð leyfi þjóðgarðsvarðar og umgengnisreglum sem þjóðgarðurinn setur.

Gervígígar

Forsendur:

Gervígígar myndast þegar hraun rennur út í grunnt vatn eða yfir votlendi. Vatnið undir hraunhellunni sýður og þegar gufuþrýstingur er orðinn hærri en sem nemur styrk hraunlagsins brýst gufan upp í gegnum hraunið með miklum sprengingum og gervígígos hefst. Gervígígar eru ekki í neinu frábrugðnir öðrum gígum í útliti ef þeir ná að gjósa nokkrum sinnum.

Gervígígar hafa ekki aðfærsluæðar (rætur) og standa í þyrpingum en ekki í línu sem fylgir gossprungum líkt og eldgígar.

Gervígígar njóta sérstakrar verndar samkvæmt 37 gr. náttúruverndarlaga. Þeir finnast óvída utan Íslands.

Á vestursvæði Vatnajökulspjóðgarðs eru nokkur gervígígasvæði í Skaftáreldahrauni; norðan Blængs (Sappar), norðaustan Skerhóls, við Stakfell, milli Grjótár og Skaftár og við Hrossatungur (rétt utan þjóðgarðs).

Markmið:

Að tryggja varðveislu sérstæðra jarðmyndana.

Skilmálar:

För um svæðið er aðeins heimil gangandi fólki á merktum leiðum. Vetrarakstur er óheimill í og

við gervígagabyrpingar.

Svæði þar sem framandi tegundir breiðast út

Forsendur:

Á nokkrum stöðum innan Vatnajökulspjóðgarðs vaxa framandi tegundir eins og Alaskalúpína, Alaskaösp og nokkrar tegundir víðis og barrviðar. Komið hefur í ljós að sumar þessara tegunda eru einnig ágengar og hætta á að þær spilli náttúrulegu gróðurfari og/eða gróðurframvindu.

Alaskalúpína er dæmi um slíka tegund. Þar sem hún vex innan garðsins virðist hún breiðast hratt út, til dæmis má nefna að frá árinu 1982 til 2000 stækkaði í Skaftafelli úr 0,5 ha í 32 ha (Þórunn Pétursdóttir, 2003). Á liðnum tveimur áratugum hefur lúpínan breiðst enn frekar út. Brýnt er að ná tókum á útbreiðslu lúpínunnar og annarra þeirra tegunda sem geta raskað náttúrulegri gróðurframvindu og líffræðilegri fjölbreytni innan garðsins og eyða þeim úr flórunni ef þess gefst nokkur kostur.

Markmið:

Að vernda náttúrulegt gróðurfar og líffræðilega fjölbreytni innan Vatnajökulspjóðgarðs.

Skilmálar:

Framandi tegundum, sem taldar eru geta spillt náttúrulegu gróðurfari og/eða líffræðilegri fjölbreytni, skal haldið í skefjum og eytt úr flórunni sé þess nokkur kostur.

Vaxtarstaðir og útbreiðsla framandi tegunda innan þjóðgarðsins skal kortlögð og á grunni þeirrar vinnu skal setja fram markmið um hvaða tegundum skuli eytt og hverjum skuli haldið í skefjum. Í framhaldi skal vinna svæðisbundnar aðgerðaáætlanir sem kveða nánar á um hvaða aðgerða skuli grípa til innan hvers svæðis.

Burðarsvæði hreindýra

Forsendur:

Mikilvægt er að hreinkýr hafi næði meðan á burði stendur en truflun og umferð getur aukið kálfadauða. Hreinkýr hafa borið vítt og breitt á Snæfellsöræfum á austursvæði og á suðursvæði þjóðgarðsins. Ekki er auðvelt að benda á ákveðin burðarsvæði heldur ræðst staðsetning slíkra svæða töluvert af árferði. Oftast eru burðarsvæði varin fyrir átroðningi vegna þess hversu snemma hreinkýrnar bera en þegar vel árar getur einhver umferð verið um svæðin á burðartíma. Truflun getur verið umferð loftfara í lágri flughæð á burðartíma.

Markmið:

Hreinkýr geti valið heppilegan stað til að bera og verði ekki fyrir truflun af mannavöldum um

burðartímann.

Skilmálar:

Umferð á landi skal beint frá burðarsvæði á burðartíma hreinkúa frá 1. maí til 10. júní.

Tilmæli um takmörkun flugs undir 1000ft á burðartíma skulu útfærð í samráði við flugmálayfirvöld og Náttúrustofu viðkomandi svæðis, skv. nánari útfærslu í Flugmálahandbók (að teknu tilliti til aðflugs á viðurkenndum flugvöllum sbr. kafla 9.3.7).

Drónaflug er ekki leyft á burðartíma.

Varplönd og fellisvæði heiðagæsar

Forsendur:

Heiðagæs er ábyrgðartegund og hluti stofnsins verpir meðal annars innan þjóðgarðs á Snæfellsöræfum, í gróðurvinjum og á lindasvæðum. Mikilvæg fellisvæði eru meðal annars á Eyjabökkum. Truflun getur verið af lágflugi flugvéla og dróna á varp- og fellitíma.

Markmið:

Varp heiðagæsar og fuglar í sárum austan Snæfells verði ekki fyrir truflun af mannavöldum.

Skilmálar:

Þjóðgarðsverði er heimilt að takmarka hvers kyns umferð um helstu varplönd og fellisvæði heiðagæsa.

Tilmæli um takmörkun flugs undir 1000ft yfir varp og fellisvæðum skulu útfærð í samráði við flugmálayfirvöld og Náttúrustofu viðkomandi svæðis, skv. nánari útfærslu í Flugmálahandbók (að teknu tilliti til aðflugs á viðurkenndum flugvöllum s.b.r. kafla 9.3.7).

Drónaflug er ekki á leyft á varp- og fellitíma gæsa.

Lindasvæði og tjarnir

Forsendur:

Viðkvæm gróðurlendi við uppsprettur norðan Vatnajökuls eru nokkur, s. s. Herðubreiðarlindir og Grafarlönd, Svartá og Svartárbotnar, Gæsavötn, Suðurárbotnar, Hvannalindir, Kreppulindir, Kreppuhagar eystri og vestari og einstaka lindir á vesturjaðri þjóðgarðs. Þar er víða samfelldur gróður og tegundafjölbreytni gróðurs meiri en á öðrum svæðum hálendisins. Gróðurvinjarnar eru margar hverjar vinsælir áfangastaðir ferðamanna og því getur álag verið nokkuð á gróður svæðanna. Svæðin eru mikilvæg búsvæði heiðagæsa og annarra tegunda og eru hæstu gæsavörp

landsins. Heiðagæs er ein þeirra fuglategunda sem Íslendingar bera alþjóðlega ábyrgð á. Umferð á varptíma heiðagæsa getur raskað varpi og eggjataka getur seinkað varpi.

Markmið:

Að vernda viðkvæman hálendisgróður og koma í veg fyrir gróðureyðingu á lindasvæðum við þaðar Ódádahrauns.

Að vernda búsvæði heiðagæsa og annarra lífvera á lindasvæðum.

Skilmálar:

Stýra skal allri umferð um lindasvæðin með stikuðum leiðum, afmörkuðum tjaldsvæðum og skýrum merkingum.

Þjóðgarðsverði er heimilt að loka tjaldsvæðum eða gönguleiðum sem stafar hættu af umferð og álagi.

Nýmyndanir í náttúrunni

Forsendur:

Náttúra Vatnajökulspjóðgarðs er síkvik og breytileg. Ný náttúrufyrirbæri myndast og önnur breyta um svip og eðli. Hér getur verið um að ræða nýmyndanir, til dæmis vegna rofs, bráðnunar jökla og eldsumbrota eða breytingar á lífríki vegna loftslagsbreytinga og breytinga á búsvæðum. Sum fyrirbæri myndast á löngum tíma en önnur skyndilega og í þeim tilvikum er ferli formlegra breytinga á Stjórnunar- og verndaráætlun of seinvirkt til að tryggja vernd viðkomandi fyrirbæris og/eða aðgengi sem kann að verða hamlað. Eðlilegt er að nýmyndanir veki forvitni gesta og að þær geti valdið hættu t.d. fyrir framan nýrunnin hraun, ný jarðhitasvæði eða skriðuföll. Nauðsynlegt er að þjóðgarðurinn geti brugðist hratt við slíkum aðstæðum til þess að vernda viðkomandi náttúrufyrirbæri, koma til móts við áhuga almennings og tryggja öryggi. Einstakar nýmyndanir eða nýmyndunarsvæði eru skilgreind nánar á vef þjóðgarðsins. Þar skulu koma fram almennar upplýsingar um fyrirbærið, hvernig aðgengi að því er háttað og nauðsynlegar öryggisráðstafanir og önnur atriði sem vert þykir að nefna.

Markmið:

Skipulega sé unnið að vernd og eftir atvikum kynningu nýmyndana í þjóðgarðinum og öryggismálum sem tengjast aðgengi að þeim.

Skilmálar:

Gestum er skylt að haga ferðum sínum í samræmi við upplýsingar sem fram koma með merkingum og stikunum á vettvangi og á vef þjóðgarðsins um nýmyndanir og

nýmyndunarsvæði. Þjóðgarðsvörður móti nauðsynleg ákvæði í samráði við svæðisráð, sérfræðinga, stofnanir, embættismenn og hagsmunaaðila eftir því sem tilefni er til. Lýsing og ákvæði um nýmyndunarsvæði skulu felld inn í Stjórnunar- og verndaráætlun við fyrsta tækifæri enda sé þá nýmyndunarferlið á enda runnið (í þeim tilfellum sem slíkt á við).

9.1.2 Innan norðursvæðis

Askja

Forsendur:

Í Öskjakerfinu er megineldstöðin Dyngjufjöll með sigdældinni Öskju og a.m.k. tveimur öðrum öskjusigum, annað þeirra er sjálft Öskjuvatn. Í Öskju er háhitasvæði og í skýrslu Náttúrufræðistofnunar Íslands um mat á verndargildi háhitasvæða er lagt til að svæðið við Öskju fái hámarksvernd en þar segir um svæðið: „Formhrein megineldstöð með stórri öskju. Lítil askja og Öskjuvatn mynduðust í stórgosi 1875. Ljósar vikurbreiður frá gosinu lita landið sem annars er grásvart og brúnt. Í gosinu myndaðist meðal annars flikrubergr sem er fágætt á landsvísu“. Sumarið 2014 varð berghlaup úr bergbrún öskjunnar ofan Suðurbotna í SA-horni Öskju, þegar um 8 milljóna rúmmetra bergfylla féll í Öskjuvatn og olli flóðbylgju. Verndargildi svæðisins er metið hátt með tilliti til jarðfræði, landslags, útivistar, upplýsinga-, vísinda- og efnahagslegs gildis. Askja var áður friðlýst sem náttúruvætti og samkvæmt reglugerð um Vatnajökulsþjóðgarð gilda þar sérstakar reglur. Askja er vinsælasti viðkomustaður ferðamanna á hálendinu norðan Vatnajökuls. Vegna fjölda gesta er mikilvægt að ásýnd svæðisins spillist ekki af litríkum tjöldum ferðamanna og því settar takmarkanir á tjöldun göngufólks.

Afmörkun svæðisins er samkvæmt ákvæðum reglugerðar.

Markmið:

Að vernda og stýra umferð um Öskju og koma í veg fyrir spjöll á jarðmyndunum með hátt verndargildi.

Að svæðið verði sem kyrrlátast.

Skilmálar:

Tjöldun að sumarlagi er óheimil innan 3 km fjarlægðar frá Öskjuvatni og merktum göngu- og ökuleiðum. Tjöldum skal komið þannig fyrir að sem minnst beri á þeim.

Akstur á snævi þakinni og frosinni jörð er óheimill skv. reglugerð um Vatnajökulsþjóðgarð nr. 608/2008, sbr. reglugerð nr. 755/2009, innan svæðis sem þar er afmarkað.

Þjóðgarðsvörður getur lokað einstökum svæðum eða gönguleiðum innan svæðisins ef þörf er á

til að koma í veg fyrir spjöll af völdum umferðar.

Holuhraun 2014

Forsendur:

Í kjölfar skjálftahrinu í Bárðarbungu í lok ágúst 2014 braust út eldgos í Holuhrauni, sem áður hafði gosið í kringum 1800. Eldgosið er með öflugri eldgosum á Íslandi á sögulegum tíma og stóð í sex mánuði og losaði á þeim tíma verulegt magn af gasi. Hraunflæmið er 85 km² að flatarmáli, 16 m þykkt að jafnaði. Gígaröð við vesturjaðar þess er meira en 40 m þykk. Hraunið er verulega úfið og uppbrotið og mjög torvelt yfirferðar. Rennslisleiðir Jökulsár á Fjöllum breyttust með tilkomu hraunflæmisins og er vesturjaðar þess verulega háður vatnafari á Flæðum norðan Dyngjujökuls. Á árunum eftir gos settist verulegt magn af sandi í hraunið. Sem nútímahraun nýtur Holuhraun sérstakrar verndar og er verndargildið hátt. Vísindalegt gildi Holuhrauns er sömuleiðis hátt.

Markmið:

Að vernda Holuhraun sem náttúrufyrirbæri á sama tíma og fræðslugildi þess er nýtt í formi aðgengis (vísindamenn til rannsókna og almennings).

Skilmálar:

Gangandi umferð verði stýrt, til að koma í veg fyrir skemmdir vegna átroðnings. Röskun hraunmyndana í Holuhrauni er óheimil. Ferðamenn verði upplýstir um hættur í Holuhrauni, vegna úfins hrauns og mögulegs holrúms undir yfirborði.

Rauðhólar og Hljóðaklettagígaröðin í Jökulsárgljúfrum

Forsendur:

Rauðhólar og Hljóðaklettur eru hluti af um 6 km langri gígaröð sem gaus fyrir um 8000-9000 árum. Í upphafi litu gígarnir flestir úr eins og Rauðhólar en Jökulsá hefur sópað lausum jarðefnum af flestum þeirra í hamfarahlaupum og skilið innviðina eina eftir. Þeirra frægastir eru Hljóðaklettur þótt slíka innviði megi sjá víðar með gígaröðinni beggja vegna ár. Þar má sjá hvernig kvikan hefur storknað ofan í gosrásinni í alls kyns stuðlasveipum sem er fágæt sjón á heimsvísu. Hluti gossprungunnar er austan gljúfranna, utan þjóðgarðs. Bæði gígarnir og klettarnir eru viðkvæmir fyrir mikilli umferð sem nauðsynlegt er að stjórna vel og setja sérstakar reglur um.

Markmið:

Að vernda og stýra umferð um Rauðhóla og Hljóðakletta til að koma í veg fyrir röskun jarðmyndana.

Skilmálar:

För um Rauðhóla og Hljóðakletta er aðeins heimil gangandi fólki á merktum leiðum og heimilt er að afleggja gönguleiðir sem liggja upp á hæstu gjallgíga Rauðhóla.

Ástjörn í Jökulsárgljúfrum

Forsendur:

Ástjörn er mikilvægt búsvæði flórgoða, sem er tegund á válista, en einnig verpa þar aðrir vatnafuglar. Í Ástjörn er mikið af hornsílum sem er aðalfæða flórgoðans. Nokkrir þættir geta haft áhrif á viðkomu flórgoðans á Ástjörn. Má þar fyrst nefna minkinn en einnig stafar flórgoðavarpi, svo og öðru varpi vatnafugla við tjörnina, hætta af mikilli umferð um og við tjörnina, einkum á varptíma. Við Ástjörn eru reknar sumarþúðir og er þar mikil umferð yfir sumarmánuðina, bæði bátaumferð og umferð á landi. Umferðin er meiri en við flest önnur votlendissvæði þjóðgarðsins. Flórgoðinn er einnig viðkvæmur fyrir vatnsborðssveiflum.

Markmið:

Að tryggja verndun flórgoða og búsvæðis hans við Ástjörn.

Skilmálar:

Varptími flórgoða er skilgreindur frá 20. maí - 1. júlí.

Á varptíma flórgoða skal bátaumferð einskorðast við leigulóð Ástjarnar, sem skal merkja, og ekki má sigla nær landi (utan bátalægis) en 20 m frá bakka tjarnarinnar á sama tíma.

Undantekningar eru háðar leyfi þjóðgarðsvarðar.

Á varptíma flórgoða er gangandi umferð eingöngu heimil á merktum göngustígum og innan leigulóðar Ástjarnar. Undantekningar eru háðar leyfi þjóðgarðsvarðar.

Óheimilt er að breyta vatnsborðshæð tjarnarinnar með framkvæmdum. Minki skal eytt. Veiðimaður sveitarfélagsins hafi samráð við þjóðgarðsvörð.

Búsetulandslag á Svínadal

Forsendur:

Í Kelduhverfi eru falleg minjasvæði sem liggja dreift um sveitina. Þau eru talin sérlega mikilvæg þar sem þau geyma búsetusögu Íslands frá landnámi til 19. aldar. Svínadalur er gamalt heiðarþýli við Jökulsárgljúfur en þar var búið allt til ársins 1946. Þar er mjög áhugavert minjasvæði sem hefur varðveist vel innan túngarðs og víða í landi Svínadals eru menningarminjar sem tengjast búsetu við Jökulsá. Þar var landslag svæðisins og einstaka

jarðmyndanir nýttar í þágu búskapar. Víða voru hlaðnar steinhleðslur fyrir hellisskúta og byrgi þar sem búfé var geymt eða fráfærur stundaðar. Skammt austur af Svínadal var kornmylla og vestan túngarðs fannst kuml. Tvö forn eyðibýli eru sunnan Svínadals, Fornasel og Víðrasel (sem einu nafni hafa verið kölluð Fornasel). Örnefni svæðisins eru mörg og tengjast búsetu og ferðalögum fólks um svæðið. Allar þessar menningarminjar hafa mikið rannsókn-, varðveislu- og fræðslugildi og auka þar með gildi þjóðgarðsins.

Markmið:

Að vernda og viðhalda búsetulandslagi og völdum menningarminjum á og kringum Svínadal.

Skilmálar:

Óheimilt er að raska búsetulandslagi og menningarminjum.

Skógur í Ásbyrgi

Forsendur:

Nokkuð samfelldur birkiskógur einkennir norðurhluta Jökulsárgljúfra og Ásbyrgi. Í byrjun 20. aldar hafði skógur í Ásbyrgi látið mikið á sjá vegna beitarráðs og skógarhöggs en árið 1930 hófst endurheimt skógarins. Gróskumikil háplöntuflóra einkennir botn birkiskógarins í Ásbyrgi og þar finnst ein friðlýst plöntutegund (Ferlaufungur). Fúin og dauð tré hýsa mikinn fjölbreytileika sveppa sem vinna næringu úr rotnandi trjábolum og auka þar með líffræðilega fjölbreytni svæðisins. Í kringum árið 1950 var um 60 þúsund barrtrjáum plantað á svæðinu sem mörg hver eru í dag orðin talsvert hávaxin og jafnvel farin að sá sér út. Þekkt er að í blönduðum skógum skyggja barrtré birkið út og brýnt að tryggja að sú framvinda nái ekki að eiga sér stað í Ásbyrgi. Einnig þarf að tryggja að skógurinn eða stök tré innan hans skyggi ekki á kletta Ásbyrgis og byrgi þannig útsýni á jarðfræðilegar minjar. Ákvarðanir um framkvæmdir í Ásbyrgi skulu teknar í samráði við Skógrækt ríkisins.

Markmið:

Að vernda líffræðilega fjölbreytni birkiskógarins.

Að vernda og efla birkiskóginn með því að hindra frekari útbreiðslu barrtrjáa innan hans. Að stuðla að aukinni útbreiðslu reyniviðar.

Að viðhalda útsýni af Ásbyrgisvegi og öðrum mikilvægum útsýnisstöðum. Að viðhalda góðu aðgengi á völdum leiðum innan skógarins.

Skilmálar:

Völdum gönguleiðum innan skógarins skal haldið opnum með tilheyrandi grísum og trjáviðar en að

öðru leyti skal grisjun hans haldið í algjöru lágmarki. Stuðla skal að útbreiðslu innlendra trjátegunda í þær opnur sem myndast við fellingu innfluttra tegunda eins og barrviðar.

Sjálfসাðar plöntur barrviðar og annarra innfluttra tegunda innan og í nágrenni birkiskógarins skulu fjarlægðar.

Landgræðslusvæði í Grjóthálsi og Hestatorfum

Forsendur:

Jarðvegur í Jökulsárgljúfrum er yfirleitt fremur þykkur og grófkornaður. Það stafar af miklu áfoki og er í samræmi við legu Jökulsárgljúfra á móbergs- og eldfjallasvæði landsins. Mikið eða mjög mikið rof er á Grjóthálsi og talsvert rof er í Hestatorfum. Frá 1998 hafa Landgræðsla ríkisins og þjóðgarðsyrvöld unnið að árlegum landgræðsluaðgerðum í þjóðgarðinum. Árið 2004 var gerð úttekt á aðgerðunum og var niðurstaða þeirrar úttektar að uppgræðsluaðgerðir innan þjóðgarðsins hafi skilað ágætum árangri en ástæða sé til að halda þeim áfram og vinna um leið á stærri skala en nú er gert til að ná böndum á rofið.

Markmið:

Að vernda líffræðilegan fjölbreytileika svæðisins.

Að stöðva jarðvegseyðingu í nágrenni Jökulsárgljúfra með uppgræðsluaðgerðum sem taka mið af sérstöðu náttúruminja svæðisins.

Skilmálar:

Jarðvegseyðing, sem ógnar náttúrulegu gróðurfari svæðisins, skal stöðvuð.

9.1.3 Innan austursvæðis

Háhitasvæði í Kverkfjöllum

Forsendur:

Í Kverkfjöllum eru jarðmyndanir sem talið er að eigi að njóta hámarksverndar á alþjóðlegan mælikvarða, til dæmis bólstrabergshryggir, soðpönnusvæði og hverir í jökli. Jarðhitasvæðið í Kverkfjöllum, í Hveradal, Hveragili og undir jökli sýnir á einstakan hátt samspil elds og íss.

Hitakærar örverur sem þar eru kunna að varpa ljósi á upphaf lífs á Jörðinni.

Markmið:

Að vernda einstakar jarðmyndanir.

Skilmálar:

Umferð skal skipuleggja þannig að ekki valdi skaða á viðkvæmum jarðmyndunum.

Þjóðgarðsverði er heimilt að stjórna og takmarka umferð um svæðið. Í Kverkfjöllum er akstur á jökli óheimill skv. ákvæðum og afmörkun í reglugerð 608/2008.

Hlíðar Snæfells, hnjúkar kringum Snæfell og svæði þar suðvestur af að Jökulkvísl

Forsendur:

Á svæðinu er gróður sem er fagur og setur svip á umhverfið en er mjög viðkvæmur og þolir engan átroðning. Skemmdir í mosagróðri sjást mjög lengi og geta auk þess valdið úrrennsli og þannig miklum skemmdum á gróðri. Mosagróðursvæði eru víðast ósamfelld þannig að hægt er að leggja leiðir um svæðið að mestu fram hjá þeim.

Markmið:

Að vernda viðkvæma náttúru og gróðurfur.

Skilmálar:

Ferðaleiðir taki mið af því að gróðurþekja er viðkvæm og þolir litla umferð.

Vanda skal til lagningar göngustíga og beina hjóltreiddum og hestaferðum frá gróðrinum og fellisvæðum gæsa.

Þjóðgarðsverði er heimilt að stjórna og takmarka umferð um þetta svæði ef náttúruvernd gefur tilefni til.

Eyjabakkar

Forsendur:

Eyjabakkar eru eitt stærsta og fjölbreytilegasta votlendi á miðhálandi Íslands, óvenju gróskumikið og í um 650 m h.y.s. Svæðið er sérstætt og landslag svipmikið. Vistgerðir eru þar fjölbreyttar og tegundaríkar, með fjölda tjarna, flæðimýrar og ýmsar sjaldgæfar plöntutegundir. Flæðimýrarnar eru fágætar hér á landi og eru mikilvægt beutiland hreindýra, heiðagæsa og álfta. Svæðið er einnig mikilvægur fellistaður heiðagæsa en á Eyjabökkum hafa fleiri heiðagæsir fellt fjaðrir en á nokkrum öðrum stað í heiminum. Við Eyjafell er að finna sérstæða jökulgarða með hraukum. Á svæðinu er viðkvæmur en ósamfelldur mosagróður og því ætti að vera hægt að leggja ferðaleiðir um svæðið að mestu fram hjá honum.

Vegna sérstöðu sinnar uppfylla Eyjabakkarnir viðmið sem alþjóðlega mikilvægt votlendissvæði

samkvæmt Ramsarsamningnum. Því hefur 26.450 ha svæði innan Eyjabakka verið fært inn á skrá Ramsarsamningsins.

Markmið:

Að vernda sérstöðu Eyjabakka sem alþjóðlega mikilvægt votlendi.

Að vernda aðra sérstöðu svæðisins í landslagi, jarðmyndunum og lífríki.

Skilmálar:

Þjóðgarðsverði er heimilt að takmarka umferð á varptíma og fellitíma til þess að verja fuglalíf fyrir truflun. Göngu-, reið- og reiðhjólreiðaleiðir taki mið af því að mosagróður þolir enga umferð. Vanda skal til stikunar gönguleiða og beina hjólreiðum og hestaferðum frá gróðrinum og fellisvæðum gæsa.

Svæðið austan Kverkjökuls, suður fyrir Kreppuhaga

Forsendur:

Margar viðkvæmar náttúruminjar eru á svæðinu og það þolir ekki mikla umferð. Þarna eru víða fjölbreyttar jarðmyndanir og í Kreppuhögum eru gróðurvinjar sem standa mjög hátt yfir sjó og eru viðkvæmar af þeim sökum. Í Hveragili eru sérstæðar kísilútfellingar á steinum á lækjarbakkanum. Þar eru enn fremur fleiri jarðmyndanir og gróður sem þolir átroðning illa. Nauðsynlegt er að fylgjast með umferð um þetta svæði og gæta þess að hún verði ekki úr hófi með tilliti til þolmarka svæðisins. Breyta þarf legu gönguleiða.

Markmið:

Að vernda viðkvæmar náttúruminjar, jarðmyndanir og gróðurvinjar. Rannsaka þarf þolmörk svæðisins og skrá og skilgreina verðmæti þess. Lega gönguleiða sé í samræmi við verndarmarkmið.

Skilmálar:

Gert er ráð fyrir bílastæði við Hveragil. Umferð um svæðið verður stýrt og gera má ráð fyrir að aðgengi að viðkvæmum stöðum verði takmarkað til að koma í veg fyrir röskun á jarðmyndunum og gróðri. Þjóðgarðsvörður getur lokað fyrir aðgang að viðkvæmustu svæðunum ef hætta er á skemmdum.

Hvannalindir friðlýstar þjóðminjar

Forsendur:

Í Hvannalindum eru merkar friðlýstar þjóðminjar, rústir útilegumannabæjar í jaðri Lindahrauns.

Rústirnar fann rithöfundurinn Þorgils gjallandi (Jón Stefánsson) ásamt þremur öðrum Þingeyingum árið 1880 en Kristján Eldjárn rannsakaði þær sumarið 1941. Leiða menn getum að því að Fjalla-Eyvindur og Halla hafi hafst við í Hvannalindum 1767 og einhver ár þar á eftir uns þau fluttu í Eyvindarver við Þjórsá. Nærumhverfi Eyvindarrústanna í Hvannalindum hefur látið á sjá síðustu ár. Töluverðar traðkskemmdir eru á gróðri umhverfis rústir og rekja má skemmdir á hraunhleðslum til of mikils álags á þær. Verja þarf menningarminjarnar fyrir skemmdum. Gera þarf umbætur á aðkomu gesta að rústum svo þeir valdi ekki skaða á menningarminjum eða umhverfi þeirra.

Markmið:

Minjar varðveitist í núverandi mynd. Almennungi gefist kostur á að kynna sér rústirnar og sagnir um útilegumenn.

Skilmálar:

Stýra skal umferð gesta um svæðið með greinilegum stígum, pöllum á viðkvæmum stöðum og skýrum leiðbeiningaskiltum. Öll slík mannvirki verði látlaus og falli vel að umhverfi. Friðlýstar þjóðminjar eru í umsjá Minjastofnunar Íslands og ákvarðanir um framkvæmdir í grennd við rústir skulu teknar í samráði við hana.

Krepputungusporður

Forsendur:

Nyrsti hluti Krepputungu er mjög sérstætt svæði, þar sem meðal annars er viðkvæmur gróður, fuglalíf (heiðagæsavarp), merki um hamfarahlaup og forna farvegi. Kreppulindir eru fögur og sérstæð vin með viðkvæmu lífríki og jarðmyndunum í grónum gjám umgirtum hamraveggjum. Lindasvæðið þolir ekki mikinn átroðning og krefst vöktunar.

Markmið:

Að svæðið varðveitist í núverandi mynd og ásjón þess breytist ekki vegna umferðar gesta. Rannsaka þarf þolmörk svæðisins og skrá og skilgreina verndargildi þess.

Skilmálar:

Óheimilt er að tjalda í Kreppulindum. Þjóðgarðsvörður getur lokað fyrir aðgang að svæðinu ef tilefni er til.

9.1.4 Innan suðursvæðis

Stuðlaberg á Heinabergssvæði

Forsendur:

Mikið er um stuðlaberg á Heinabergssvæðinu. Heinar kallast klapparásar með stuðlabergsmyndunum og einnig eru stuðlar í Miðfelli. Með aukinni umferð um svæðið má búast við auknum ágangi á þessar sérstæðu stuðlabergsmýndanir en nokkuð er um að fólk klifri í stuðlunum. Við það geta orðið skemmdir á berginu og einnig getur gróðurfari hnignað.

Markmið:

Að vernda stuðlabergsmýndanir á Heinabergssvæðinu og gróður sem hefur náð þar fótfestu.

Skilmálar:

Umferð fólks um stuðlana er óheimil og skal það gefið skýrt til kynna þar sem stuðlaberg er að finna.

Breiðamerkurfjall/Breiðárlón

Forsendur:

Í Breiðamerkurfjalli og á láglendinu í kring hefur sumarbeit sauðfjár verið stunduð um áraraðir af bændum í Öæfum, samkvæmt sérstökum reglum sem þeir hafa komið sér saman um. Svæðið er einangrað af náttúrunnar völdum, þar hefur umferð manna verið takmörkuð og skipulögð ferðamennska ekki átt sér stað. Breiðárlón er annað stærsta jökullónið á Breiðamerkursandi og er í örum vexti. Úr Breiðárlóni rennur áin Breiðá í Fjallsárlón. Kláfferja er yfir Breiðá sem hefur hlutverki að gegna vegna sauðfjárbeitar í Breiðamerkurfjalli.

Markmið:

Sjálfbær landnýting náttúrlegra vistkerfa í tengslum við landbúnað sem hefur menningarlegt og samfélagslegt gildi.

Skilmálar:

Sauðfjárbeit verði áfram heimil í Breiðamerkurfjalli. Á Breiðárlóni verði ekki atvinnustarfsemi og Breiðamerkurfjall verði einnig án skipulagðrar ferðaþjónustu og starfsemi á því sviði.

Griðasvæði landsels við Breiðárós

Forsendur:

Talningar á landsel (Phoca vitulina) sýna mikla fækkun í stofninum á undanförunum árum. Árið 2018 setti Náttúrufræðistofnun Íslands landsel á válista sem tegund í bráðri hættu. Tölur frá landselalátri við Breiðárós sýna mikla fækkun undir lok 20. aldar. Árið 1980 voru taldir hátt í 1700 selir á þessu svæði en fæst dýr voru talin árið 1998, aðeins 65 að tölu. Síðasta landstalning var gerð árið 2018 og þá taldir 366 landselir við Breiðárós og var látrið á þeim tíma það stærsta við suðurströnd landsins. Landselir voru taldir í látrinu við Breiðárós þann 7. júlí 2020 af starfsmönnum Náttúrustofu Suðausturlands og taldist þá mest 191 selur. Látrið er að hluta til utan þjóðgarðsmarka.

Markmið:

Vernda búsvæði tegundar á válista.

Skilmálar:

Umferð um selalátrið verði stranglega takmörkuð á meðan á kæpingar- og fengitíma stendur.

Farvegir Jökulsár á Breiðamerkursandi

Forsendur:

Jökulsá á Breiðamerkursandi er á meðal vatnsmestu vatnsfalla á Íslandi. Áður en áin gróf sig í stöðugan stökk á fjórða áratug 20. aldar átti hún til að flæmast um á sandinum, ýmist í mörgum álum og kvíslum eða sem straummikið fljót. Sumir hinna gömlu farvega sjást enn báðum megin við núverandi farveg Jökulsár. Bakkar hinna þurru farvega, ekki síst í lægðinni sem Jökulsá rennur eftir, eru einstakar minjar um landmyndun og landmótun jökulvatna almennt. Farvegir Jökulsár geyma því einkar merka sögu um þá kviku ferla sem einkenna landmótun á Breiðamerkursandi.

Markmið:

Að vernda einstakar jarðmyndanir og koma í veg fyrir röskun þeirra með stýringu umferðar um farvegina.

Skilmálar:

Sögulegir farvegir Jökulsár á Breiðamerkursandi verði varðveittir sem ein heild og þess verði gætt að engum þeirra sé raskað meira en orðið er vegna mannvirkjagerðar eða annarra mannlegra athafna (sjá skýringamynd í viðauka um Breiðamerkursand).

Búsetulandslag í Skaftafelli og Heinabergi

Forsendur:

Breytingar á jöklum og jökulvötnum höfðu mikil áhrif á búsetu fólks. Jöklar gengu yfir beitolönd og jökulár flæmdust um og eyddu engjum og túnum. Minjar eru um búsetu í Skaftafelli og á Heinabergssvæðinu sem segja merka sögu sambúðar manns og oft óblíðra náttúruafla.

Markmið:

Að vernda og viðhalda búsetulandslagi og völdum menningarminjum í Skaftafelli og á Heinabergssvæðinu.

Að gefa almenningi kost á að kynna sér sögu svæðisins.

Skilmálar:

Óheimilt er að raska búsetulandslagi og þeim menningarminjum sem markverðastar teljast að mati fagaðila.

Rafstöðinni í Skaftafelli skal haldið við, gömul tún við Selbæinn beitt eða slegin og trjágróður fjarlægður úr grjóthleðslum.

Ekki má raska menningarminjum.

Svartifoss í Skaftafelli

Forsendur:

Umtalsverð hnignun hefur orðið á náttúrulegu umhverfi Svartafoss vegna mikillar umferðar gangandi ferðamanna. Með fjölgun gesta er búist við enn frekari skemmdum á svæðinu, ekki síst á gróðri. Grípa þarf til aðgerða til að hlífa viðkvæmu umhverfi fossins, auka þarf stýringu ferðamanna og koma þarf upp pöllum með góðu útsýni á fossinn. Slík framkvæmd er vandasöm þar sem mikilvægt er að draga ekki úr jákvæðri upplifun af heimsókn að Svartafossi.

Markmið:

Að vernda umhverfi Svartafoss fyrir sívaxandi ágangi af völdum ferðamanna.

Að endurheimta og vernda gróðurfur í brekkunum við fossinn.

Að auðvelda fólki útsýni að fossinum.

Að tryggja öryggi þeirra sem skoða fossinn.

Skilmálar:

Gangandi umferð er einungis heimil á göngustígum og á fyrirhuguðum útsýnispöllum en óheimil í brekkunum við fossinn.

Framkvæmdir við fossinn skulu vera að fullu afturkræfar.

Leitast skal við að halda sjónrænum áhrifum framkvæmdarinnar í lágmarki en leggja áherslu á að varðveita núverandi ásýnd svæðisins.

Endurheimt votlendis á Skaftafellsheiði (sunnan Skerhóls)

Forsendur:

Miklir skurðir voru grafnir á vestanverðri Skaftafellsheiði um miðja síðustu öld til að ræsa fram tún og einnig til að veita vatni í rafstöð í Hæðum. Vegna aðstæðna á heiðinni þar sem er þykkur jarðvegur og oft mikil úrkoma hafa sumir skurðirnir haldið áfram að dýpka og breikka fram á þennan dag.

Markmið:

Að vinna að því að stöðva frekari útvíkkun skurðanna, sérstaklega við gönguleiðina að Skerhól.

Að vinna að endurheimt fyrra votlendis með því að loka skurðum þar sem því verður við komið.

Endurheimt votlendis á Skaftafellsheiði er liður í að kolefnisjafna Vatnajökulsþjóðgarð. Þetta skal gert í samvinnu við viðeigandi fagstofnanir, t.d. Landgræðsluna.

Skilmálar:

Stöðva skal frekara jarðvegsrof og votlendi endurheimt með markvissum aðgerðum og með lágmarksraski.

Lambhagi í Skaftafelli

Forsendur:

Lambhaginn afmarkast af grjóthleðslu sem er með elstu menningarminjum í Skaftafelli.

Barrtrjám og ösp var plantað í Lambhagann í Skaftafelli um 1950. Þar er nú lítill skógarlundur með nokkrum grenitrjám sem eru með þeim hæstu á landinu ásamt einni stórrri ösp. Í lundinum hefur fundist háplantan eggvívlaðka sem er friðlýst og á válista.

Markmið:

Að vernda náttúrlegan gróður í Lambhaganum.

Að koma í veg fyrir útbreiðslu erlendra trjátegunda í Skaftafelli með því til dæmis að fella öspina sem þar er og fjarlægja nýgræðinga frá henni.

Að vernda grjóthleðsluna sem afmarkar Lambhagann og fellur undir menningarminjar.

Skilmálar:

Stýra skal umferð ferðamanna um Lambhagann, meðal annars með góðum upplýsingum, skýrum merkingum og aðgerðum sem miða að því að áhrif á gróðurfar og menningarminjar verði sem minnst.

Ösp skal fjarlægð.

Birkiskógar – Bæjarstaðarskógur og skógur vestan í Skaftafellsheiði, skóglendi í Hoffellsfjöllum.

Forsendur:

Í Bæjarstaðarskógi í Skaftafelli er birki hávaxnara en annars staðar á landinu, beinvaxið og með ljósan stofn. Skógar í Skaftafelli hafa náð sér vel á legg eftir að nytjar, fyrst og fremst vegna kolagerðar, minnkuðu mikið á seinni hluta 19. aldar og lögðust síðar alveg af. Skóglendi er við Hoffellsjökul í stórbrotnu umhverfi mótuðu af skriðjöklum. Gróðurfar í gömlu birkiskógunum er sérstætt, þeir eru meðal annars búsvæði sjaldgæfra háplantna og fléttutegunda. Ásætufléttur lifa á trjám og fauskum þeirra og fram kemur í tillögu að náttúruverndaráætlun 2009-2013 að í þessum skógum megi finna flestar þeirra sjaldgæfu fléttna sem vaxa á austur- og suðurhluta landsins. Í birkiskóginum í Skaftafelli finnst ein friðlýst háplöntutegund, eggvíblaðka. Gert er ráð fyrir lágmarksgrisjun birkiskóganna þar sem fúin og dauð tré hýsa margar tegundir sveppa sem vinna næringu úr rotnandi trjábolum og auka þar með líffræðilegan fjölbreytileika svæðisins.

Markmið:

Að vernda líffræðilegan fjölbreytileika birkiskógarins.

Að vernda birkiskógin og koma í veg fyrir útbreiðslu erlendra trjátegunda.

Skilmálar:

Birkiskógarnir skulu almennt ekki grísaðir heldur látnir lúta náttúrulögmálum.

Viðhald og nýlagning stíga valdi minnsta mögulegu raski.

Verndun náttúrulegs gróðurfars í Morsárdal

Forsendur:

Þegar Skaftafell varð þjóðgarður var það eitt af skilyrðunum að dregið yrði úr beit og henni smám saman hætt á svæðinu. Frá því um 1980 hefur svæðið verið fjárlaust. Skeiðará hefur séð til þess að sauðfé hefur ekki komist inn í Morsárdal af Skeiðarársandi þar sem hún hefur runnið fyrir mynni dalsins allt þar til snemma sumars 2009. Eftir að farvegur Skeiðarár breyttist hefur dalurinn verið opinn fyrir fé og því hugsanlega þörf á girðingu. Fé, sem beitt er á Skeiðarársandi, kemur að langstærstum hluta fram sunnan þjóðveggar við smölun og því óvíst hvort girðingar er þörf. Hugsanlegt er að takmörkuð beit undir markvissri stjórnun geti átt þátt í að eyða lúpínu.

Stefnan með beitarfriðuninni var sú að gróðurfar svæðisins fengi að þróast eftir náttúrulegum lögmálum. Sú áætlun hefur þó ekki gengið alls kostar eftir því að undanfarin ár hefur alaskalúpína náð sér verulega á strik og breiðst hratt út ofan Bæjarstaðarskógar og á aurunum framan við hann þar sem hún hamlar vexti annars gróðurs.

Markmið:

Að vernda náttúrulegt gróðurfar og þróun þess í Morsárdal og Skaftafellsfjöllum.

Skilmálar:

Ekki skal beitt fé í Morsárdal nema undir markvissri stjórnun í þeim tilgangi að eyða lúpínu.

Heimilt er að girða fyrir dalsmynnið ef þörf krefur til að tryggja beitarfriðun.

Heitulækir

Forsendur:

Í utanverðum Morsárdal eru nokkrar volgar uppsprettur sem nefnast Heitulækir. Í lækjunum vaxa grænir og brúnleitir þörungar og í grennd við þá er sérstakur hitakær gróður, þar á meðal blákolla og ýmsar brönugrasategundir. Hlaðin hefur verið stífla í einum af lækjunum og margir sækjast eftir því að baða sig þar. Svæðið er þegar farið að láta á sjá vegna ágangs ferðamanna og mikilvægt er að sjá til þess að ekki verði frekari skemmdir á því.

Til að koma í veg fyrir skemmdir á viðkvæmum gróðri þarf að hafa reglulegt eftirlit með svæðinu og stýra umferð um það.

Markmið:

Að vernda sérstætt lífríki Heitulækja og umhverfi þeirra.

Að koma í veg fyrir skemmdir á viðkvæmum gróðri og hafa reglulegt eftirlit með svæðinu.

Skilmálar:

Þjóðgarðsverði er heimilt að loka fyrir aðgang að þeim hlutum svæðisins sem viðkvæmastir eru ef tilefni er til. Vegna viðkvæmni svæðisins og verndarhagsmuna, skal svæðið hvorki merkt á kort né á staðnum. Ekki skal heldur merkja gönguleið á staðinn. Gisting er óheimil.

9.1.5 Innan vestursvæðis

Svæðið norðan Kamba (milli Kamba og Skaftár)

Forsendur:

Svæðið er afar afskekkt og fáförult. Á því er að finna viðkvæman mosagróður, túndrumyndanir, tjarnir og síki sem eru mikilvæg búsvæði andfugla, álfta og gæsa, auk himbrima.

Markmið:

Ásýnd og friðsæld svæðisins rýrist ekki vegna umferðar gesta. Mosagróðri, votlendi og dýralífi verði ekki raskað.

Skilmálar:

Umferð fólks er aðeins heimil á merktum leiðum. Vetrarakstur er óheimill.

Langisjór og Fögrufjöll

Forsendur:

Langisjór og Fögrufjöll eru af mörgum talin með fegurstu stöðum Íslands þar sem fjalladýrð og friðsæld ríkir. Fögrufjöll eru vinsælt gönguland með viðkvæman mosagróður. Langisjór er vinsæll til bátsferða og veiða.

Markmið:

Friðsæld svæðisins rýrist ekki vegna umferðar gesta. Gróðri verði ekki raskað né vatnalífriki spillt.

Skilmálar:

Til að tryggja gróðurvernd í Fögrufjöllum er umferð þar aðeins heimil gangandi fólki á merktum leiðum. Þjóðgarðsvörður getur, í samráði við svæðisráð, sett reglur um vélarstærð og umferð vélbáta á Langasjó friðsæld eða öryggi kalla á slíkt.

Lakagígasvæðið

Forsendur:

Lakagígar eru gígaröð á 25 km löngum gossprungum sem mynduðust við Skaftárelda 1783-

84. Verndargildi jarðminja í Lakagígum felst helst í sjálfum Lakagígum sem landslagsheild. Þar finnast þrjár tegundir gíga: gjall-, klepra- og sprengigígar. Að auki finnast gervigígar sem eru mjög fjölbreytilegir að stærð og gerð. Gígarnir eru viðkvæmir fyrir umferð fólks, þ.m.t. göngufólks. Blængur, Varmárfell og Galti eru líklega allir hlutar sama móbergshryggjar. Á svæðinu er viðkvæmur fléttu- og mosagróður, sjaldgæfar fléttutegundir og breiskjuhraunavist.

Markmið:

Gjallgígum og gróðri verði ekki raskað. Ásýnd svæðisins rýrist ekki vegna umferðar gesta. Gestir séu vel upplýstir um takmarkanir á umferð.

Skilmálar:

Gangandi umferð er óheimil utan merktra göngustíga. Umferð á hestum um Lakagíga er óheimil nema með leyfi þjóðgarðsvarðar. Vetrarakstur skal vera sem næst vegstæði og er óheimill í hlíðum gíganna. Hjólreiðar á göngustíg upp á Laka eru aðeins heimilar utan annatíma, það er þegar ekki er gangandi umferð á stígnum (eftir atvikum í samráði við landverði á svæðinu).

Vonarskarð

Forsendur:

Vonarskarð liggur milli Vatnajökuls og Tungnafellsjökuls og stendur í um 900-1300 m hæð yfir sjávarmáli. Þar er háhitasvæði og innan þess fjögur jarðhitasvæði. Þar er meðal annars kolsýruhverasvæði með hátt verndargildi og þar finnast einnig sjaldgæfar háplöntu- og mosategundir. Í skýrslu Náttúrufræðistofnunar Íslands er verndargildi svæðisins metið hátt vegna þess að þar er fjölbreytileg og upprunaleg jarðfræði auk fágætra og fjölbreytilegra jarðhitaummerkja. Þar myndar gróður fágæta og upprunalega heild. Svæðið er fremur viðkvæmt og þarf ekki mikla umferð til að valda varanlegri röskun á svæðinu.

Markmið:

Að vernda sérstæðar jarðmyndanir og gróður.

Vonarskarð verði vettvangur göngufólks án truflunar frá vélknúnum ökutækjum.

Skilmálar:

Umferð vélknúinna ökutækja í gegnum Vonarskarð er óheimil milli Svarthöfða og Gjóstuklifs

nema á frosinni og snævi þakinni jörð í samræmi við almenna skilmála um vetrarakstur.

Vetrarakstur er þó ávallt óheimill á og við jarðhitasvæði í Snapadal.

Hestaferðir í gegnum Vonarskarð eru háðar leyfi þjóðgarðsvarðar á vestursvæði.

Umferð reiðhjóla er ekki leyfð í Vonarskarði.

Stýra skal umferð göngufólks um hverasvæðið með tilliti til öryggis gesta og verndunar jarðmyndana.

9.2 Víðerni Vatnajökulsþjóðgarðs

Víðerni eru vaxandi verðmæti í þéttbýlum heimi. Þjóðgarðurinn leggur áherslu á mikilvægi víðerna og viðhalds þeirra og að haldið sé frá svæðum innan garðsins, þar sem mannvirkjum er haldið í lágmarki. Því hafa verið skilgreind tiltekin svæði sem „víðerni Vatnajökulsþjóðgarðs“ og eru þau stærri en þau svæði sem falla undir skilgreiningu laga um ósnortin víðerni, sbr. 8. kafla. Þjóðgarðurinn styðst við eftirfarandi forsendur við skilgreiningu þessara svæða:

- Svæði sé a.m.k. 25 ferkílómetrar að stærð.
- Svæðið sé í 5 km fjarlægð frá stofn- og tengivegum.
- Svæðið sé í 2 km fjarlægð frá öðrum vegum.
- Svæðið sé í 5 km fjarlægð frá skálum, salernum og þjónustuhúsum sem opin bílvegur liggur að.

Innan svæðanna geta rúmast gönguskálar, gangnamannakofar, fjarskiptaloftnet, menningarminjar og vegir með mjög takmarkaðri, árstíðabundinni notkun en lokaðir almennri umferð.

Stærstu víðernin í þjóðgarðinum eru jökullinn sjálfur. Mörk þess víðernis fylgja ekki endilega jökulröndinni. Á stöku stað eru mannvirki svo nærri jöklinum að hluti hans næst mannvirkinu getur ekki talist til víðernis samkvæmt skilgreiningunni. Að sama skapi getur landsvæði utan jökuls við jökulröndina verið víðerni á þeirri forsendu að fjarlægð frá mannvirkjum er næg og jökulbreiðan gefur það landflæmi sem krafist er. Helstu slíkum landsvæðum er lýst hér fyrir neðan. Þar sem víðerni tengist jöklinum er jökulröndin talin greina milli víðernissvæðanna.

Stefnt er að því að víðerni sem nefnd eru hér fyrir neðan skerðist ekki.

9.2.1 Almennir skilmálar um víðerni

Á víðernum skal öllum mannvirkjum og merkingum haldið í lágmarki; þau verði einföld, látlaus og látin falla vel að landi. Nauðsynlegum öryggisupplýsingum verði komið til gesta. Fræðsla fari fyrst og fremst fram á jaðarsvæðum víðerna.

Stjórn þjóðgarðsins getur beitt tímabundnum takmörkunum á vetrarakstri um tiltekin svæði á víðernum ef brýna nauðsyn ber til. Almennar reglur gilda um vetrarakstur nema annað sé tekið fram í skilmálum.

9.2.2 Jökulhetta Vatnajökuls

Forsendur:

Víðerni Vatnajökuls eru mikil og stórfengleg. Auk ísbreiðunnar með bungum sínum, dældum og sigkötum eru fjallgarðar og jökulsker, til dæmis Esjufjöll, Mávabyggðir, Pálsfjall og Grímsfjall. Ferðir um jökulinn eru ekki á færi annarra en þeirra sem vel þekkja til og eru vanir jöklaferðum því að sprungur, svelgir og aðrar hættur leynast víða. Jökulhettan er langstærsta víðernið innan Vatnajökulspjóðgarðs og tilheyrir öllum rekstrarsvæðum hans. Jökulhettan er vettvangur margvíslegrar útivistar og ferðaþjónustu, til dæmis göngu- og skíðaferða, vélsleðaferða og jeppaferða.

Skilmálar:

Umferð vélknúinna ökutækja er óheimil á Hvannadalshnjúk, á hluta Örfajökuls og í Kverkfjöllum innan marka sem skilgreind eru í reglugerð um Vatnajökulspjóðgarð.

9.2.3 Trölladyngja

Forsendur:

Svæðið afmarkast af Gæsavatnaleið og Dyngjufjallaleið og nær um Trölladyngju, hluta Hrímöldu og hraunsvæði þar í kring. Svæðið er lítt gróið og þurrt og umferð þangað er mjög takmörkuð, bæði að sumri og vetri. Svæðið er erfitt yfirferðar.

9.2.4 Flæður, Holuhraun og Vaðalda

Forsendur:

Svæðið nær yfir Flæðurnar og Vaðöldu að stórum hluta og teygir sig þar yfir á Krepputungu, austan Jökulsár á Fjöllum. Norðan Dyngjujökuls eru mikil sandflæmi, Flæðurnar, ásamt Holuhrauni sem á upptök undir Dyngjujökli. Vaðalda er grágrýtisdýngja sem liggur fast að

Jökulsá. Undir rótum hennar að sunnanverðu rennur Svartá í Jökulsá. Fjalllendið norðvestan Bárðarbungu við norðurhluta Vonarskarðs er erfitt yfirferðar og fáfarið. Flæðurnar eru síbreytilegar og varasamar allri umferð, einnig að vetri til.

9.2.5 Dyngjufjöll og Askja

Forsendur:

Svæðið nær yfir Dyngjufjöll og Öskju, suðurmörk þess ráðast af legu vegar F910 en norðurmörk af vegi norðan Dyngjufjalla (Vikrafellsleið), auk vegar að Vikraborgum. Víðernið skarast verulega við Öskjusvæðið sem nýtur sérstakrar verndar.

Skilmálar:

Vetrarakstur í Öskju er óheimill á svæði sem afmarkað er í reglugerð um Vatnajökulspjóðgarð nr. 608/2008.

9.2.6 Ódáðahraun

Forsendur:

Suðurmörk svæðisins ráðast af vegi norðan Dyngjufjalla (Vikrafellsleið) og þaðan langt norður fyrir þjóðgarðsmörk. Á svæðinu eru móbergsfjöll, dyngjur og hraunabreiður, sannkallað eldfjallalandslag. Stór hluti svæðisins er erfiður yfirferðar vegna hrauna en þar má þó finna hentugar gönguleiðir milli svæða og Biskupaleið liggur um svæðið norðanvert.

9.2.7 Frambruni og Austurdalir

Forsendur:

Svæðið afmarkast af vegi um Dyngjufjalladal, afréttarvegi með Skjálfandafljóti að vestan og Dyngjufjallaleið. Það nær yfir hluta Dyngjufjalla ytri, Frambruna, Austurdala og afréttarlands vestan þjóðgarðsmarka. Á svæðinu eru móbergsfjöll, hraunabreiður og sandsvæði auk lítt gróinna mela og mólendis.

9.2.8 Kverkfjallarani og Krepputungusporður

Forsendur:

Austanverður Kverkfjallarani frá Hveragili að Roðafelli og hluti Krepputungusporðs eru skilgreind sem víðerni. Eystri bakki Jökulsár á Fjöllum tengist víðerninu á Flæðum og Vaðöldu. Kverkfjöll ásamt Kverkfjallarana mynda mikilfenglega landslagsheild sem mótast hefur í átökum elds og íss. Beljandi jökulár og viðkvæmar og gróskumiklar gróðurvinjar ásamt hraunum með

breiskjufléttum setja svip á umhverfið. Kverkfjöll, Kverkfjallarani og Krepputunga mynda ákveðna heild ummerkja eldsumbrota og hamfarahlaupa. Landslag er víða opið og því víðsýnt sem veitir sterka upplifun og víðernistilfinningu. Mikilvægt er að kanna svæðið og skrá og skilgreina verndargildi þess áður en endanlega verður ákveðið hversu mikla umferð það þolir.

Skilmálar:

Engin mannvirki, þ.m.t. skilti og stikur, verði reist innan víðernisins.

9.2.9 Kverkárrani

Forsendur:

Víðernið nær að stórum hluta yfir Kverkárrana ef frá eru taldir geirar sem ná inn á svæðið að vestan og austan, vegna vega. Víðernið tengist víðerninu á jökulhettu Vatnajökuls. Svæðið er mjög afskekkt og eina aðgengi að því er af jökli. Kverká kemur undan Brúarjökli þar sem hann teygir sig lengst til norðurs, og rennur þaðan niður Kverkárdal, sem er í um 650 m y.s. Botn þessa dals er eintómir aurar og hlíðar dalsins eru uppblásnar og gróðurlausar. Meginhluti ranans er háslétta, 800-900 m y.s., og gengur Brúarjökull fram á hana. Mikilvægt er að kanna svæðið og skrá og skilgreina verndargildi þess áður en endanlega verður ákvarðað hversu mikla umferð það þolir.

Skilmálar:

Engin mannvirki, þ.m.t. skilti og stikur, verði reist innan víðernisins.

9.2.10 Þjófahnjúkar – Háalda

Forsendur:

Svæðið er vestan við Eyjabakkajökul vestur fyrir Háöldu og norður um Þjófahnúka. Tengist víðernum á jökli.

9.2.11 Víðerni í Stemmuhólma

Svæði sem afmarkast annars vegar af Veðurá og lónum hennar og hins vegar af Jökulsárlóni, ásamt hopandi jaðri Breiðamerkurjökuls.

Forsendur:

Stemmuhólmi ber flest einkenni óbyggðra víðerna enda eru ummerki um umferð eða aðrar athafnir mannfólks þar lítil sem engin. Stór hluti svæðisins var hulin jökli árið 1998 og því hluti af jökulhettu Vatnajökuls, eitt af skilgreindum Víðernum Vatnajökulspjóðgarðs við stofnun

þjóðgarðsins.

Skilmálar:

Vélvædd umferð í Stemmuhólma er óheimil bæði að sumar- og vetrarlagi. Rekstur sauðfjár til beitar á svæðinu er óheimill.

9.2.12 Kjós og Skaftafellsfjöll

Forsendur:

Fjalllendið vestan Morsárdals kallast einu nafni Skaftafellsfjöll. Kjós er dalur í Skaftafellsfjöllum.

Þar mynda ljóst líparít og dökkt blágrýti mikla litadýrð. Eftir dalnum rennur Kjósarlækur. Umhverfis dalinn eru brött og nokkuð há fjöll. Kjósarbotn er í hjarta hinnar kulnuðu Skaftafellseldstöðvar. Svæðið er nokkuð vinsælt til gönguferða en leiðir í fjöllumunum eru flestar erfiðar.

Skilmálar:

Mannvirkjagerð verði haldið í lágmarki. Ekki verði stikaðar gönguleiðir í fjöllumunum. Vetrarakstur er óheimill.

Gert er ráð fyrir gönguskála innst í Morsárdal sbr. lýsingu á þjónustusvæði í kafla 9.4.4.

9.2.13 Austurhluti Lakagíga og efsti hluti Skaftár og Skaftáreldahrauns

Forsendur:

Svæðið afmarkast í suðaustri af þjóðgarðsmörkum í Skaftáreldahrauni, í suðvestri af línu sem dregin er úr Blæng í Lyngfell og þaðan í Eystra-Gljúfur í norðri af Fögrufjöllum að Útfalli og þaðan með línu sunnan Skaftárfells í Skaftárjökul. Innan víðernisins er austurhluti Lakagíga og efsti hluti Skaftáreldahrauns, aurasvæði Skaftár næst Jökli og Fögrufjöll austan Sveinstinds. Á svæðinu eru viðkvæmar gígamyndanir, svo sem gervíggar, og gróður með hátt verndargildi; breiskjuhraunavist og sandvikravist.

Markmið:

Að ímynd svæðisins sem óbyggt víðerni spillist ekki

Skilmálar:

Engin mannvirki, þ.m.t. skilti og stikur, verði reist innan víðernisins.

9.2.14 Tungnaáröræfi, norðan Tungnaár

Forsendur:

Á Tungnaáröræfum er víðsýnt. Í austri sjást Köldukvíslarjökull, Sylgjujökull og Tungnaárjökull og þar má sjá langt upp á jökulhettu Vatnajökuls. Ef horft er í vestur sést Hofsjökull og sunnar er Hekla. Á Tungnaáröræfum, austan Veiðivatna og Þórisvatns, að jökuljaðrinum, er að finna sérstæðar jarðmyndanir frá nútíma. Þar eru gjall-, klepra- og sprengigíggar, hraun, gjár og gjáveggir, svo sem Hágönguhraun, Heljargjá, Gámur og Gíma.

Skilmálar:

Þjóðgarðsvörður getur lokað einstökum svæðum eða gönguleiðum innan svæðisins ef þörf er á til að koma í veg fyrir að jarðmyndanir spillist af völdum umferðar.

9.3 Samgöngur

9.3.1 Vegir og aðkomuleiðir

Stefnt er að því að vegakerfi þjóðgarðsins verði ekki umfangsmeira en nú er. Það útilokar þó ekki bætt aðgengi sem miðar að því að dreifa álagi, auka fjölbreytni eða bæta öryggi. Um slíkar breytingar skal fjallað í stjórn þjóðgarðsins og samstarfs leitað við viðkomandi sveitarfélag. Málsmæðferð falli að öðru leyti saman við breytingar á skipulagsáætlunum eftir því sem við á.

Vegir, sem opnir eru fyrir almennri umferð innan Vatnajökulspjóðgarðs, eru aðeins þeir sem taldir eru upp í töflunni hér fyrir neðan. Aðrar leiðir eru lokaðar almennri umferð þótt þær séu greinilegar á yfirborði og án tillits til þess hvort þær eru merktar inn á kort eða uppdrætti annarra en Vatnajökulspjóðgarðs. Öllum vegum skal haldið við í samræmi við álag. Þjóðgarðsvörður getur lokað vegi án fyrirvara ef ástæða er til að ætla að notkun hans geti leitt til náttúruspjalla eða öryggi notenda sé ógnað. Um slíka lokun skal haft samráð við Vegagerðina og lokunin gefin til kynna með greinilegum hætti við upphaf og enda vegarins. Stefnt er að því að vegir séu almennt merktir með stikum og viðeigandi upplýsingaskilti.

Aflagða vegi og slóða ber að afmá eftir því sem kostur er.

Þjóðvegir eru þeir vegir sem ætlaðir eru almenningi til frjálstrar umferðar, haldið er við af fé ríkisins og upp eru taldir í vegaskrá, sbr. 1. mgr. 8. gr. vegalaga nr. 80/2007 með síðari breytingum.

Þjóðvegir skiptast í stofnvegi, tengivegi, héraðsvegi og landsvegi. Vegir að og innan þjóðgarða teljast tengivegir. Landsvegir eru meðal annars vegir yfir fjöll og heiðar sem ekki tilheyra öðrum

Þjóðvegaflokkum. Veghald þjóðvega er á hendi Vegagerðarinnar, sbr. 5. gr. vegalaga.

Á vegaskrá Vegagerðarinnar er nú að finna hluta þeirra vega sem eru innan þjóðgarðsins, þá ýmist flokkaðir sem tengivegir eða landsvegir. Stjórn Vatnajökulsþjóðgarðs mun vinna með Vegagerðinni að flokkun og færslu vega á vegaskrá.

Athuga ber að flokkun vega getur breyst með breyttu veghaldi.

Til upplýsinga er sýnd í þriðja dálki flokkun þeirra vega sem teljast til fjallvega skv. kerfi Vegagerðarinnar. Vegir í veghaldi Vegagerðarinnar eru flokkaðir eftir vegaskrá en þjóðgarðsverðir hafa flokkað aðra vegi.

Flokkarnir eru þrír og skilgreindir sem hér segir:

- F1 Seinfær vegur/slóð, fær allri almennri umferð að sumarlagi. Stórir lækir og ár brúaðar.
- F2 Illfær vegur/slóð, fær fjórhjóladrifnum bílum, mjög öflugum fólksbílum og jepplingum. Lækir og smáár óbrúaðar.
- F3 Torfær slóð eða torleiði, einungis fær stórum og vel búnum fjórhjóladrifnum jeppum. Óbrúaðar ár.

Þar sem getið er um lágmarksviðhald í töflunni hér fyrir neðan er átt við smáviðgerðir eftir þörfum.

Vegur	Skilmálar	Flokkur
<i>Stofnvegir</i>		
1 Þjóðvegur	Á veginum skulu gilda hraðatakmarkanir sem tryggja öryggi og ánægjulega upplifun þeirra sem staldra við.	
<i>Tengivegir</i>		
861 Ásbyrgisvegur	Á veginum skulu gilda hraðatakmarkanir sem tryggja öryggi og ánægjulega upplifun þeirra sem staldra við.	
862 Dettifossvegur		
886 Dettifossvegur vestri	Á veginum skulu gilda hraðatakmarkanir sem tryggja öryggi og ánægjulega upplifun þeirra sem staldra við.	
888 Langavatnshöfða-vegur	Nýr vegur milli Dettifossvegar og Langavatnshöfða. Við enda vegarins á Langavatnshöfða skulu vera bílastæði, áningarstaður og gönguleiðatengingar við Hljóðakletta og Rauðhóla.	

	Á veginum skulu gilda hraðatakmarkanir sem tryggja öryggi og ánægjulega upplifun þeirra sem staldra við.	
889 Vesturdalsvegur	Endurbyggður vegur frá Langavatnshöfðavegi niður í og um Vesturdal. Á veginum skulu gilda hraðatakmarkanir sem tryggja öryggi og ánægjulega upplifun þeirra sem dvelja í Vesturdal. Heimilt er að takmarka umferð um veginn til að stýra aðgengi að Hljóðaklettum og Rauðhóla.	
887 Hólmaturgnavegur	Hét áður Tungnavegur og liggur nú í nýju vegstæði sem endar við Syðra-Pórunnarfjall. Við enda vegarins skulu vera bílastæði, áningarstaður, og gönguleiðatengingar. Á veginum skulu gilda hraðatakmarkanir sem tryggja öryggi og ánægjulega upplifun þeirra sem staldra við.	
998 Skaftafellsvegur		

Landsvegir		
F206 Lakavegur		F2
F207 Lakagígavegur		F2
F208 Fjallabaksleið nyrðri, frá afleggjara að Faxasundum í vestri að Ströngukvísl í austri		F2
F229 Jökulheimaleið		F2
F223 Eldgjá	Greiðfær vegur, en vegna aðkomuleiða er hann flokkaður í F2.	F2
F235 Langisjór		F2
F26 Sprengisandsleið		F2
F88 Öskjuleið	Veginum skal halda við en ekki endurbæta verulega. Ekki er heimilt að opna veginn á vorin fyrr en álegu heiðagæsa er lokið á svæðinu.	F2
F894 Öskjuvatnsvegur		F2

F909 Snæfellsleið	Vegurinn verði fær smájeppum. Á leiðinni verði gert ráð fyrir nokkrum útskotum og snúningsstöðum (einnig fyrir kerrur og stærri bíla). Vegna hopunar jökuls verði hægt að framlengja/eða færa vegstæði vestur fyrir vatnaskil til að tryggja aðgengi að jökli.	F2
F910 Austurleið	Ár skulu ekki brúaðar nema nauðsyn krefji. Vegurinn verði færður fjær þjónustusvæði við Dreka til að skapa því rými og minnka gegnumakstur.	F2/F3
910 Austurleið		
F902 Kverkfjallaleið		F2/F3
F903 Hvannalindaleið		F2/F3
Aðrir vegir		
Vegur inn í Vonarskarð fram hjá Gjallanda	Einn vegur komi í stað tveggja sem fyrir eru og lega hans endurskoðuð. Þannig liggi einn vegur inn í Vonarskarð af F910. Endi vegarins verði við Gjóstu og þar verði útsýnis- og áningarstaður með gönguleiðartengingum við Vonarskarð.	F2
Vegur að Hnýflum norðan Vonarskarðs	Einn vegur liggi að Hnýflum af veginum í Vonarskarð í stað tveggja áður. Vegurinn endi í bílastæði áður en komið er að Hnýflum. Þaðan verði stutt gönguleið að Hnýflum.	F2
Vegur að Hitulaug af F910	(Að litlu leyti innan þjóðgarðs)	F3
Vegur að Hitulaug frá vegamótum norðan Gjallanda	(Að litlu leyti innan þjóðgarðs)	F3
Gæsavatnaleið um Urðarháls	Endurskoða skal veglínu m.t.t. legu í landi.	F3
Vegur milli Gæsavatna og jökuls – vestasti vegurinn að jökli.		F3

Vegur frá Vörðukambi á Gæsavatnaleið að jökli. Austasti vegurinn að jökli við Gæsavötn.		F3
Vegur af Gæsavatnaleið yfir á F910, farið fram hjá Flæðum.		F3
Vegur af Gæsavatnaleið upp á jökul vestan Kistufells		F3
Dyngjufjalladalur að F910, afréttarvegur	Norður með Suðurárhrauni, milli Stóruflesju og suðurenda gamla vegar, verði aðalleiðin fjær Suðurá en umferð takmörkuð á gamla slóðanum meðfram ánni.	F3
Vegur af F910 í Dyngjufjalladal að Svartárbotnum og fossinum Skínanda	Tvö bílastæði verði, annað stuttan gönguspöl frá Svartárbotnum og hitt stutt frá Skínanda.	F3
Vikrafellsleið	Leiðin sé stikuð en ekki endurbætt. Tryggt verði að ekki verði skemmdir á gígaröðinni norðan Stórukistu.	F3
Vegur að uppgöngu að Herðubreið		
Hveragilsleið		F3
Vegur að rústum í Hvannalindum		F2
Vegstubbur að vatnamælingaskúr í Krepputungu		F2
Geldingafellsvegur frá Hraunaveituvegi að Geldingafelli.	Leiðin verði lagfærð til samræmis við flokk F2.	F3
Eyjakofavegur (Bergkvíslarkofavegur)	Gera má ráð fyrir umferðartakmörkunum þegar aðstæður, til dæmis aurbleyta, gefa tilefni til.	F3
Vegur frá Snæfellsskála að Sauðahnjúkum og áfram að Sauðárkofa.	Vegurinn er aðeins opinn síðsumars eftir nánari ákvörðun þjóðgarðsvarðar og greinilega merktur lokaður á öðrum árstímum. Hann skal ekki uppbyggður. Slóði upp á Sauðahnjúk sé lokaður.	F3

Vegur milli Laugarfells og Kelduár (frá 910)	(Á þjóðgarðsmörkum)	(greiðfær)
Vesturöræfavegur		F3
Hálsölduvegur		F2
Sauðafells- og Sanddalsleið að Eyjabakkafossi, frá Austurleiðarvegi 910, austan við Snæfell	Leiðin verði lagfærð til samræmis við flokk F2.	F2
Vegstubbur á Sauðafell		F3
Vegstubbur, um 500 m út á Snæfellsnes	Bílastæði verði við enda vegarins.	F2
Leið vestur fyrir Bjálfafell	Leiðin verði lagfærð til samræmis við flokk F2.	F3
Leið upp á Bjálfafell austanmegin	Bílastæði verði við enda vegarins.	F2
Leið upp á Grjótárhjúk	Bílastæði verði þar sem vegurinn endar, við fjarskiptastöð.	F3
Vegur að Hoffellsjökli	(Ekki innan þjóðgarðs). Bílastæði og skilti við enda vegarins. Núverandi ástand er F2. Veghald óljóst og viðhaldi ábótavant, en ákjósanlegt vegna ferðamennsku að vegurinn verði í því ástandi að geta flokkast sem F1.	F2
Vegur að Heinabergslóni	Vegurinn verði fær öllum bílum.	F1
Vegur inn Heinabergsdal	Núverandi ástand er F3. Veghald óljóst og viðhaldi ábótavant, en ákjósanlegt vegna ferðamennsku að ástand vegar gefi tilefni til að verði flokkaður sem F2.	F3
Vegur að Heinabergsfelli		F1
Vegur að Bólstað um Heina	Vegurinn verði fær öllum bílum.	F1
Vegur að þjónustumiðstöð við Fjallsárlón.	Afleggjari frá hringvegi.	Greiðfær, bundið slitlag.
Slóði að skálanum Breiðá.	Hliðarslóði út frá vegi að grjótnámu við Breiðá.	Greiðfær.
Vegur að grjótnámu við Breiðá, leið að Breiðamerkurjökli.	Vegurinn verði framlengdur þannig að hann nái alltaf að jökli, svo aðgengi að jökli sé tryggt. Skoða legu eldri vegar m.t.t. landslags, jarðminja og dauðíss.	Greiðfær að Breiðá. Þaðan F3.
Slóði að fjárrétt.	Afleggjari frá hringvegi.	Greiðfær.

Vegur að nýju bílaplani vestan við jökulöldu.	Kemur í staðinn fyrir núverandi bílaplön vestan brúar.	Greiðfær, bundið slitlag.
Vegur að bílaplani v. Vestri Fellsfjöru.	Afleggjari frá hringvegi.	Greiðfær, bundið slitlag.
Vegur að bílaplani v. Eystri Fellsfjöru.	Afleggjari frá hringvegi.	Greiðfær, bundið slitlag.
Vegur að þjónustumiðstöð við Jökulsárlón.	Breytist þegar deiliskipulag kemur til framkvæmdar.	Greiðfær, bundið slitlag.
Slóði að fjöru vestan Stemmu.	Athuga gerð bílplans.	Greiðfær.
Slóði að bílaplani við Stemmu.	Gengið verði frá lokun við bílplan.	Greiðfær.
Slóði að fjöru austan Stemmu.	Útbúa bílplan.	Greiðfær.
Slóði að Brennholáöldu.	Útbúa bílplan fyrir útivistarsvæði við Stemmuvötn. Lokað þaðan fyrir eindrifsbíla.	Greiðfær.
Eystri Fiskivatnaslóð að Stemmuvötnum.	Slóða verði lokað ofan við brekku og þar gert bílplan.	Greiðfær.
Slóði inn í Þröng.	Vegurinn verði greiðfær að útsýnisstað en eftir það lokaður fyrir eindrifsbíla. Heimilt verði að lengja slóðann í samráði þjóðgarðsins og sérfræðinga.	F2/F3
Eystri slóði að bæjarrústum við Fell.	Endurbæta slóðann og útbúa bílplan við rústirnar.	Greiðfær.
Slóði að Mjósundaá.	Slóða lokað við Mjósundaá og útbúið bílplan þar.	Greiðfær.
Vegur að Hafrafelli / Svínafellsjökli	Lítill hluti vegarins er innan þjóðgarðsmarka. Umferð um veginn er takmörkuð skv. sameiginlegri ákvörðun landeiganda, Vatnajökulspjóðgarðs og Vegagerðar. Tillaga landeiganda er að aðkomuleið að Svínafellsjökli verði nær Freysnesi.	F1
Vegur upp Skaftafellsbrekkur að Hæðum og Bölta	Vegna öryggis og aðgengis í neyðartilfellum er umferð um veginn takmörkuð skv. sameiginlegri ákvörðun Vatnajökulspjóðgarðs og Vegagerðarinnar.	F1

Gamli þjóðvegurinn á Skeiðarársandi	Gert er ráð fyrir því að vegurinn verði nýttur fyrir gesti þjóðgarðsins í samstarfi við landeiganda.	F1
Vegur að Háöldu á Skeiðarársandi	Vegurinn verði fær öllum bílum og haldið við í samstarfi við landeigendur og Vegagerðina.	F1
Vegur að Gígjukvísl	Vegurinn verði fær öllum bílum og haldið við í samstarfi við landeigendur og Vegagerðina.	F1
Vegur að skála við Sveinstind	Stikaður, lágmarks viðhald.	F2
Vegur að útsýnisstað við Vestra--Gljúfur sunnan Sveinstinds	Stikaður, lágmarks viðhald.	F2
Vegur að veiðihúsi við Langasjó	Lágmarks viðhald.	F2
Hringleið um Hellnafjall, frá F235		F3
Vegur að Falljökli til þess að tryggja aðgengi.	Við stækkun þjóðgarðs 2021 varð allur vegurinn innan þjóðgarðs. Núverandi ástand er F2. Veghald óljóst og viðhaldi ábótavant, en ákjósanlegt vegna ferðamennsku að vegur verði gerður fólksbílafer að bílastæði um 1,5 km NA frá þjóðvegi 1, en fær breyttum bílum þaðan í frá.	F2
Leið með norðurbakka Langasjávar	Opin frá 1. september til 15. mars ár hvert, hámarksheildarþungi ökutækis 6 tonn. Leiðin komi ekki fram á kortum.	F3
Vegur á Breiðbak	Stikaður, lágmarks viðhald	F2
Leið frá Breiðbak austur fyrir Langasjó (syðri/neðri leið)	Stikaður, lágmarks viðhald	F2
Leið frá Breiðbak austur fyrir Langasjó (nyrðri/efri leið)	Stikaður, lágmarks viðhald	F2
Vegur að bílastæði við Gjátind	Lágmarks viðhald	F2

Vegur um Skælinga og Blautulón (tengir F208 og F235)	Lágmarks viðhald. Varað verði sérstaklega við vegi um Blautulón.	F2
Vegur frá Þórisósi að Jökulheimaleið F299	Stikuð, lágmarks viðhald	F2
Leið frá Jökulheimum að Dór	Stikuð, lágmarks viðhald	F2
Leið frá Jökulheimum að Heljargjá	Stikuð, lágmarks viðhald	F2
Leið meðfram Heljargjá	Stikuð, lágmarks viðhald	F2
Botnlangi inn í Heljargjá	Stikuð, lágmarks viðhald	F2
Leið frá Dór upp á Gjáfjöll		F3
Leið norðan Gjáfjalla, meðfram Veiðivatnahrauni að Rauðhól		F3
Leið frá Rauðhól að Þórisóssleið	Stikuð, lágmarks viðhald	F2
Leið frá Heljargjá að Mána á Þórisóssleið	Stikuð, lágmarks viðhald	F2
Leið frá Þórisóssleið að Botnsvatni	Stikuð, lágmarks viðhald	F2
Leið frá Jökulheimum að jökli	Stikuð, lágmarks viðhald	F2
Bárðargata milli Jökulheima og Svarthöfða	Veghaldari vari við hættulegum vatnsföllum á leiðinni.	F3
Leið frá Jökulheimum að Tungnaá	Stikað, lágmarks viðhald	F1
Vegur að Svarthöfða frá Sprengisandsvegi		F2

meðfram Hágöngulóni		
Leið frá Svarthöfða að jökli		F3
Leið af Breiðbak í Jökulheima (yfir Tungnaá)	Veghaldari vari við hættulegum vatnsföllum á leiðinni.	F3

(Í viðauka um Breiðamerkursand er skýringarmynd sem sýnir vegir á sandinum ásamt núverandi og fyrirhuguðum bílastæðum.)

Vegir sem lokaðir eru almennri umferð:

Vegur	Skilmálar
Vegur að Efstafellsgili	

Eftirtaldir vegir eru fyrirhugaðir:

- Vegur um Tungusporð frá aðgöngum 3 Kárahnjúkavirkjunar í Glúmsstaðadal niður að Aðalbóli í Hrafnkelsdal.
- Vegur að austanverðum Skeiðarárjökli.
- Tenging fyrirhugaðs skála við Gjánúpstind við núverandi veg upp Vesturdal verði hann framlengdur að þjóðgarðsmörkum.
- Vegur inn á Heinabergssvæðið að austan.

Aðalaðkomuleiðir

Vel skilgreindar og auðkenndar aðkomuleiðir auðvelda gestum för um svæðið og skapa jákvæða ímynd um þjóðgarðinn. Þær gera upplýsingagjöf og fræðslu, sem veita þarf á svæðinu, markvissari og betur aðlagða aðstæður og upplifun gesta á hverjum stað. Mikilvægt er að vinna markvisst að því að móta um hann einkennandi umgjörð.

Aðalaðkomuleiðir að þjóðgarðinum eru þessar:

- Að Jökulsárgljúfrum úr norðri: Ásbyrgisvegur nr. 861
- Að Jökulsárgljúfrum úr suðri: Dettifossvegur nr. 862
- Að norðursvæði hálendisins: Arnardalsvegur nr. F905 og Öskjuleið F88

- Að norðursvæði hálendisins, austan og vestan: Austurleið nr. F910
- Að Snæfellsöræfum: Um Fljótsdal og Jökuldal
- Að Krepputungu að vestan frá Drekgili eða Herðubreiðarlindum, að norðan frá Möðrudal og um Austurleið frá Jökuldal eða Jökuldalsheiði að austan.
- Að suðursvæði að vestan: Við Þjóðveg 1. Upplýsingar við brúarbita austan Skeiðarárbrúar.
- Að suðursvæði að austan: Við Þjóðveg 1
- Að suðursvæði um Jökulveg, F985
- Að Heinabergssvæði við Þjóðveg
- Að Hoffellsjökli við Þjóðveg
- Að Hjallanesi við Þjóðveg
- Að Fláajökli við Þjóðveg
- Bárðardalur um Kiðagilsdrög
- Að Nýjadal: Sprengisandsleið F26 að sunnan og norðan
- Að Svarthöfða frá Sprengisandsleið
- Að Tungnaáröræfum að norðan um Þórisós frá Sprengisandsleið
- Að Tungnaáröræfum og Jökulheimum að sunnan um Drekgvatnsleið F229
- Að Eldgjá og Langasjó að vestan og austan: Fjallabaksleið nyrðri F208
- Að Lakagígum: Lakavegur F206

Aðalaðkomuleiðir skulu vera vel merktar, auðkennandi og þar skal komið fyrir nauðsynlegum upplýsingum til gesta í viðeigandi þjónustueiningum.

Þjóðgarðsmörk skulu merkt sérstaklega. Gerð og umfang merkinga á þjóðgarðsmörkum ræðst af gerð vegar eða annarra aðkomuleiða (göngu-, reið- og reiðhjólaleiðir).

9.3.2 Almennir skilmálar um akstur og umferð

- Umferð vélknúinna ökutækja er aðeins heimil á vegum. Akstur er þó heimill utan vega þar sem jörð er snævi þakin og frosin skv. nánari ákvæðum um vetrarakstur hér fyrir neðan, ákvæðum reglugerðar og ákvörðunum þjóðgarðsvarða.

- Ef brýn nauðsyn krefur, er heimilt að aka vélknúnum ökutækjum utan vega í landi þjóðgarðsins, án þess að jörð sé snævi þakin og frosin, vegna starfa við landgræðslu og heftingu landbrots, mannvirkjagerð, línulagnir, vegalagnir og lagningu annarra veitukerfa, rannsóknir, landmælingar og landbúnað, enda sé ekki unnt að framkvæma viðkomandi störf á annan hátt. Slíkur akstur skal vera í samráði við þjóðgarðsvörð og með leyfi landeigenda eða réttihafa þar sem því er að skipta.

Sambærileg heimild er fyrir hendi vegna löggæslu- og björgunarstarfa en þó ekki ef um æfingar er að ræða.

- Á ræktuðu landi er heimilt að aka utan vega vegna starfa við landbúnað, ef ekki hljóttast af því náttúruspjöll.
- Sérstök aðgát skal höfð við akstur utan vega samkvæmt þessari grein til þess að draga úr hættu á náttúruspjöllum. Hafa skal fullnægjandi útbúnað til slíks aksturs. Við framangreindar athafnir skal leita leiða til að flytja efni og annað sem til þarf á þann hátt að ekki sé þörf á akstri utan vega.
- Þjóðgarðsverði er heimilt, í samráði við Vegagerð, að takmarka umferð tímabundið, til dæmis vegna flóða, aurbleytu og varps fugla.
- Settar skulu hraðatakmarkanir á vegi innan þjóðgarðsins í samstarfi við Vegagerðina sem tryggi verndun náttúru, öryggi gesta og upplifun.
- Ákvörðun um opnunar- og lokunartíma vega innan þjóðgarðsins skal tekin með samráði þjóðgarðsvarða og fulltrúa veghaldara. Eðlilegs samræmis sé gætt milli vegagerðarsvæða og rekstrarsvæða.

9.3.3 Leiðbeinandi reglur vegna lokana svæða/ vega

Þjóðgarðsverði er heimilt, samkvæmt lögum nr 60/2007 og reglugerð 608/2008, að loka hluta þjóðgarðsins tímabundið. Nánar tiltekið miðar þjóðgarðurinn við að forsendur séu fyrir slíkri lokun ef:

- svæði liggur undir skemmdum vegna t.d. átroðnings, flóða, kals, öskufalls, utanvegaaksturs, úrrennslis eða skriðufalla, og skemmdirnar eru óafturkræfar nema með friðun,
- lífríki er í hættu tímabundið svo sem á varptíma fugla, fellitíma andfugla eða burðartíma hreindýra,
- ef viðkvæmar jarðminjar eða gróðurþekja er í hættu, t.d. jarðhitasvæði, hellar með dropsteinum eða hraunstráum, nútímahraun eða mosapembur,
- í tilviki mikils hættu- eða neyðarástands, t.d. vegna náttúruhamfara, stórslysa, eða óvæntra

veðurviðburða.

Ef umfang skemmda/hættuástands er lítið má nota leiðbeinandi skilti, kaðlagirðingar eða svipað og auglýsa lokunina sem frétt á heimasíðu. Ef umfang lokunar er mikið getur þurft að loka vegi að viðkomandi svæði og ber þá að auglýsa það í Stjórnartíðindum og fjölmiðlum og tilkynna Vegagerðinni. Ávallt skal leita samstarfs við Vegagerðina ef loka þarf vegi innan þjóðgarðs.

9.3.4 Vetrarakstur og akstursleiðir að og á jökli

Heimilt er að aka á vélknúnum ökutækjum og vélsleðum utan vega innan þjóðgarðsins svo fremi sem jörð er snævi þakin og frosin og þess gætt að ekki sé valdið skemmdum á vettvangi. Þetta gildir þó ekki í Jökulsárgljúfrum, í Skaftafelli, Hoffelli og í Öskju, sbr. afmörkun þessara svæða í reglugerð um Vatnajökulsþjóðgarð nr. 608/2008, sbr. reglugerð nr. 755/2009.

Samkvæmt ákvæðum reglugerðar er heimilt er að fara um Vatnajökul á vélknúnum ökutækjum nema á leiðum sem merktar hafa verið til annarra nota. Þó gilda sérstakar takmarkanir um akstur vélknúinna ökutækja á Hvannadalshnjúk, Örfajökli og í Kverkfjöllum.

Gæta þarf að skilmálum sem kunna að gilda um vetrarakstur á víðernum og svæðum með sérstökum verndarákvæðum.

Akstursleiðir á Vatnajökul eru tilgreindar í kafla 9.1.1 um jaðra skriðjökla. Þar sem jaðrar jöklanna breytast hratt og yfirborð þeirra er breytilegt frá ári til árs er ekki hægt að gefa upp nákvæma staðsetningu aðkomuleiða á jökulinn eða hversu lengi þær eru færar fram eftir sumri. Ferðamenn leiti sér upplýsinga hjá landvörðum, Jöklarannsóknafélaginu og/eða Landsbjörgu. Óvönnum er ekki ráðlagt að aka á jökulinn án fylgdar.

9.3.5 Gönguleiðir

Gestum þjóðgarðsins er heimilt að fara gangandi, á skíðum, skautum, snjóþrúgum og óvélknúnum sleðum eða á annan sambærilegan hátt um þjóðgarðinn. Þar sem eru merktar leiðir ber gestum að fylgja þeim eða að fara að fyrirmælum þjóðgarðsvarða. Þjóðgarðsverði er heimilt að loka gönguleiðum tímabundið ef náttúruvernd eða öryggi gesta gefur tilefni til.

Á helstu viðkomustöðum eru fjölbreyttar gönguleiðir og stígar, flestar innan við 10 km langar. Lengri gönguleiðir, sem tengja saman fjarlæg svæði, eru þessar:

- Ásbyrgi – Dettifoss Snæfellsskáli – Laugafell
- Snæfellsskáli - Geldingafell – Lónsöræfi
- Eyjabakkavað – Eyjakofi - Geldingafell

- Fjallsárlón – Jökulsárlón
- Snæfellsskáli - Laugafell
- Langisjór – Skælingar – Eldgjá – Hólaskjól
- Kverkfjöll (Þjónustusvæði við Virkisfell) - Hveragil
- Gönguleið úr Hvannalindum í Kverkfjöll (Þjónustusvæði við Virkisfell)
- Breiðármörk, gönguleið á milli Jökulsárlóns og Fjallsárlóns (17 km). Að öllu leyti innan þjóðgarðs.
- Gönguleið frá Haukafelli að Skálafelli, Mýrajökklar (22 km). Að hluta til innan þjóðgarðs.
- Gönguleið frá Skaftafelli í Freysnes. Að hluta innan þjóðgarðs.

Stefnt er að nýjum gönguleiðum milli fjarlæggra svæða sem hér segir en stjórn er þó heimilt að skilgreina nýjar gönguleiðir með þessu umfangi með öðrum hætti. Hluti þeirra liggur milli þjóðgarðs og aðliggjandi svæða en í þeim tilvikum skal samráð haft við viðkomandi landeigendur, sveitarfélög og ferðamálafélög.

- Hringleið umhverfis Vatnajökul allan
- Dettifoss – Mývatnssveit Bræðrafell – Heilagsdalur
- Mývatn - Suðurárbotnar (meðfram Kráká) Mývatn - Suðurárbotnar (um Heilagsdal) Snæfellsskáli - Grágæsadalur – Kverkfjöll Kverkfjöll – Askja
- Askja – Jökuldalur
- Jökulheimar - Grænalón / Núpsstaðaskógur Núpsstaðaskógur – Skaftafell
- Veiðivötn - Ljósufjöll – Jökulheimar Jökulheimar – Vonarskarð Vonarskarð – Stóratunga Vonarskarð – Askja
- Um Tungnaáröræfi, til dæmis Jökulheimar – Versalir
- Langisjór – Lakagígar – Skælingar – Eldgjá (göngubrýr eða göngubrú og kláfur á Skaftá) Lakagígar - Núpsstaðaskógur

Gert er ráð fyrir samfelldu göngusvæði frá Lónsöræfum að Skálafelli og að gönguleiðir liggi að hluta innan þjóðgarðsmarka.

Göngustígar

Göngustígar eru með breyttu yfirborði, yfirleitt stuttar vegalengdir og á fjölförnum viðkomustöðum. Tryggja skal að stígar séu öruggir, vandaðir og vel merktir, meðal annars með upplýsingum um erfiðleikaflokk. Þjóðgarðsverði er heimilt að loka göngustígum tímabundið ef náttúruvernd eða öryggi gesta gefur tilefni til.

Göngustígar koma fram á göngukortum viðkomandi viðkomustaða.

Göngubrýr eða kláfar

Hér eru tilgreindir staðir þar sem gert er ráð fyrir að för göngufólks sé auðvelduð með brú eða kláfi þegar um veruleg vatnsföll er að ræða og þörf er fyrir rammgert mannvirki. Gert er ráð fyrir því að minniháttar göngubrýr yfir læki séu eðlilegur hluti gönguleiða á sama hátt og stikur eða leiðarmerki.

Göngubrýr eða kláfar eru nú þegar á eftirtöldum stöðum:

Á norðursvæði

- Austan Eyjaráss, yfir Víðralæk (aflögð ökubru, nú á reiðleið) Yfir Brandslæk norðan Hólmárfossa (aflögð ökubru)
- Nyrst í Hólm Tungum, yfir Hólmá við Hólmárfossa (aflögð ökubru)
- Í Hólm Tungum, yfir Melbugsa

Á austursvæði

- Í Kverkfjöllum, yfir Volgu

Á suðursvæði

- Í Morsárdal, við Götugil, yfir Morsá
- Í Morsárdal, innan við Grjóthól, yfir Morsá
- Kláfur yfir Breiðá, í einkaeign.
- Í Hjallanesi yfir Kolgrímu

Á vestursvæði

- Yfir Nyrðri-Ófæru í Eldgjá

Gert er ráð fyrir göngubru eða kláfi á eftirtöldum stöðum:

Á norðursvæði:

- Í mynni Vonarskarðs, yfir Rjúpnabrekkukvísl

Á austursvæði:

- Í Kverkfjöllum, yfir ónefnda á innan Volgu
- Í Kverkfjöllum, yfir Volgu (verulegar endurbætur)
- Við Geldingafell, yfir Blöndu (kláfur)
- Í Mariútungum á Vesturöræfum, yfir Jökulkvísl (kláfur)
- Við Kreppuþröng, yfir Kreppu
- Hjá vestari og eystri Kreppuhaga, yfir Kreppu
- Við Vaðöldu, yfir Jökulsá á Fjöllum
- Í Kverkfjöllum, yfir ónefnda á innan Volgu

Á suðursvæði:

- Í Morsárdal, við Morsárlón, yfir Morsá
- Við vestanverðan Fláajökul, yfir Hólmsá
- Í Hoffellsfjöllum, yfir Efstafellsgil
- Austan Skaftafells, yfir Skaftafellsá
- Göngubrá yfir Veðurá, tímabundin brúun heimiluð
- Göngubrá yfir Miðfellsá (úr Veðurárdal), tímabundin brúun heimiluð

Á vestursvæði

- Göngubrá frá gestastofu yfir á Kirkjubæjarklaustur, yfir Skaftá (utan þjóðgarðsmarka)
- Við Sveinstind, yfir Skaftá (kláfur eða brú)
- Á Skælingum milli Hólaskjól og Stóragils, yfir Skaftá (kláfur eða brú)
- Framan við Eldgjá, yfir Nyrðri-Ófæru

Umferð annarra en gangandi fólks á göngubráum, t.d. á vélsleðum eða hestum, er heimil ef slíkri

umferð er heimil för að brúnni, nema sérstakar ástæður hamli, t.d. vegna burðarþols eða varasamra aðstæðna og skulu þá merkingar gera grein fyrir slíku banni.

9.3.6 Reiðleiðir

Umferð á hestum um þjóðgarðinn er heimil á þeim reiðleiðum sem nefndar eru hér fyrir neðan og koma fram á útgefnum kortum þjóðgarðsins. Helstu afmarkaðir áningarstaðir fyrir hesta eru skilgreindir en einnig er heimilt á skilgreindum áningarstöðum fyrir hesta, sem þjóðgarðurinn veitir upplýsingar um, að slá upp tímabundnu aðhaldi.

Umferð á hestum er einnig leyfð á þeim vegum sem skilgreindir eru í kafla 9.3 enda sé ekki um aðra reiðleið að ræða. Fylgt sé greinilegu yfirborði vegar, stikum eða slóð vélknúinna ökutækja þar sem því verður við komið. Gæta þarf ýtrustu varúðar á fjölfarnari vegum, einkum þar sem vegur er greiðfær og búast má við hraðri umferð ökutækja.

Fylgja ber merktum reiðleiðum þar sem þær eru fyrir hendi.

Á ferð um hálendi þjóðgarðsins og önnur lítt gróin svæði skulu hestamenn sjálfir hafa tiltækt nægjanlegt fóður fyrir hesta sína. Óheimilt er að beita hestum innan þjóðgarðsins nema sérstaklega sé gert ráð fyrir því á áningarstöðum fyrir hesta.

Leyfi þjóðgarðsvarðar þarf fyrir hópferð um þjóðgarðinn þar sem fleiri en 20 hestar eru í för. Innan Vatnajökulspjóðgarðs er umferð á hestum heimil á eftirtöldum reiðleiðum:

Leið	Skilmálar
Um Sprengisand, Bárðardalur austan Skjálfandafljóts, um Nýjadal og Tómasarhaga	
Um Sprengisand, Bárðardalur vestan Skjálfandafljóts, um Nýjadal, Tómasarhaga og Fjórðungsöldu.	
Um Sprengisand, Nýidalur - Laugafell	
Jökulsárgljúfur - Mývatnssveit	
Mývatnssveit - Möðrudalur, um Herðubreiðarlindir og Upptýppinga	
Milli skeiðvallar í Ásbyrgi og íþróttavallar í botni Ásbyrgis	Einungis einhesta
Meiðavellir - Ásbyrgisbarmur vestanverður, um Meiðavallaskóg	Leiðin fylgir aflagðri ökuslóð.

Fljótsdalur - Sauðárkofi, um Laugafell, Þjófadal, Snæfellsskála og Fjallaskarð inn Vesturöræfi	
Með Morsá áleiðis að Bæjarstaðarskógi.	Leiðin fylgi aflagðri ökuslóð. Samráð skal haft við þjóðgarðsvörð um hestaferðir eftir þessari leið.
Hrossatungur - Blágil - Blængur	Leiðin fylgi aflagðri ökuslóð
Með Fjallabaksleið nyrðri	Grafgötur á núverandi leið verði lagfærðar. Í samstarfi við sveitarfélagið verði stefnt að því að leggja nýja reiðleið vestan núverandi Fjallabaksleiðar.
Fyrirhugaðar reiðleiðir	
Gömul reiðleið milli Svínadals og Vesturdals yfir Eyjuna	Einungis einhesta
Um Heinabergssvæðið frá Haukafelli að brúnni yfir Heinabergsvötn	
Ásbyrgisbarmur vestanverður - Bjargadalur. Tenging reiðleiðar um Meiðavallaskóg við reiðleið um Jökulsárgljúfur.	

Áningarstaðir fyrir hesta eru skilgreindir sem hér segir:

- Næturhólf: Varanlega afmarkað svæði með vatni og aðkomu fyrir fóður.
- Áningarhólf: Varanlega afmarkað svæði með vatni en án aðkomu fyrir fóður.
- Skiptihólf/Áningargerði: Varanlega afmarkað svæði án vatns og án aðkomu fyrir fóður.
- Aðhald: Skilgreint svæði þar sem tímabundið er leyfilegt að slá upp öruggri girðingu utan um hesta.

Innan Vatnajökulsþjóðgarðs eru helstu áningarstaðir sem hér segir:

- Ofan Hólmatungna: Aðhald
- Í Svínadal: Aðhald

- Við Langavatnshöfða: Næturlólf
- Við Skeiðvöll í Ásbyrgi: Næturlólf
- Mynni Ásbyrgis og Ás: Áningargærði
- Botn Ásbyrgis: Áningargærði
- Við brú á Jökulsá á Fjöllum við Upptýppinga: Aðhald eða tímabundið næturlólf
- Við Kreppubrú: Aðhald
- Við nyrðri brún Upptýppinga þar sem beygt er að Vatnamælingaskúr: Aðhald
- Við Snæfellsskála: Næturlólf
- Við Sauðárkofa: Næturlólf
- Við Skuggafjallakvísl á Fjallabaksleið nyrðri: Áningargærði
- Við vegamót F208 og F223 (mynni Eldgjár) á Fjallabaksleið nyrðri: Áningargærði
- Á þjónustusvæði við suðvesturenda Langasjávar: Aðhald
- Vestan við Blautulón: Aðhald
- Í Nýjadal: Næturlólf

Stefnt er að því að fjölga í áföngum áningarstöðum fyrir hesta á skilgreindum reiðleiðum.

Þjóðgarðsvörður getur tímabundið sett skilyrði um ferðamáta til að tryggja að ekki verði spjöll á náttúru og menningarminjum þjóðgarðsins.

Stjórn þjóðgarðsins getur skipulagt og skilgreint fleiri reiðleiðir og áningarstaði innan þjóðgarðsins.

Þjóðgarðurinn gefur út yfirlit yfir reiðleiðir og áningarstaði fyrir hesta og sýnir á útgefnum kortum þjóðgarðsins.

9.3.7 Reiðhjólaleiðir

Umferð reiðhjóla er heimil á vegum, bílastæðum og merktum reiðhjólaleiðum í þjóðgarðinum. Umferð reiðhjóla á göngustígum og gönguleiðum er heimil þar sem ekki gilda sérstök bönn við reiðhjólaumferð, enda valdi það ekki spjöllum og full aðgát sé viðhöfð gagnvart göngufólki.

Þjóðgarðsvörður getur heimilað umferð reiðhjóla á tilteknum reiðleiðum eða reiðstígum enda

hafi hjólreiðafólk þá gát gagnvart hestaumferð og víki fyrir henni. Þjóðgarðsverðir geta bannað umferð reiðhjóla á göngustígum, göngu- og reiðleiðum þar sem umferð er mikil eða þar sem gróðurlendi getur hlotið skaða af.

Að öðru leyti gilda almennir skilmálar um akstur og umferð um umferð reiðhjóla eftir því sem við getur átt.

9.3.8 Aðgengi fatlaðra

Nauðsynlegt er að tryggja gott aðgengi fatlaðra að þjónustu á helstu þjónustusvæðum og að valdar gönguleiðir séu færar fötluðum, til dæmis í hjólastól. Upplýsingum um aðgengi fatlaðra verði miðlað á greinargóðan hátt og í samræmi við viðurkennd flokkunarviðmið.

9.3.9 Landtaka skipa og báta

Landtaka allra vélknúinna skipa og báta innan friðlýsta svæðisins á Breiðamerkursandi er óheimil.

9.3.10 Lendingar loftfara

Hjá Isavia eru skráðir tveir landingastaðir í Vatnajökulspjóðgarði, þ.e. BIHE - Herðubreiðarlindir og BIND - Nýdalur. Nálægt mörkum þjóðgarðsins eru tveir aðrir landingarstaðir: BISA - Sauðárflugvöllur og BISL - Skaftafell.

Lendingar loftfara (þyrlna, flugvéla og fisa) utan flugvalla (landingarstaða) eru háðar leyfi þjóðgarðsvarðar hverju sinni. Undantekningar eru utanflugvallalendingar á aflögðum flugvöllum (Snæfell, Kverkfjöll og Gæsavötn) þar sem ekki er þörf á sérstöku leyfi. Slíkar landingar utan vottaðra flugvalla (flugvalla með starfsleyfi frá Samgöngustofu) eru að fullu á ábyrgð flugstjóra.

9.3.11 Drónar og önnur fjarstýrð loftför

Um notkun fjarstýrðra loftfara í Vatnajökulspjóðgarði gildir eftirfarandi:

- Reglugerð nr. 990/2017 um starfrækslu fjarstýrðra loftfara.
- Verklagsreglur á tilteknum svæðum innan Vatnajökulspjóðgarðs, byggðar á 38. gr. reglugerðar um Vatnajökulspjóðgarð 300/2020 og útlistaðar á vef Vatnajökulspjóðgarðs að undangengnu samþykki svæðisráða og stjórnar.

9.4 Þjónustusvæði

9.4.1 Almenn ákvæði

Þjónustusvæði eru þeir staðir þar sem gestir njóta þjónustu eða fá upplýsingar með einhverjum hætti. Á þessum svæðum er að finna eina eða fleiri þjónustueiningar á vegum þjóðgarðsins sem flokkaðar eru sem hér segir:

- Gestastofur
- Upplýsingastöðvar
- Landvörslustöðvar
- Gestaskjól
- Áningarstaðir fyrir daggesti
- Tjaldsvæði
- Skálar
- Upplýsinga- og fræðsluskilti

Sum þjónustusvæði fela í sér blöndu ofangreindra þjónustueininga. Að auki getur stjórn samið við einkaaðila um rekstur innan þjónustusvæðis enda uppfylli slíkir aðilar kröfur sem gerðar eru til starfsemi innan þjóðgarðsins.

Gestum þjóðgarðsins ber að gista á skipulögðum þjónustusvæðum þar sem gístiaðstaða er í boði.

Þjónustusvæði með húsbyggingum eru almennt tilgreind í skipulagsáætlunum sveitarfélaganna, yfirleitt annað hvort sem verslunar- og þjónustusvæði eða fjallaskálar. Gera skal deiliskipulag fyrir öll mannvirkjasvæði.

Gera má ráð fyrir breytingum á þjónustuneti þjóðgarðsins, til dæmis fjölgun landvörslustöðva. Um slíkar breytingar skal fjallað í stjórn þjóðgarðsins og samstarfs leitað við viðkomandi sveitarfélag. Málsmeðferð falli að öðru leyti saman við breytingar á skipulagsáætlunum eftir því sem við á.

Um þjónustueiningarnar innan þjóðgarðsins gilda eftirfarandi almennir skilmálar:

- Þjónustusvæðum skal haldið í lágmarki og öllum þjónustueiningum og þjónustusvæðum skal fundinn staður þar sem þau hafa sem minnst áhrif á náttúru- og menningarminjar svæðisins og skyggja sem minnst á opið og/eða einstakt landslag þess.
- Við gerð deiliskipulags og hönnun mannvirkja skal notast við bestu tækni til að sjá fyrir um

útlit mannvirkja og ásýnd svæða áður en ráðist er í framkvæmdir.

- Mannvirki skulu vera lágreist, falla vel að landi og útlit þeirra samræmt en þó með sérstöðu einstakra svæða í huga.
- Vanda skal til alls frágangs mannvirkja og umhverfis þeirra og öllum frágangi umhverfis skal ljúka um leið og einstökum framkvæmdum við mannvirki lýkur.
- Tryggja skal að engin mengun verði af frárennsli frá mannvirkjum og allur frágangur frárennislagna og rotþróa skal standast kröfur um frágang og hljóta samþykki heilbrigðisfulltrúa.
- Tryggja skal að engin mengun verði af völdum sorps sem fellur til frá þjónustueiningum og að flokkun og förgun úrgangs sé í samræmi við umhverfisstefnu þjóðgarðsins.

Áður en ráðist er í gerð eða byggingu nýrra þjónustueininga skal leggja mat á eftirfarandi þætti:

- Nauðsyn framkvæmdarinnar.
- Tækifæri og kosti viðkomandi staðsetningar með tilliti til náttúru- og menningarminja, annarra innviða og akvega, göngu- reið- og reiðhjólaleiða.
- Mat á verndargildi náttúru- og menningarminja svæðisins.
- Hættur sem framkvæmdin getur haft í för með sér fyrir viðkomandi minjar og mótvægisáðgerðir, s.s. vöktun og aðrar aðgerðir.
- Þróun starfseminnar, umferðar og gestafjölda á viðkomandi stað.
- Rekstrarlegan grundvöll, gerð og umfang þjónustu og kostnað við rekstur, s.s. eftirlit, upplýsingagjöf og fræðslu.

9.4.2 Gestastofur

Gestastofur skulu að jafnaði vera við helstu og fjölförnustu aðkomuleiðir að fjórum rekstrarsvæðum þjóðgarðsins. Þar skulu almennt vera góð tengsl milli aðkomu/innkomu að svæðinu og helstu innviða og leiða á svæðinu: vegi, göngu-, reið- og reiðhjólaleiðir. Þar skal einnig gert ráð fyrir nægjanlegu rými undir bílastæði og kostur er að gestastofur séu í tengslum við aðra þjónustu sem veitt er á svæðinu svo að samnýta megi fyrirferðarmikil mannvirki eins og bílastæði. Gestastofur geta verið reknar í samstarfi við fleiri aðila og kostur er að nýta bæði húsakost og aðra þjónustu sem þegar er fyrir hendi.

Deiliskipulag tilgreini meðal annars stærð lóðar, hæð húsa, litaval, stærð bílastæða, helstu leiðir eins og vegi, göngu-, reið- og reiðhjólaleiðir.

Gestastofur skulu opnar allt árið um kring eða eins og fjárframlög veita og þar skal að lágmarki vera eftirfarandi þjónusta:

- Upplýsingagjöf.
- Fræðsla í formi sýninga, viðburða og gönguferða.
- Salerni, sorphirða og áningaraðstaða utandyra.

Í minjagripaverslun gestastofa skal lögð áhersla á sölu umhverfisvænna minjagripa úr heimahéruðum þjóðgarðsins.

9.4.3 Upplýsingastöðvar

Upplýsingastöðvar skulu að jafnaði vera við fjölfarnar aðkomuleiðir að fjórum rekstrarsvæðum þjóðgarðsins en ekki er nauðsynlegt að þær séu innan þjóðgarðs. Hlutverk þeirra er að koma nauðsynlegum upplýsingum til gesta sem hyggjast heimsækja þjóðgarðinn.

Sé upplýsingastöð innan þjóðgarðs skal deiliskipulag tilgreina stærð lóðar, hæð húsa, litaval, stærð bílastæða, helstu leiðir eins og vegi, göngu-, reið- og reiðhjólaleiðir.

Upplýsingastöðvar skulu almennt opnar frá maí til september, eftir aðstæðum á hverju svæði. Þar skal að lágmarki vera eftirfarandi þjónusta á vegum þjóðgarðsins en önnur þjónusta getur verið í boði af hálfu einkaaðila:

- Upplýsingagjöf.
- Fræðsla í formi lítilla sýninga.

9.4.4 Landvörslustöðvar

Landvörslustöðvar skulu að jafnaði vera þar sem nauðsynlegt er vegna umferðar að hafa daglegt eftirlit innan þjóðgarðsins og veita þjónustu sem krefst viðveru eins og gistingu, upplýsingagjöf og fræðslu. Landvörslustöðvar skulu einnig vera þar sem tryggt er að þær þjóni hlutverki sínu og nái til gesta sem fara um svæðið. Landvörslustöðvar geta verið reknar í samstarfi við fleiri aðila og kostur er að nýta bæði húsakost og aðra þjónustu sem þegar er fyrir hendi. Við byggingu nýrra landvörslustöðva skal gera deiliskipulag sem tilgreinir stærð lóðar, hæð húsa, litaval, stærð bílastæða, tjaldsvæði og helstu leiðir.

Landvörslustöðvar skulu opnar hluta úr ári og þar skal vera:

- Aðsetur landvarðar.
- Upplýsingagjöf.
- Fræðsla í formi gönguferða eða annarra miðla eftir aðstæðum.

9.4.5 Gestaskjól

Gestaskjól skulu að jafnaði vera þar sem fyrir er veitt önnur þjónusta eins og á áningarstöðum eða landvörslustöðvum og þar sem ekki er hægt að halda úti stöðugri viðveru og afgreiðslutíma. Hlutverk gestaskjóla er að vera með ómannaða upplýsingagjöf og fræðslu undir þaki og eru þær opnar þann árstíma sem önnur þjónusta er veitt á svæðinu.

Ekki skal ráðast í nýbyggingu gestaskjóla nema þar sem gert er ráð fyrir nýbyggingu annarra þjónustumannvirkja. Gestaskjól skulu opin hluta úr ári og þar skal vera:

- Ómönnuð upplýsingagjöf.
- Fræðsla í formi lítilla og einfaldra sýninga.

9.4.6 Áningarstaðir fyrir gesti

Áningarstaðir fyrir gesti skulu að jafnaði vera þar sem fyrir er að finna náttúru- og/eða menningarminjar sem draga að sér talsverðan fjölda gesta og ástæða er til að veita þjónustu, upplýsingar og fræðslu. Áningarstaðir skulu einnig að jafnaði staðsettir þannig að þeir dragi saman (þétti) umferð og lágmarki neikvæð áhrif af mikilli umferð gesta á minjar.

Deiliskipulag nýrra áningarstaða tilgreini stærð og legu áningarstaðar og staðsetningu, hæð, litaval og útlit mannvirkja, stærð bílastæða og helstu leiðir.

Áningarstaðir skulu opnir eins og umferð og færð leyfa og þar skulu vera (nema annað sé tekið fram):

- Bílastæði.
- Salernishús (vatns- eða þurrsalerni).
- Áningarborð.
- Sorphirða á láglendisstöðum.
- Upplýsinga- og fræðsluskilti.

9.4.7 Tjaldsvæði

Tjaldsvæði Vatnajökulspjóðgarðs má flokka í þrennt:

1. Tjaldsvæði með mikilli þjónustu skulu að jafnaði vera á jaðri þjóðgarðsins þar sem fyrir er ýmis önnur þjónusta veitt af þjóðgarði eða einkaaðilum. Tjaldsvæðin skulu vera rúmgóð og staðsett þar sem möguleiki er á að stækka svæðið eða auka þar þjónustu.
2. Tjaldsvæði með lágmarkspjónustu skulu að jafnaði vera innan þjóðgarðs þar sem fyrir eru landvörslustöðvar með stöðugri viðveru eða önnur þjónusta, s.s. gistiskálar. Tjaldsvæði með lágmarkspjónustu skulu falla vel að náttúrulegu umhverfi þjóðgarðsins og þar skal ekki fara fram nein ræktun og/eða aðgerðir sem kalla á breytingu á náttúru tjaldsvæðisins, s.s. sláttur og áburðargjöf. Tjaldsvæðin skulu vera þar sem rask á náttúrulegu umhverfi er lágmarkað.
3. Skilgreind göngutjaldsvæði skulu að jafnaði vera á lengri gönguleiðum þjóðgarðsins þar sem ástæða er til vegna álags eða rasks á náttúrulegt umhverfi að afmarka tjöldun göngufólks og koma í veg fyrir skemmdir. Ástand göngutjaldsvæða skal vaktað.

9.4.8 Gisting utan merktra tjaldsvæða

Gisting utan merktra tjaldsvæða er óheimil á eftirtöldum svæðum:

- Í Jökulsárgljúfrum.
- Á svæði sem nýtur sérstakrar verndar í Öskju.
- Í Kreppulindum.
- Á láglandi á Hoffellssvæði og Heinabergssvæði.
- Á Skaftafellsheiði, Bæjarstaðarskógi og í Morsárdal. Þó er heimilt að tjalda í Skaftafellsfjöllum ofan 400 metra hæðar og á svæði í mynni Kjósar. Ferðafólk afli upplýsinga hjá þjóðgarðinum um tjöldun á þessum svæðum.

Um gistingu utan merktra tjaldsvæða í Vatnajökulspjóðgarði gilda að öðru leyti sérreglur sbr. 10. gr. reglugerðar 300/2020 um Vatnajökulspjóðgarð, sem stjórn setur í samráði við svæðisráð og birtar eru á vef þjóðgarðsins. Reglurnar skulu endurspegla markmið og skilmála stjórnunar- og verndaráætlunar (sem byggja á lagamma Vatnajökulspjóðgarðs) og ákvæði laga um náttúruvernd nr. 60/2013.

9.4.9 Skálar

Skálar í Vatnajökulspjóðgarði eru fjalla- og hálendissskálar ætlaðir gestum þjóðgarðsins til gistingar, áningar eða annarrar takmarkaðrar veru. Afnot af skálum skulu standa almenningi til boða samkvæmt skilmálum eigenda, svo sem um góða og ábyrga umgengni, bókunarreglur og greiðslu leigugjalds.

Skála í þjóðgarðinum má flokka í þrennt:

1. Gistiskálar. Þeir eru aðgengilegir bílaumferð og skulu að jafnaði vera þar sem einnig er veitt önnur þjónusta, s.s. tjaldsvæði, upplýsingagjöf og fræðsla. Þeir skulu einnig að jafnaði staðsettir þannig að milli þeirra séu hæfilegar dagleiðir sem nýtast göngumönnum á lengri gönguleiðum þjóðgarðsins og aðliggjandi svæða.
2. Gönguskálar. Þeir skulu að jafnaði vera við lengri gönguleiðir þjóðgarðsins sem geta tengst aðliggjandi svæðum og á milli þeirra eða annarra gististaða skulu vera hæfilegar dagleiðir fyrir göngumenn. Ekki er opið fyrir almenna umferð vélknúinna ökutækja að gönguskálum að sumarlagi og þar skal tryggja einstaka upplifun gesta utan alfaraleiða.
3. Rannsóknarskálar. Þeir eru byggðir til afnota fyrir vísindamenn og aðra sem koma að rannsóknum í þjóðgarðinum og njóta þeir forgangs til afnota af slíkum skálum. Þegar slíkum afnotum sleppir skulu almenningi að jafnaði standa til boða afnot af rannsóknarskálum, til gistingar, áningar eða annarra tímabundinna nota.

Að auki eru í þjóðgarðinum neyðarskýli (þar með talin svonefnd sæluhús) sem ætluð eru almenningi til skjóls og afnota í neyðartilvikum.

Gangnamannaskálar eru einkum ætlaðir gangnamönnum til skjóls og aðstöðu við leitir og smölun sauðfjár en standa almenningi opnir a.m.k. í neyðartilvikum.

Minniháttar aðstöðuhús eru fyrir hendi eða kunna að verða reist vegna sérgreindrar þjónustu eða starfstengdra markmiða, s.s. skýli vegna fjarskiptamannvirkja, laus smáhýsi vegna tímabundinna starfa, s.s. við rannsóknir, landmælingar, línu- og vegalagningu eða -viðgerðir, verndun og viðhald landgæða eða annað slíkt, enda beri nauðsyn til þess. Afla þarf leyfis þjóðgarðsvarðar og stöðuleyfis sveitarfélags vegna minniháttar aðstöðuhúsa sem ekki teljast til fasteigna.

9.4.10 Upplýsinga- og fræðsluskilti

Upplýsinga- og fræðsluskilti skulu vera þar sem tilefni er til að miðla upplýsingum um ferðaleiðir, þjónustu, náttúrufar og menningarminjar.

Gert er ráð fyrir umfangsmeiri skiltum sem mynda upplýsingatorg eða -hlið við aðkomur í

Þjóðgarðinn þar sem nauðsynlegt þykir að koma upplýsingum til gesta. Staðsetning upplýsingatorga og -hliða getur farið saman við þjóðgarðsmörk en í þeim tilvikum, sem svo er ekki, skulu þjóðgarðsmörk merkt sérstaklega. Gerð og umfang merkinga á þjóðgarðsmörkum ræðst af gerð vegar eða annarra aðkomuleiða (göngu-, reið- og reiðhjólaleiða).

Upplýsingatorg og -hlið veita nauðsynlegar upplýsingar um viðkomandi svæði og leiðir, rötun og öryggismál.

Minni skilti, upplýsinga- og fræðslupóstar, skulu að jafnaði vera á vinsælum gönguleiðum á láglendi og hálendi auk áningarstaða á fáförnum hálendisleiðum. Á upplýsinga- og fræðslupóstum standa símanúmer sem hægt er að hringja í og fá fræðandi upplýsingar um viðkomandi svæði eða einstakar náttúru- eða menningarminjar sem pósturinn vísar til. Þetta eru látlaus mannvirki sem falla vel að náttúru svæðisins.

9.4.11 Innan norðursvæðis

Mynni Ásbyrgis, Ás og Ástjörn

Forsendur:

Svæðið er stærsta þjónustusvæðið á norðursvæði þjóðgarðsins. Á vegum þjóðgarðs eru þar gestastofan Gljúfrastofa, tjaldsvæði með tilheyrandi þjónustubyggingum, starfsmannahús, geymslur og verkstæði. Á vegum einkaaðila, félagasamtaka eða stofnana eru auk þess verslun og veitingasala, eldsneytisafgreiðsla, handverkshús, skeiðvöllur, golfvöllur og sumarbúðir. Í gildandi deiliskipulagi er auk þess gert ráð fyrir lóð undir hótél og smáhýsi.

Markmið:

Að hafa stórt og rúmgott þjónustusvæði við eina af meginaðkomum að norðursvæði þjóðgarðsins þar sem bæði getur rúmast þjónusta á vegum þjóðgarðs og einkaaðila.

Að hafa vel skilgreint þjónustusvæði í mynni Ásbyrgis sem tengir saman þjóðgarð og samfélag.

Skilmálar:

Við endurnýjun deiliskipulags verði gert ráð fyrir stærra þjónustusvæði sem nær yfir mynni Ásbyrgis beggja vegna Eyjunnar, Ás, Ástjörn og syðsta hluta Ássands.

Innri hluti Ásbyrgis

Forsendur:

Vinsæll og fjölfarinn viðkomustaður gesta á norðursvæði Vatnajökulsþjóðgarðs. Þar var einnig tjaldsvæði en nú aðeins notað sem slíkt þegar mjög mikill fjöldi er á svæðinu.

Markmið:

Að bjóða upp á áningarstað með lágmarkspjónustu og einstakri upplifun fyrir gesti sem heimsækja vinsælan viðkomustað í Ásbyrgi.

Skilmálar:

Skilgreindur áningarstaður fyrir daggesti, varatjaldsvæði og leiksvæði.

Ekki er gert ráð fyrir að stækka þjónustusvæðið á kostnað náttúrulegs birkiskógar.

Vesturdalur og Hljóðaklettur

Forsendur:

Á svæðinu er landvörslustöð. Náttúrulegar grundir Vesturdals eru nýttar sem tjaldsvæði með lágmarkspjónustu og Hljóðaklettur eru vinsæll áningarstaður tjaldgæsta. Tjaldsvæðið þolir illa mikið álag en vorflóð vegna leysinga og aurburðar gera það viðkvæmt. Bílaumferð um flatirnar eykur þéttni í jarðvegi sem aftur eykur á viðkvæmni gróðurs. Til framtíðar er gert ráð fyrir að aðaláningarstaður daggesta verði á Langavatnshöfða þaðan sem helstu gönguleiðir um Hljóðakletta og nágrenni hefjast. Gígaröðin Hljóðaklettur er einstök á heimsvísu. Umhverfi klettanna er afar viðkvæmt fyrir traðki.

Markmið:

Að bjóða upp á þjónustusvæði með lágmarkspjónustu og einstakri upplifun í náttúrulegu umhverfi Jökulsárgljúfra.

Að viðhalda einstakri upplifun sem tjaldsvæðið í Vesturdal býður upp á og takmarka umferð í gegnum svæðið.

Skilmálar:

Deiliskipulag nýs áningarstaðar á Langavatnshöfða og fyrir Vesturdal geri ráð fyrir landvörslustöð og tjaldsvæði með lágmarkspjónustu, auk göngustíga og fræðsluskilta.

Gerð verði greiðfær gönguleið frá Langavatnshöfða og um Hljóðakletta.

Stjórn Vatnajökulspjóðgarðs, í samráði við þjóðgarðsvörð og svæðisráð, er heimilt að setja reglur um takmörkun umferðar í Vesturdal, Hljóðakletta og Rauðhóla, í því skyni að uppfylla verndarmarkmið.

Hólmatungur

Forsendur:

Vinsæll viðkomustaður gesta á norðursvæði. Núverandi áningarstaður verði lagður af og gerður nýr á Ytra-Þórunnarfjalli þar sem er gott útsýni yfir Hólmatungur og Forvöð.

Markmið:

Að bjóða upp á áningarstað með lágmarksþjónustu og einstakri upplifun fyrir gesti sem heimsækja Hólmatungur.

Skilmálar:

Deiliskipulag geri ráð fyrir nýjum áningarstað fyrir daggesti á Ytra-Þórunnarfjalli.

Dettifoss og aðkoma að Dettifossi vestanverðum

Forsendur:

Hér er um nýtt þjónustusvæði að ræða sem gert er ráð fyrir að rísi við aðkomu að Dettifossi að vestanverðu. Nýr Dettifossvegur kallar á aukna þjónustu. Þjónustusvæðið verði við núverandi bílastæði við Dettifoss þar sem meðal annars verði upplýsingamiðlun til gesta sem hyggjast heimsækja þjóðgarðinn.

Fjölsóttasti áfangastaður ferðamanna innan þjóðgarðssvæðisins í Jökulsárgljúfrum. Miklar minjar fornra hamafaraflóða næst fossinum. Mikil gróður- og jarðvegseyðing vegna uppblásturs hærra í landinu, m.a. á efra þjónustusvæðinu sem fyrirhugað er.

Markmið:

Að byggt verði upp þjónustusvæði með þjónustu og tengingum við gönguleiðakerfi sem hæfir fjölförnum ferðamannastað í þjóðgarði. Þar verði miðlað upplýsingum um náttúrufar svæðisins með sérstakri áherslu á jarðfræði og sögu.

Skilmálar:

Þjónustusvæði við Dettifoss vestanverðan verði tvískipt: Efra svæði og neðra svæði. Við núverandi bílastæði á neðra svæði skal vera salernishús og þar verði einnig upplýsinga- og fræðsluskilti, allt samkvæmt nágildandi deiliskipulagi. Endurskoða skal ákvæði um upplýsingastöð, áningarstað með áningarborðum, veitingasölu og tjaldsvæði fyrir göngufólk. Efra svæðið skal vera við gatnamót Dettifossveggar (862) og Dettifossveggar vestari (886). Deiliskipulag geri ráð fyrir salernishúsi, upplýsingastöð, bílastæði, tjaldsvæði fyrir húsbíla, tjaldsvæði fyrir göngufólk, aðstöðu fyrir veitingasölu, aðstöðu fyrir þjónustuaðila og aðstöðu fyrir landverði. Deiliskipulag geri einnig grein fyrir göngu-, reið- og reiðhjólaleiðum.

Herðubreiðarlindir, Grafarlönd og svæði í Ódáðahrauni

Forsendur:

Herðubreiðarlindir, Grafarlönd og svæði í Ódáðahrauni voru friðlýst sem hluti af Vatnajökulsþjóðgarði árið 2019. Landvarsla þar og í Drekgili er rekin saman í samstarfi við Ferðafélag Akureyrar. Bætt þjónusta í Drekgili hefur leitt til færri gistinguáttanna í Herðubreiðarlindum, bæði í skála og á tjaldsvæði.

Markmið:

Unninn verði viðauki við stjórnunar- og verndaráætlun þar sem fjallað verður nánar um svæðið og sett fram stefna og skilmálar fyrir það.

Skilmálar:

Þar til viðauki fyrir svæðið hefur verið unninn gilda eftirfarandi ákvæði sem, sem byggja á friðlýsingarákvæðum frá 1974:

1. Ferðafélagi Akureyrar er heimilt að hafa þar áfram skála, enda sé staðsetning, stærð og gerð mannvirkja háð samþykki Vatnajökulsþjóðgarðs
2. Fólk er hvatt til að ganga ekki á grónu landi utan gangstíga.
3. Við (friðlýstum) rústum má enginn hrófla.
4. Notkun skotvopna er bönnuð á svæðinu.
5. Reglur þessar skerða ekki rétt bænda í Mývatnssveit til smölunar, fiskræktar eða meindýraveiða á svæðinu, enda sé tilgangur friðlýsingar virtur.

Einnig gildi áfram eftirfarandi markmið stjórnunar- og verndaráætlunar:

Að áfram verði rekin þjónusta í Herðubreiðarlindum í samstarfi við Ferðafélag Akureyrar. Áfram verði gert ráð fyrir landvörslustöð, tjaldsvæði með þjónustumannvirkjum, gistiskála og áningarstað fyrir daggesti. Ekki er stefnt að breytingum á þeirri þjónustu sem rekin er í Herðubreiðarlindum í nánustu framtíð en aukið flóð með samsvarandi auknum rofmætti Jökulsár á Fjöllum geta haft áhrif á framtíðarnýtingu svæðisins.

Drekgil

Forsendur:

Við Drekgil er skilgreind hálendismiðstöð samkvæmt svæðisskipulagi miðhálendisins. Ekið er um svæðið til að komast inn á Austurleið annars vegar og Öskjuvatnsveg hins vegar en umferð eykst ár frá ári.

Markmið:

Að hafa fremur stórt en afmarkað þjónustusvæði inn á norðurláendi þjóðgarðsins þar sem bæði getur rúmast þjónusta á vegum þjóðgarðs og einkaaðila.

Skilmálar:

Ekki er gert ráð fyrir að stækka deiliskipulagssvæðið í nánustu framtíð. Deiliskipulag geri ráð fyrir vegi fyrir utan svæðið til að skapa því meira rými og koma í veg fyrir gegnumakstur. Við Drekaþil er gert ráð fyrir landvörslustöð, tjaldsvæði með tilheyrandi þjónustu og gistiskálum.

Vikraborgir við Öskju

Forsendur:

Vinsælasti viðkomustaðir gesta á norðurláendinu er Askja. Áningarstaður í Vikraborgum getur opnast seint vegna snjóalaga á svæðinu.

Markmið:

Að bjóða upp á áningarstað með lágmarkspjónustu og fræðslu þar sem stutt er að fara inn að Öskjuvatni og Víti.

Skilmálar:

Við bílastæði í Vikraborgum eru salerni og viðveruhús landvarða, sbr. samþykkt deiliskipulag.

Vegamót norðan Gjallanda

Forsendur:

Hér er um nýtt þjónustusvæði að ræða við vegamót norðan Gjallanda. Gert er ráð fyrir einni aðkomu að Vonarskarði norðanverðu sem færi fram hjá fossinum og lega vegarins taki mið af því. Þessi staðsetning þjónustusvæðis er mikilvæg vegna vegamótanna og nálægðar við bílaumferð úr fjórum áttum, auk þess sem gangandi vegfarendur eftir Bárðargötu og Gæsavatnaleið hefðu kost á að nýta þar þjónustu.

Markmið:

Að koma upp þjónustusvæði með lágmarkspjónustu á mikilvægum vegamótum norðvestan við jökulinn.

Að auka eftirlit og fræðslu á norðurláendi þjóðgarðsins.

Skilmálar:

Svæðið verði við vegamót norðan Gjallanda. Á svæðinu er gert ráð fyrir landvörslustöð með litlu rými fyrir gestaskjól. Til að byrja með er ekki gert ráð fyrir gæslu allan daginn en ef umferð eykst þarfnast það endurskoðunar. Við landvörslustöðina verði einnig tjaldsvæði með lágmarkspjónustu.

Gæsavötn

Forsendur:

Gróin svæði og aðgangur að vatni gera Gæsavötn að ákjósanlegum áningar- og gististað á vinsælli aksturs- og gönguleið. Þar er skáli í eigu Gæsavatnafélagsins sem félagsmenn hafa forgang að. Þar sem þeim forgangi sleppir stendur almenningi til boða að nýta skálann skv. skilmálum eiganda.

Markmið:

Að við Gæsavötn standi ferðafólki til boða gisting, bæði í skála og í tjöldum.

Gerður verði samningur við eiganda skálans sem skilgreini rétt almennings til afnota af honum.

Skilmálar:

Deiliskipulag geri ráð fyrir núverandi skála ásamt tjaldsvæði og hugsanlega öðrum gistiskála við vötnin.

Mývatnssveit (utan þjóðgarðsmarka)

Forsendur:

Gert er ráð fyrir að Gestastofa Vatnajökulspjóðgarðs verði á Skútustöðum í Mývatnssveit.

Markmið:

Að í Mývatnssveit verði fjölsótt gestastofa þar sem unnið verður að kynningu á þjóðgarðinum í samstarfi við aðra aðila. Þar verði einnig unnið að rannsóknum á náttúrufari þjóðgarðsins, eflingu byggðar og atvinnulífs.

Upplýsingum um þjóðgarðinn verður komið á framfæri í samstarfi við sveitarfélag, stofnanir og einkaaðila eftir því sem við á.

Önnur þjónustusvæði og þjónustueiningar

Á neðangreindum svæðum gilda almennir skilmálar um þjónustueiningar:

Bræðrafell - Gönguskáli.

Dyngjufell - Gistiskáli aðgengilegur bílaumferð og áningarstaður fyrir gesti.

Suðurárbotnar (á mörkum þjóðgarðs) - Gistiskáli aðgengilegur bílaumferð.

Kistufell - Neyðarskýli. Verði einnig gistiskáli og áningarstaður fyrir gesti.

Stóraflesja - Gangnamannakofar rétt utan þjóðgarðs, áningarstaður fyrir gesti.

Dettifoss austan (utan þjóðgarðs) - Áningarstaður fyrir gesti.

Upplýsingatorg eða –hlið verði á eftirtöldum stöðum:

- Við vegamót þjóðveg nr. 85 og Dettifossveg nr. 862.
- Við vegamót þjóðveg nr. 1 og Dettifossveg nr. 862.
- Við vegamót þjóðveg nr. 1 og Öskjuleiðar nr. F88.
- Við vegamót Austurleiðar nr. F910 og Arnardalsleiðar nr. F905.
- Við vegamót Austurleiðar nr. F910 og Sprengisandsleiðar.
- Við vegamót Austurleiðar nr. F910 og afréttarvegur úr Bárðardal.
- Við innkomu á veg um Dyngjufjalladal að norðaustan.
- Við aðkomu á Dyngjudalsleið úr Svartárkoti.

Utan þjóðgarðs er gert ráð fyrir samstarfi þjóðgarðs og einkaaðila um eftirfarandi þjónustu á eftirtöldum stöðum:

Upplýsingastöð að Kiðagili í Bárðardal. Samstarf við ferðaþjónustuaðila.

9.4.12 Innan austursvæðis

Gestastofa á Skriðuklaustri, Snæfellsstofa (utan þjóðgarðsmarka)

Forsendur:

Snæfellsstofa er staðsett á Skriðuklaustri Fljótsdal rétt innan við afleggjara 910 sem liggur upp á Fljótsdalsheiði. Þar er sýningarsalur með áherslu á náttúru austursvæðis þjóðgarðsins, upplýsingar, veitingasala og minjagripaverslun ásamt skrifstofu. Veitingaþjónusta og safn er 500 m frá gestastofunni á Skriðuklaustri. Næstu tjaldsvæði og gisting eru í Végarði og Hallormsstað. Um fimm kílómetrar eru að einum þekktasta áfangastað á svæðinu Hengifossi.

Markmið:

Markmið gestastofunnar er að veita gestum sem bestar upplýsingar og fróðleik þjóðgarðinn og nærsvæði hans.

Gestastofan verði opin allt árið.

Samstarf við rannsóknarstofnanir, skóla og aðra aðila á svæðinu verði eft.

Skilmálar:

Í minjagripaverslun í gestastofunni sé lögð áhersla á sölu minjagripa úr heimahéruðum þjóðgarðsins.

Þjónustusvæði við Virkisfell, norðan Kverkfjalla

Forsendur:

Á svæðinu er landvörslustöð. Þar er gistiskáli Ferðafélags Fljótsdalshéraðs og Ferðafélags Húsavíkur (Sigurðarskáli), snyrtihús, tjaldsvæði og áningarstaður fyrir daggesti. Ferðafélögin hafa látið gera deiliskipulag fyrir svæðið (2005). Samkvæmt því er gert ráð fyrir að hægt sé að byggja litla gestastofu og starfsmannaíbúð. Gert er ráð fyrir að tjaldsvæðið geti stækkað til vesturs og norðurs, og að nýtt þjónustuhús og smáhýsi (gististofur) geti risið kringum tjaldstæðið. Gert er ráð fyrir stækkun bílastæðis og grjóthleðslu og vörðum til að afmarka það. Endurskoða þarf deiliskipulag með þarfir þjóðgarðsins í huga, t.d. þarf að hugsa fyrir landvarðarbústað og gestamóttöku. Nokkrar stuttar gönguleiðir eru stikaðar frá þjónustusvæðinu.

Markmið:

Þjónustusvæðið sé miðstöð ferða um Kverkfjallasvæðið og nágrenni. Áfram er gert ráð fyrir landvörslustöð og að eftirlit, upplýsingagjöf, fræðsla og náttúrutúlkun landvarða verði efl.

Skilmálar:

Deiliskipulag geri ráð fyrir aðstöðu fyrir þjóðgarðinn, landvarðabústað og gestamóttöku eða gestastofu, auk þeirra mannvirkja sem fyrir eru.

Kverkjökull

Forsendur:

Löng hefð er fyrir áningarstað inni við Kverkjökul. Íshellirinn sem þar er hefur verið mikið aðdráttarafl en ásynd hans er misjöfn eftir árum. Svæðið er áhugavert og jafnframt hættulegt. Hægt er að fara í stuttar og langar gönguferðir í nágrenninu. Stutt hringleið liggur að jöklinum og að ánni Volgu. Forsendur fyrir göngu á jökul er að vera í fylgd jöklaleiðsögumanna. Með tilkomu

brúar yfir Volgu opnast gönguleiðir inn að upptökum Jökulsár á Fjöllum. Stikuð gönguleið er frá Sigurðarskála að Kverkjökli. Reynslan sýnir að á 8- 15 ára fresti kemur flóð niður undan Kverkjökli úr lóni uppi í jöklinum. Taka þarf tillit til þess við skipulag svæðisins. Sérstaklega þarf að vakta svæðið þegar lónið uppi í jöklinum er fullt og hætta er á flóði.

Markmið:

Að koma upp áningarstað, þjónustusvæði með lágmarkspjónustu inni við jökulinn, jafnframt að leitast við að tryggja öryggi gesta með viðvörunarskiltum og meiri fræðslu. Einnig að efla náttúrutúlkun um jökulinn og hverasvæðið til að auka skilning gesta og upplifun á svæðinu.

Skilmálar:

Deiliskipulag þarf að taka mið af breytileika í náttúrunni og náttúruvá og gera ráð fyrir áningarstað fyrir daggesti ásamt upplýsinga- og fræðsluskiltum. Þjóðgarðsverði er heimilt að stjórna og takmarka umferð um svæðið ef öryggi gesta er ógnað.

Kreppubró

Forsendur:

Kreppubró er ein af megin inngönguleiðunum inn í þjóðgarðinn norðan jökuls, bæði fyrir gesti sem leggja leið sína í Krepputungu eða ætla sér eingöngu í Öskju. Umferð hefur aukist gegnum Krepputungu síðustu ár. Landvarsla hefur verið að færast framur í tunguna og er viðvera landvarða mikil þar. Mikilvægt er að taka á móti gestum og veita þeim upplýsingar og leiðsögn um leið og þeir koma inn í þjóðgarðinn. Því er nauðsynlegt að við Kreppubró sé áningarstaður fyrir gesti, salernisaðstaða, dagskýli eða gestaskjól þar sem landverðir geta hafst við yfir daginn og gestir nálgast upplýsingar.

Markmið:

Að bjóða upp á aðstöðu fyrir daggesti og landverði við Kreppubró, þar sem hægt er að taka á móti gestum og fræða þá um þjóðgarðinn.

Skilmálar:

Deiliskipulag þarf að taka mið af breytileika í náttúrunni og náttúruvá (flóðahættu) og geri ráð fyrir áningarstað fyrir gesti og gestaskjóli.

Skáli Jöklarannsóknafélagsins í Kverkfjöllum

Forsendur:

Á svæðinu er skáli í eigu Jöklarannsóknafélagsins sem er mikilvæg bækistöð fyrir leiðangra félagsins.

Markmið:

Áframhaldandi afnot í þágu vísinda en með gistimöguleikum fyrir almenning.

Skilmálar:

Deiliskipulag geri ráð fyrir einum skála fyrir vísindastarfsemi. Ekki er gert ráð fyrir annarri starfsemi eða uppbyggingu.

Hvannalindir

Forsendur:

Hvannalindir voru friðaðar 1973. Þar er landvörslustöð, upplýsingagjöf og áningarstaður daggesta. Eitt þurrsalerni er á svæðinu og íveruhús landvarðar, en hvorki tjaldstæði né gistiskáli. Þurrsalerni á bílastæði inn við Eyvindarrústir er ekki nothæft og þarf að rífa. Gert er ráð fyrir að landvörðum fjölgi á svæðinu og þarf deiliskipulag að gera ráð fyrir þeim möguleika að landvarðabústað verði fundinn nýr staður, núverandi landvarðabústaður er í Lindaseli.

Markmið:

Á svæðinu verði áfram landvörslustöð þar sem veittar eru upplýsingar og gestir fái notið fræðslu og túlkunar. Merkingar og skilti taki mið af staðhátum á svæðinu og nágrenni þess.

Skilmálar:

Deiliskipulag geri ráð fyrir landvörslustöð, gestskjóli, áningarstað fyrir gesti og áningaraðstöðu fyrir gesti við bílastæði inn að Eyvindarrústum.

Snæfellsskáli

Forsendur:

Á svæðinu er landvörslustöð. Þar er gistiskáli, tjaldsvæði, [snyrting](#), [hestagerði](#) og áningarstaður fyrir daggesti. Boðið er upp á stuttar fræðslugöngur. Stutt er að Brúarjökli og hægt að fara fjölbreytilegar gönguferðir í nágrenni skálans. Upp á Snæfell liggur stikuð gönguleið við allra hæfi.

Markmið:

Áfram er gert ráð fyrir landvörslustöð og að stikuðum gönguleiðum fjölgi. Eftirlit, upplýsingaöflun og fræðslustarfsemi verði ríkari þáttur í starfseminni en annars er ekki er gert ráð fyrir mikilli breytingu á þjónustu. Stefnt er að bættu aðgengi hreyfihamlaðra. Svæðið var deiliskipulagt árið 2016.

Skilmálar:

Þjónusta á svæðinu verði óbreytt, þ.e. landvörslustöð, gistiskáli, landvarðabústaður, snyrting, tjaldsvæði, hestagerði og áningarstaður fyrir daggesti, sbr. deiliskipulag.

Geldingafell

Forsendur:

Þar er nú skáli og tjaldsvæði en engin landvarsla. Lagt er til að skoðað verði hvort æskilegt sé að koma þar upp landvörslustöð. Gert er ráð fyrir að umferð um þetta svæði geti aukist, meðal annars með bættum vegasamgöngum og vegna aukins ferðamannastraums í þjóðgarðinn almennt.

Markmið:

Að komið verði upp landvörslustöð og bættri aðstöðu til áningar.

Skilmálar:

Í deiliskipulagi verði gert ráð fyrir óbreyttri þjónustu, þ.e. gistiskála og tjaldsvæði.

Við Eyjabakkajökul austan Háöldu og sunnan Hnútu

Forsendur:

Hér er um nýtt þjónustusvæði að ræða við þekkta akstursleið upp á jökul vestanverðan, innan við Snæfell, austan Háöldu og sunnan Hnútu. Nýtt þjónustusvæði kallar á deiliskipulagsgerð en kostur þessarar staðsetningar er nálægð við jökul, aðgengi fyrir bílaumferð að sumri sem vetri og góð skilyrði til aksturs á vélknúnum ökutækjum upp á jökul.

Markmið:

Að koma upp áningarstað, þjónustusvæði með lágmarksþjónustu inn við Eyjabakkajökul.

Skilmálar:

Deiliskipulag geri fyrst um sinn ráð fyrir salerni og gestaskjóli. Einnig sé gert ráð fyrir frekari þjónustu ef umferð eykst.

Gistiskálar austan Snæfells

Stjórn þjóðgarðsins getur heimilað byggingu gönguskála á stöðum austan Snæfells sem tilgreindir eru í aðalskipulagi Fljótsdalshrepps en það er við Snæfellsbúðir norðaustan Snæfells, við Kverkkvíslargil, austan við Eyjabakkafoss (utan þjóðgarðsmarka), Eyjakofi/Bergkvíslarkofi og neðan við Þjófahnjúka.

Goðahnjúkar

Forsendur:

Á svæðinu er skáli í eigu Jöklarannsóknafélagsins sem er mikilvæg bækistöð fyrir leiðangra félagsins.

Markmið:

Áframhaldandi afnot í þágu vísinda en með gistimöguleikum fyrir almenning.

Skilmálar:

Deiliskipulag geri ráð fyrir einum skála fyrir vísindastarfsemi.

Ekki er gert ráð fyrir annarri starfsemi eða uppbyggingu.

Önnur þjónustusvæði og þjónustueiningar

Á neðangreindum svæðum gilda almennir skilmálar um þjónustueiningar:

- Við brú á Jökulsá á Fjöllum (Upptýppinga) – Áningarstaður fyrir daggesti, bílastæði, salernisaðstaða.
- Hveragil – tjaldsvæði/salernisaðstaða.
- Við nyrðri brún Upptýppinga þar sem beygt er að Vatnamælingaskúr – Áningarstaður, bílastæði og gönguleiðir.
- Við norðurenda Lindafjalla – Áningarstaður, bílastæði og gönguleið.
- Hálskofi - Göngutjaldsvæði og fyrirhugaður gönguskáli.
- Við Kárahnjúka - Áningarstaður fyrir daggesti.

Upplýsingatorg eða - hlið verði á eftirtöldum stöðum:

- Við vegamót í Fljótsdal.
- Við vegamót á Fiskidalshálsi (F907, F910 og 923).
- Við vegmót vestan Mynnisfjallgarðs (F910 og F905).
- Við brúna yfir Kreppu.
- Við brúna yfir Jökulsá á Fjöllum.

- Við vegamót 910 (Austurleið) og F909 (Snæfellsvegur).
- Við vegamót í Möðrudal F905/F901.
- Við vegamót Austurleiðar F910 og Arnardalseiðar F905.
- Við vegamót Þjóðveg 1 og F901 (tveir staðir).

Utan þjóðgarðs er gert ráð fyrir samstarfi þjóðgarðs og einkaaðila um eftirfarandi þjónustu á eftirtöldum stöðum:

- **Upplýsingastöð í Möðrudal á Fjöllum.** Samstarf við ferðaþjónustuaðila.
- **Upplýsingastöð á Aðalbóli.** Samstarf við ferðaþjónustuaðila.

9.4.13 Innan suðursvæðis

Skaftafell

Forsendur:

Helsta þjónustusvæði á suðursvæði Vatnajökulsþjóðgarðs er í Skaftafelli. Þar er gestastofa, Skaftafellsstofa, stórt tjaldstæði með margvíslegri þjónustu og þjónustubyggingum svo og starfsmannabústöðum. Merktar gönguleiðir við allra hæfi eru á svæðinu og landverðir bjóða upp á skipulagðar gönguferðir og ýmsa fræðslu. Fræðslu- og upplýsingaskilti eru víða í Skaftafelli. Fjölmargir ferðamenn heimsækja Skaftafell árið um kring.

Athuga ber að þessi lýsing þjónustusvæðisins á við um þjónustumiðstöðina ásamt því svæði sem næst henni er, þ.m.t. það svæði sem stuttar gönguleiðir út frá þjónustumiðstöðinni ná yfir.

Markmið:

Að hafa stórt og rúmgott þjónustusvæði við eina af meginaðkomum þjóðgarðsins þar sem getur rúmast fjölbreytt þjónusta við gesti þjóðgarðsins, m.a. á vegum einkafyrirtækja.

Skilmálar:

Við endurnýjun deiliskipulags skal gert ráð fyrir að bæta aðstöðu á þjónustusvæðinu og aðstöðu fyrir tjaldsvæðisgesti vegna vaxandi fjölda ferðamanna, fjölbreyttri þjónustu við gesti þjóðgarðsins og byggingu húsnæðis fyrir sumarstarfsmenn þjóðgarðsins.

Morsárdalur

Forsendur:

Morsárdalur liggur milli Skaftafellsheiðar og Skaftafellsfjalla. Áin Morsá rennur um dalinn. Yfir hana eru tvær göngubrýr. Nokkrar gönguleiðir eru stikaðar í dalnum; hringleið að Bæjarstaðarskógi og gönguleið inn að Morsárjökli. Morsárjökull fellur bratt fram af hömrum innst í dalnum. Mikið berghlaup féll á jökulinn árið 2007. Lúpína hefur breiðst út um aura Morsárdals sérstaklega framan Bæjarstaðarskógar og niður með Morsánni, en unnið er að eyðingu hennar.

Markmið:

Að efla Morsárdal sem útivistarsvæði og með því dreifa álagi í Skaftafelli og gefa fólki ástæðu til að dvelja lengur á svæðinu. Göngufólk hafi þar aðstöðu og geti fræðst um svæðið.

Að opna hringleið um dalinn með göngubrú yfir Morsá við Morsárlón.

Skilmálar:

Deiliskipulag geri ráð fyrir tjaldsvæði og gönguskála austan Vestra-Meingils, salernisaðstöðu og fræðsluskiltum og tilgreini gönguleiðir og staðsetningu göngubrúa.

Stafafellsfjöll/ Lón (utan þjóðgarðs)

Forsendur:

Innan friðlandsins á Lónsöræfum er nú ýmis starfsemi, svo sem rekstur skála og tjaldstæðis, merktar hafa verið gönguleiðir og boðið er upp á skipulagðar gönguferðir. Landvörður er á svæðinu hluta úr sumri. Friðlandið er utan Vatnajökulspjóðgarðs en þjóðgarðurinn hefur haft umsjón með því skv. samningi við Umhverfisstofnun.

Markmið:

Að halda áfram landvörslu á Lónsöræfum yfir sumartímann. Í því felst meðal annars viðhald á göngustígum og merking þeirra og uppsetning fleiri fræðsluskilta í samvinnu við landeigendur.

Að upplýsingagjöf á vegum þjóðgarðsins verði einnig í Lóni yfir sumartímann. Landvarsla og upplýsingagjöf verði í góðu samstarfi þjóðgarðs og landeigenda.

Höfn (utan þjóðgarðs)

Forsendur:

Höfn er eini þéttbýlisstaðurinn á suðursvæði þjóðgarðsins og útvörður þess í austri. Langt er til næstu stóru þéttbýliskjarna. Á Höfn er alhliða þjónusta við ferðamenn. Þaðan er stutt að fara á Hoffells- og Heinabergssvæðin og í Hjallanes en einnig til friðlandsins á Lónsöræfum sem er í

umsjón þjóðgarðsins. Á Höfn er gestastofa þjóðgarðsins staðsett í Gömlubúð, fyrsta húsinu sem reist var á Höfn. Í gestastofunni eru upplýsingar um þjóðgarðinn og fræðsla um jökla og sérstöðu svæðisins.

Markmið:

Að vera með upplýsingagjöf á vegum þjóðgarðsins allt árið.

Að gestastofa á Höfn verði byggð upp og unnið verði að kynningu á þjóðgarðinum í samstarfi við aðra aðila.

Unnið verði að því að efla samstarf við rannsóknarstofnanir, skóla og aðra aðila á svæðinu.

Hoffell

Forsendur:

Hluti af fjalllendinu austan við Hoffellsjökul er innan þjóðgarðsins. Framan við jökulinn hefur myndast djúpt lón eftir að jökullinn fór að hörfa og er það vinsæll viðkomustaður ferðamanna. Þar er bílastæði, upplýsinga- og fræðsluskilti, auk viðvörðunarskiltis um jöklaferðir. Bílastæðið er utan þjóðgarðsmarka. Krefjandi gönguleiðir eru um hrikaleg gil og tignarleg fjöll. Skóglendi er við Hoffellsjökul og þar eru meðal annars búsvæði sjaldgæfra háplantna og fléttutegunda.

Markmið:

Helsti áningarstaður á Hoffellssvæði verði við Hoffellslón fyrir framan Hoffellsjökul. Gert er ráð fyrir frekari uppbyggingu göngustíga og stækkun bílastæðis í samstarfi við landeigendur. Uppbygging salernisaðstöðu verði fjær áningarstaðnum og í samráði við landeigendur.

Skilmálar:

Deiliskipulag tilgreini eftirfarandi meginatriði:

- Áningarstað við lónið neðan öldunnar, með bílastæði og salernisaðstöðu.
- Helstu göngu- og reiðhjólaleiðir innan svæðisins og tengingar út fyrir það.
- Gönguskála undir Gjánúpi.
- Miðstöð ferðaþjónustu við enda vegar upp úr Hoffellsdal. Miðstöðin verði tengd við núverandi veg inn dalinn, verði hann framlengdur að þjóðgarðsmörkum, enda liggi fyrir samþykkt sveitarstjórnar og umsögn Umhverfisstofnunar til að framlengja núverandi veg landeigenda úr Hoffellsdal þangað.
- Hoffellssvæðið er skilgreint sem göngusvæði og því er ekki gerð ráð fyrir annarri starfsemi á

svæðinu.

Gert er ráð fyrir því að ofangreindir skálar séu á vegum landeigenda.

Heinabergssvæðið frá Skálafellsjökli að Fláajökli

Forsendur:

Svæðið er mótað af jöklum og jökulvötnum sem hafa flæmst um landið og einnig haft mikil áhrif á búsetu fólks á þessu svæði. Sambúð manna og jökla hefur óvíða verið nánari en hér og áhugavert að miðla upplýsingum um svæðið til ferðamanna. Á Heinabergssvæðinu hefur byggst upp útivistarsvæði með áningarstöðum, salernisaðstöðu, fræðslu og fjölbreyttum gönguleiðum með tengingu á nærliggjandi svæði.

Markmið:

Að Heinabergssvæðið verði áfram vinsælt útivistarsvæði, með áningarstöðum, fræðslu og fjölbreyttum gönguleiðum.

Að salernisaðstaða verði bætt.

Að gönguleiðum á svæðinu verði fjölgað, til dæmis með merktri gönguleið upp á Geitakinn að framanverðu og upp á Heinabergsfellið.

Skilmálar:

- Deiliskipulag tilgreini eftirfarandi meginatriði fyrir allt svæðið:
 - Aðkomu eftir tveimur leiðum, austan Kolgrímu og vestan Hólmsár, sem mætast við Heinabergsnes, þannig að fólksbílafær hringleið myndist.
 - Gönguskála við Jökulfell.
 - Gönguskála í Heinabergsfjöllum.
 - Fræðsluskilti og salernisaðstöðu við Heinabergslón.
 - Áningarstað við gömlu bæjarrústirnar í Heinabergi.
 - Bílastæði og upplýsingaskilti við Heina og Bólstað.
 - Tengingar við gönguleiðir út fyrir svæðið.
 - Helstu göngu- og reiðhjólaleiðir og reiðleiðir innan svæðisins.
 - Staðsetningu helstu upplýsinga- og fræðsluskilta.
- Heinabergslón skal vera laust við vélknúna afþreyingu. Í þeim tilgangi að tryggja öryggi og jákvæða og kyrrláta upplifun, er heimilt að setja fjöldatakmörkanir á óvélknúin farartæki á lóninu, þ.m.t. takmörkanir á fjölda leyfa fyrir slíkum rekstri í atvinnuskyni. Sama á við á lóninu frama við Fláajökul.

Hjallanes

Forsendur:

Hjallanes er í landi Skálafells í Suðursveit. Áin Kolgríma rennur sunnan við Hjallanes. Merktar gönguleiðir eru á Hjallanesi og upplýsingaskilti með textum úr þjóðsögum og upplýsingum um sögulegar minjar. Hjallanes liggur að Skálafellsjökli og má víða sjá hvernig jökullinn hefur sorfið landslagið og skilið eftir jökulgarða og aðrar jökulminjar. Tenging er við Heinabergssvæðið með göngubrú yfir Kolgrímu.

Markmið:

Frekari uppbygging göngustíga, merkinga og fræðsluskilta um jarðfræði svæðisins haldi áfram í samstarfi landeigenda og þjóðgarðsins.

Skilmálar:

Deiliskipulag tilgreini fyrirkomulag og tengingar ferðaleiða innan svæðisins og við Heinabergssvæðið auk staðsetningar upplýsinga- og fræðsluskilta á vegum þjóðgarðsins. Gert er ráð fyrir salernisaðstöðu og bílastæði við upphaf gönguleiðar.

Vetraríþróttar- og útivistarsvæði við Skálafellsjökul

Forsendur:

Á Skálafellsjökli er miðstöð ferðapjónustu sem tengist ferðum á Vatnajökul. Þar er tækifæri til að byggja upp frekari aðstöðu í framtíðinni fyrir ferðamenn sem áhuga hafa á jöklaferðum, fjallaferðum og hugsanlega skíðaiðkun. Landslagið einkennist af fjöllum í yfir 1000 metra hæð og ísbreiðu Vatnajökuls. Landslagið, hæð landsins og gott aðgengi myndar því kjöraðstæður fyrir jöklaferðir og skíðaiðkun að sumarlagi. Svæðið er áhugaverður valkostur í uppbyggingu ferðapjónustu með áherslu á vetraríþróttir og útivist á jökli.

Markmið:

Að viðhalda góðu aðgengi að Vatnajökli fyrir almenning.

Skilmálar:

Heimilt er að setja á fjöldatakmarkanir vegna ferða í atvinnuskyni um Skálafellsjökul til að tryggja öryggi og upplifun gesta.

Skáli Jökларannsóknafélags Íslands í Esjufjöllum

Forsendur:

Á svæðinu er skáli og salernishús í eigu Jökларannsóknafélags Íslands sem er mikilvæg bækistöð fyrir leiðangra félagsins.

Markmið:

Áframhaldandi afnot í þágu vísinda en með gistimöguleikum fyrir almenning.

Skilmálar:

Deiliskipulag geri ráð fyrir einum skála fyrir vísindastarfsemi. Ekki er gert ráð fyrir annarri starfsemi eða uppbyggingu. Gæta skal sérstakrar varúðar í umgengni í samræmi við verndarákvæði fyrir jökulsker.

Jökulsárlón – þjónustumiðstöð

Deiliskipulag fyrir svæðið var staðfest 19. júní 2020. Núverandi mannvirki við Jökulsárlón eru tímabundin. Úrlausn mála við Jökulsárlón verði samkvæmt deiliskipulagi.

Fjallsárlón – þjónustumiðstöð

Deiliskipulag fyrir svæðið var staðfest 22. apríl 2015. Lagt er til að áframhaldandi göngustígagerð verði á svæðinu og fræðsluskiltum verði komið upp.

Önnur þjónustusvæði og -einingar

Upplýsingatorg eða -hlið eru á eftirtöldum stöðum við þjóðveg nr.1, Hringveg:

- Á Höfn, við gestastofu þjóðgarðsins.
- Við vegamót þjóðveg 1 og þjóðveg 99 (Hafnarvegur).
- Við brúarbita á Skeiðarársandi.
- Við Fjallsárlón.
- Við upphaf slóðar að Felli.
- Við upphaf vegarins inn á Heinabergssvæðið.

Upplýsingatorg eða -hlið verði á eftirtöldum stöðum við þjóðveg nr. 1, Hringveg:

- Í Lóni.

- Við brúarbita á Skeiðarársandi.
- Við þjóðgarðsmörk vestan og austan megin á Breiðamerkursandi.
- Við þjónustusvæði við Jökulsárlón.
- Við afleggjara að Hoffelli

Upplýsingahlið eða skilti eru við þjóðgarðsmörk á eftirtöldum stöðum:

- Við þjóðveg að Skaftafelli.
- Við veg að Heinabergssvæðinu.
- Við gönguleið í Hjallanesi.
- Við Skálafell (vegna gönguleiðar um Hjallanes).

Upplýsingahlið eða skilti verði við þjóðgarðsmörk á eftirtöldum stöðum:

- Við Jöklasel, Gígjukvísl og Háöldu (á Skeiðarársandi).
- Við Hoffellsjökul

Utan þjóðgarðs er gert ráð fyrir samstarfi þjóðgarðs og einkaaðila um eftirfarandi þjónustu á eftirtöldum stöðum:

- Skálafell, um upplýsingagjöf og eftirlit með Hjallanesi og Heinabergssvæði.
- Hoffell og/eða Miðfell, upplýsingagjöf og eftirlit.
- Lón, upplýsingagjöf.

9.4.14 Innan vestursvæðis

Gestastofa við Kirkjubæjarklaustur (utan þjóðgarðsmark)

Forsendur:

Gestastofa mun rísa sunnan Skaftár þar sem útsýni er gott að Systrastapa, Lómagnúpi og Vatnajökli. Gestastofan verði tengd Kirkjubæjarklaustri með göngubrú yfir Skaftá svo stutt verði í aðra þjónustu, s.s. verslun o.fl. Tenging gestastofunnar við þá þjónustu sem þegar er rekin, getur bæði eflt þau fyrirtæki sem starfa á Kirkjubæjarklaustri og gefið kynningarstarfsemi þjóðgarðsins meira vægi.

Markmið:

Að við Kirkjubæjarklaustur rísi fjölsótt gestastofa þar sem unnið verður að kynningu á þjóðgarðinum í samstarfi við aðra aðila. Þar verði einnig unnið að rannsóknum á náttúrufari þjóðgarðsins, eflingu byggðar og atvinnulífs. Fyrst um sinn verður upplýsingum um þjóðgarðinn komið á framfæri í samstarfi við upplýsingamiðstöð Skaftárhrepps og Kirkjubæjarstofu.

Blágil (utan þjóðgarðsmarka)

Forsendur:

Í svæðisskipulagi miðhálandisins var gert ráð fyrir verslunar- og þjónustusvæði í Blágiljum og að þar byggist upp ferðaþjónusta. Á staðnum er tjaldsvæði, gangnamannahús, hesthús og hestagerði. Vatnajökulspjóðgarður hefur einnig byggt þar hús sem er aðsetur landvarða Lakagígasvæðisins.

Markmið:

Gert er ráð fyrir að landvörslustöð verði áfram í Blágiljum. Gera þarf ráð fyrir aukinni uppbyggingu á svæðinu vegna fjölgunar gesta og landvarða.

Skilmálar:

Gert er ráð fyrir gístiaðstöðu fyrir landverði og tjaldsvæði og gangnamannaskála fyrir ferðamenn í samstarfi við Skaftárhrepp, sbr. deiliskipulag.

Galti (utan þjóðgarðsmarka)

Forsendur:

Galti, sem er á suðurmörkum þjóðgarðsins, er móbergshryggur suðvestur úr Varmárfelli. Yfir hann liggur meginaðkomuleiðin að Lakagígum og þaðan er gott útsýni yfir svæðið.

Markmið:

Gert er ráð fyrir bílastæði, áningarborðum fyrir ferðamenn og upplýsingatorgi. Þar væri miðlað upplýsingum um náttúrufar svæðisins með sérstakri áherslu á jarðfræði og sögu.

Við Laka

Forsendur:

Undir fjallinu Laka er vatnssalerni og áningaraðstaða fyrir gesti, auk lítils dagskýlis þar sem landverðir geta hafst við yfir daginn og gestir nálgast upplýsingar.

Markmið:

Að bæta aðstöðu daggesta og landvarða í Lakagígum.

Skilmálar:

Deiliskipulag geri ráð fyrir vatnssalerni og áningaraðstöðu fyrir daggesti, auk dagskýlis fyrir landverði sem jafnframt þjónar sem gestaskjól.

Við Tjarnargíg

Forsendur:

Við bílastæði við Tjarnargíg er vatnssalerni og áningaraðstaða fyrir gesti, auk lítils dagskýlis þar sem landverðir geta hafst við yfir daginn og gestir nálgast upplýsingar.

Markmið:

Að bæta aðstöðu daggesta og landvarða í Lakagígum.

Skilmálar:

Deiliskipulag geri ráð fyrir vatnssalerni og áningaraðstöðu fyrir daggesti, auk dagskýlis fyrir landverði sem jafnframt þjónar sem gestaskjól.

Hólaskjól við Lambaskarðshóla (utan þjóðgarðsmarka)

Forsendur:

Í Hólaskjóli sunnan Eldgjár er hálendismiðstöð samkvæmt skilgreiningu svæðisskipulags miðhálendisins. Þar er rekin ferðaþjónusta og þar hafa landverðir þjóðgarðsins, sem þjóna syðri hluta vestursvæðis, haft aðstöðu.

Markmið:

Að bæta aðstöðu daggesta og landvarða.

Skilmálar:

Deiliskipulag geri ráð fyrir landvarðastöð áfram upplýsingamiðlun fyrir þjóðgarðinn.

Við Ströngukvísl

Forsendur:

Austurmörk þjóðgarðsins, á Fjallabaksleið nyrðri F208, liggja við Ströngukvísl, fyrstu óbrúðu ána

á leiðinni. Þar er lykilstaður fyrir vegalandvörslu, hægt að miðla upplýsingum um svæðið framundan, markverða staði og ábyrga ferðahegðun. Þannig má stuðla að öryggi gesta og betri umgengni um náttúru svæðisins. Við Ströngukvísl er dagskýli landvarðar, upplýsingaskilti og áningarborð.

Markmið:

Að bæta aðstöðu landvarða til viðveru og upplýsingagjafar við vegalandvörslu á lykilstað.

Skilmálar:

Gert er ráð fyrir dagskýli fyrir landverði og áningaraðstöðu fyrir daggesti.

Í Eldgjá

Forsendur:

Allt að 15 þúsund daggestir heimsækja Eldgjá á hverju ári. Þar er vatnssalerni og áningaraðstaða fyrir gesti, auk lítills dagskýlis eða gestaskjól þar sem landverðir geta hafst við yfir daginn og gestir nálgast upplýsingar.

Markmið:

Að bæta aðstöðu landvarða og daggesta í og við Eldgjá á Fjallabaksleið.

Skilmálar:

Deiliskipulag geri ráð fyrir vatnssalerni og áningaraðstöðu fyrir daggesti, auk dagskýlis fyrir landverði sem jafnframt þjóni sem gestaskjól.

Skáli í Stóragili á Skælingum

Forsendur:

Í Stóragili á Skælingum er gistiskáli í eigu Skaftárhrepps. Ferðafélagið Útivist hefur leigt skálann af sveitarfélaginu og framleigt til almennings.

Markmið:

Áframhaldandi möguleiki á skálagistingu og gistingu í tjöldum fyrir almenning, einkum gönguhópa.

Skilmálar:

Deiliskipulag geri ráð fyrir mögulegri stækkun gistiskála, litlu tjaldsvæði með lágmarkspjónustu, vatnsalerni og áningaraðstöðu fyrir gesti.

Skáli sunnan Sveinstinds

Forsendur:

Sunnan Sveinstinds er gistiskáli í eigu Skaftárhrepps. Ferðafélagið Útivist hefur leigt skálann af sveitarfélaginu og framleigt til almennings.

Markmið:

Áframhaldandi möguleiki á skálagistingu og gistingu í tjöldum fyrir almenning, einkum gönguhópa.

Skilmálar:

Deiliskipulag geri ráð fyrir mögulegri stækkun gistiskála, litlu tjaldsvæði með lágmarkspjónustu, vatnsalerni og áningaraðstöðu fyrir gesti.

Við suðvesturenda Langasjávar

Forsendur:

Við suðvesturenda Langasjávar er tjaldsvæði með lágmarkspjónustu og einföld áningaraðstaða fyrir ferðamenn og landverði (salerni, áningarborð, viðveruhús). Þar er jafnframt gert ráð fyrir aðstöðu til að sjósetja smábáta.

Markmið:

Að bjóða upp á lágmarks gístiaðstöðu í tjöldum og áningaraðstöðu.

Skilmálar:

Deiliskipulag geri ráð fyrir bátalægi, litlu tjaldsvæði með lágmarkspjónustu, vatnsalerni og áningaraðstöðu fyrir gesti, auk dagskýlis fyrir landverði, sem jafnframt þjóni sem gestaskjól.

Við norðausturenda Langasjávar

Forsendur:

Vaxandi fjöldi ferðamanna heimsækir staðinn til að ganga umhverfis vatnið. Flestir göngumenn á eina eða fleiri nætur undir Fögrufjöllum við norðausturenda vatnsins. Þjónustusvæði þar gæti líka þjónað göngufólki á lengri gönguferð um Bárðargötu eða umhverfis Vatnajökul. Tjaldsvæðið, sem útbúið er með þurrsalerni, er aðgengilegt akandi og gangandi ferðafólki.

Markmið:

Að bjóða upp á lágmarks gisti- og áningaraðstöðu fyrir göngufólk og aðra gesti norðan

Langasjávar.

Skilmálar:

Gert er ráð fyrir tjaldsvæði með lágmarkspjónustu (þurrsalerni) og áningaraðstöðu fyrir gesti. Mannvirki skeri sig sem minnst úr umhverfinu.

Jökulheimar

Forsendur:

Á svæðinu eru skálar í eigu Jöklarannsóknafélagsins sem eru mikilvægar bækistöðvar fyrir leiðangra félagsins.

Markmið:

Áframhaldandi afnot í þágu vísinda en með gistimöguleikum fyrir almenning.

Skilmálar:

Deiliskipulag geri ráð fyrir allt að 4 skálum fyrir vísindastarfsemi. Ekki er gert ráð fyrir annarri starfsemi eða uppbyggingu. Heimilt er að leigja almenningi gistirými í skálunum.

Nýjadalur / Jökuldalur á Sprengisandsleið

Forsendur:

Í Nýjadal/Jökuldal rekur Ferðafélag Íslands gistiskála og tjaldsvæði. Þar er aðsetur landvarðar yfir sumartímann. Frá Nýjadal/Jökuldal er góð tenging við gönguleiðir um Vonarskarð og fjölda ökuleiða um hálendið.

Markmið:

Á svæðinu verði landvörslustöð þar sem miðlað er upplýsingum um náttúrufar svæðisins með sérstakri áherslu á jarðfræði og sögu. Upplýsingar verði settar fram í texta og myndum, á spjöldum, bæklingum og upplýsingaskiltum.

Skilmálar:

Deiliskipulag geri ráð fyrir eðlilegri þróun þjónustu í samstarfi við einkaaðila með álíka hætti og verið hefur. Umfang taki mið af vaxandi gestafjölda.

Hrauneyjar (utan þjóðgarðsmarka)

Forsendur:

Í Hrauneyjum er landvörslustöð sem þjónar einkum mið-vestursvæði. Þar er mikilvægt að miðla upplýsingum enda er þar meginviðkomustaður akandi og gangandi ferðamanna á leið inn á norðanvert vestursvæði, um Sprengisand, í Bárðardal - Vonarskarð - Öskju, Jökulheima, og á Vatnajökul og í Landmannalaugar. Þar er akandi umferð allt árið.

Markmið:

Með tilliti til þess að í Hrauneyjum er miðstöð hálendisumferðar og talsverð umferð ferðamanna allt árið er stefnt að samstarfi við Umhverfisstofnun, rekstraraðila, umhverfis- og ferðamálayfirvöld um upplýsingamiðlun þar allt árið. Nauðsynlegt er að skoða aðstöðumál starfsmanna í því samhengi. Á svæðinu verði gestastofa og markviss upplýsingagjöf árið um kring.

Við Svarthöfða

Forsendur:

Gert er ráð fyrir nýjum gistiskála við Svarthöfða, sunnan Vonarskarðs. Gistiskálinn verður bæði aðgengilegur bílaumferð og göngufólki. Þaðan liggja megingönguleiðir í Vonarskarð.

Markmið:

Að bjóða upp á gistingu og upplýsingamiðlun við sunnanvert Vonarskarð.

Hnýflar og Gjóstá

Forsendur:

Gert er ráð fyrir nýjum gistiskála nærri Hnýflum norðan Vonarskarðs. Gistiskálinn yrði bæði aðgengilegur bílaumferð og göngufólki. Gert er ráð fyrir lengri gönguleiðum um svæðið sem tengja saman norðursvæði og vestursvæði, Gæsavatnaleið til austurs og Bárðargata um Vonarskarð og Jökulheima til suðurs og um Marteinsflæðu og upptök Skjálfandafljóts til norðurs.

Markmið:

Að bjóða upp á skálagistingu á fáfárinni aksturs- og gönguleið ásamt áningaraðstöðu fyrir gesti við norðanvert Vonarskarð.

Skilmálar:

Deiliskipulag geri ráð fyrir einum gistiskála á nýju þjónustusvæði en göngufólki verði einnig

heimilt að gista í tjöldum við skálann. Einnig sé gert ráð fyrir áningarstað með upplýsingum á Gjóstuklifi við norðurenda Vonarskarðs.

Grímsfjall

Forsendur:

Á svæðinu eru skálar í eigu Jöklarannsóknafélagsins sem eru mikilvægar bækistöðvar fyrir leiðangra félagsins og vettvangur margvíslegra rannsókna.

Markmið:

Áframhaldandi afnot í þágu vísinda en með gistimöguleikum fyrir almenning.

Skilmálar:

Deiliskipulag geri ráð fyrir allt að 4 skálum fyrir vísindastarfsemi auk fjarskiptamannvirkja. Ekki er gert ráð fyrir annarri starfsemi eða uppbyggingu.

Upplýsingatorg eða - hlið verði á eftirtöldum stöðum:

- Upplýsingaskilti á bílastæði við Laka og Tjarnargíg, F207.
- Hlið við Galta á Lakagígavegi F207.
- Hlið við Hnútu á Lakagígavegi F207.
- Hlið á Sprengisandsleið F26 norðan við Tómasarhaga og sunnan Nýjadals.
- Hlið við innkomu í Þjóðgarðinn á Hágönguvegi.
- Hlið á Jökulheimavegi.
- Hlið við Þjóðgarðsmörk á Drekatnsleið F229.
- Hlið við austur og vesturmörk Þjóðgarðs á Fjallabaksleið nyrðri F208.
- Hlið við Þjóðgarðsmörk á Tungnaáröræfum við Mána og Þórisós.
- Upplýsingaskilti í Hrauneyjum og Versölum.
- Upplýsingaskilti í Jökulheimum.
- Upplýsingaskilti í Nýjadal.
- Upplýsingaskilti við Svarthöfða
- Upplýsingaskilti við Gjóstuklif

9.5 Hefðbundin landnýting

Samkvæmt 26. gr. reglugerðar um Vatnajökulspjóðgarða nr. 300/2020 er hefðbundin landnýting, svo sem búfjárbreit, fuglaveiði, hreindýraveiði, veiði í ám og vötnum og nýting reka rétthöfum heimil á þeim svæðum sem afmörkuð eru í viðauka III með reglugerðinni (pdf-útgáfu). Annars staðar í þjóðgarðinum er slík nýting óheimil.

Veiðar á fuglum og hreindýrum innan Vatnajökulspjóðgarðs eru einungis heimilar á þeim svæðum sem falla undir 26. gr. framangreindrar reglugerðar og viðauka III, nema settar séu sérstakar takmarkanir um hana á viðkomandi svæðum. Annars staðar í þjóðgarðinum er slík nýting óheimil. Um veiðarnar gilda ákvæði laga nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum og reglugerða sem á þeim byggja.

Tryggja skal að öll hefðbundin landnýting sé sjálfbær, til dæmis með leyfisveitingum eða öðru, eftir því sem við á. Meta þarf ástand á veiði og veiðistofnum og vakta þróun svo að tryggja megi sjálfbæra nýtingu.

Tryggja skal, í samstarfi við rétthafa eftir því sem við á, að landnýting valdi ekki spjöllum.

Veiðar skal stunda í hófi og af virðingu fyrir veiðibrað, umhverfinu og öðrum gestum þjóðgarðsins.

9.5.1 Búfjárbreit

Búfjárbreit er einungis heimil á svæðum þar sem hefðbundin landnýting er leyfð og skal hún vera sjálfbær. Miða skal við mat á beitolandi skv. reglugerð um gæðastýrða sauðfjárframleiðslu nr. 10/2008. Komi í ljós að beit sé ósjálfbær og valdi hnignun gróðurs getur stjórn þjóðgarðsins farið fram á að beit verði hætt eða hún takmörkuð á viðkomandi svæði.

9.5.2 Fugla- og hreindýraveiðar

Veiðar á fuglum og hreindýrum innan Vatnajökulspjóðgarðs eru einungis heimilar á þeim svæðum þar sem hefðbundin landnýting er leyfð og skilgreind eru í reglugerðum sem vísað er til hér fyrir ofan og sýnd eru á skýringarupprætti.

Allar veiðar, aðrar en minkaveiðar, eru bannaðar á eftirtöldum svæðum:

- Í Jökulsárgljúfrum, skv. afmörkun þeirra í reglugerð.
- Í Skaftafelli, skv. afmörkun í reglugerð.

9.5.3 Refaveiðar

Veiðar á ref eru heimilar skv. almennum reglum þar um enda skulu þær stundaðar samkvæmt villidýralögum nr. 64/1994 og veiðireglum viðkomandi sveitarfélaga, með viðurkenndum veiðiaðferðum. Grenjavinnsla skal vera í samráði við þjóðgarðsvörð en tilkynningaskylda um veidd hlaupadýr.

Refaveiðar eru þó ekki heimilar á eftirtöldum svæðum:

- Í Skaftafelli.
- Í Jökulsárgljúfrum.
- Í Esjufjöllum.

9.5.4 Minkaveiðar

Stefnt er að útrýmingu minks. Veiðar á mink skulu stundaðar samkvæmt veiðireglum viðkomandi sveitarfélaga, með viðurkenndum veiðiaðferðum og í samráði við þjóðgarðsvörð. Halda skal skrá yfir veidd dýr og skila henni til þjóðgarðsvarðar.

9.5.5 Veiðar í ám og vötnum

Veiðar í ám og vötnum skv. almennum reglum þar um eru einungis heimilar á svæðum þar sem hefðbundin landnýting er heimil.

9.5.6 Eggjataka

Eggjataka er einungis heimil rétthöfum svæða þar sem hefðbundin landnýting er heimil, sbr. reglugerð um Vatnajökulspjóðgarð.

Eggjataka er óheimil á austursvæði Vatnajökulspjóðgarðs og á Breiðamerkursandi.

9.6 Efnistaka

Efnistaka er óheimil í þjóðgarðinum nema í sérstökum undantekningartilfellum vegna notkunar efnis innan þjóðgarðsins, sjá nánar liði 1 og 2 hér fyrir neðan. Núverandi og eldri efnistökuastaðir innan Vatnajökulspjóðgarðs verði kortlagðir, gerð áætlun um frágang þeirra og þeim lokað sem ekki er heimild fyrir. Málsmeðferð vegna efnistöku skal vera skv. 1. og 2. lið fyrir neðan, eftir því sem við á.

Óheimilt er með öllu að taka efni á svæðum sem njóta verndar skv. 37. gr. laga um náttúruvernd nr. 44/1999 og á svæðum með sérstökum verndarákvæðum, sbr. kafla um landnotkun. Við mat á verndargildi fyrirhugaðra efnistökusvæða skal hafa forsendur í áttunda kafla til hliðsjónar, einnig þarf að meta sérstaklega verndargildi lausra jarðlaga, hvort um er að ræða svæði sem hafa að geyma upplýsingar um jarðsögu sem e.t.v. þykir nauðsynlegt að varðaveita til framtíðar. Ávallt skal tryggt að efnistaka hafi einungis óveruleg áhrif á náttúru og ásýnd efnistökuastaðarins og sé í samræmi við verndarmarkmið.

- 1) Eiganda eða umráðamanni eignarlands er heimil án leyfis minni háttar efnistaka til eigin nota nema um sé að ræða jarðmyndanir og vistkerfi sem njóta verndar skv. 37. gr. laga um náttúruvernd, sbr. 47. gr. laga um náttúruvernd nr. 44/1999. Efnistaka sem fellur undir þennan lið skal tilkynnt til þjóðgarðsvarðar, meðal annars til að tryggja að leiðarljósum og markmiðum Vatnajökulspjóðgarðs sé fylgt, öryggis gesta sé gætt, vandað sé til umgengni og frágangs og umhverfisáhrif verði sem minnst.
- 2) Unnt er að heimila efnistöku vegna tiltekinna tímabundinna framkvæmda innan þjóðgarðs að undangenginni málsmeðferð skv. skipulags- og byggingarlögum, lögum um umhverfismat áætlaða og lögum um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda, eftir því sem við á, sjá nánar um málsmeðferð í kafla 2.4. Hægt að binda heimild ákveðnum skilyrðum. Þau byggist á áætlun um efnistöku og frágang, sbr. 48. og 49. gr. laga um náttúruvernd nr. 44/1999. Undantekningarákvæði: Heimilt verður að ljúka efnistöku á efnistökusvæði samkvæmt útgefnu framkvæmdaleyfi sem veitt hefur verið áður en efnistökusvæðið féll undir Vatnajökulspjóðgarð.
- 3) Þjóðgarðsverði er heimilt að veita leyfi til lítilsháttar efnistöku til notkunar innan þjóðgarðs, til stígagerðar eða lítilsháttar viðgerðar á vegum. Efnistakan skal vera að hámarki 200 rúmmetrar. Skyld er að ganga frá efnistökuastaðnum þannig að sem allra minnst ummerki sjáist.
- 4) Grjótnám við Breiðá verði heimilt vegna viðhalds rofvarna við Jökulsárlón, skv. ákvæðum í aðalskipulagi.

9.7 Svæði til sérstakra nota

Í þjóðgarðinum eru svæði með sérstökum notum eða starfsemi af ýmsu tagi sem er yfirleitt ekki á vegum þjóðgarðsins. Slík svæði eru tilgreind í skipulagsáætlunum sveitarfélaganna, til dæmis sem opin svæði til sérstakra nota eða svæði fyrir þjónustustofnanir.

Gera má ráð fyrir breytingum á slíkum notum og skulu þær koma fram í deiliskipulagi. Um slíkar breytingar skal fjallað í stjórn þjóðgarðsins og samstarfs leitað við viðkomandi sveitarfélag. Málsmeðferð falli að öðru leyti saman við breytingar á skipulagsáætlunum eftir því sem við á.

Í samningum við aðila, sem á slíkum svæðum starfa, skulu tilgreindar umgengnisreglur sem

endurspegla verndaráherslur þjóðgarðsins og sett skilyrði um umhverfisstjórnun í samræmi við eigið verklag þjóðgarðsins.

9.7.1 Sumarbúðir við Ástjörn

Forsendur:

Tjörnin er mikilvægt búsvæði flórgoðans. Markmið:

Flórgoðinn verpi áfram óáreittur á Ástjörn.

Skilmálar:

Umferð við og um tjörnina er takmörkuð á varptíma flórgoðans frá 20. maí til 1. júlí skv. ákvæðum um sérstök verndarsvæði.

Deiliskipulag í Ásbyrgi skal ná yfir svæðið.

9.7.2 Skeiðvöllur Hestamannafélagsins Feykis

Forsendur:

Skeiðvöllurinn er á landi Skógræktar ríkisins í mynni Ásbyrgis að vestanverðu. Markmið:

Svæðið bjóði áfram upp á aðstöðu fyrir hestamenn.

Skilmálar:

Endurnýjun samnings milli Skógræktar ríkisins og hestamannafélagsins er háð samþykki Vatnajökulspjóðgarðs.

Deiliskipulag í Ásbyrgi skal ná yfir svæðið.

9.7.3 Íþróttasvæði í Ásbyrgi

Forsendur:

Íþróttasvæðið er í innri hluta Ásbyrgis sem er vinsæll áningastaður ferðamanna. Það er einnig notað sem varatjaldsvæði þjóðgarðsins.

Markmið:

Íþróttasvæðið verði áfram í óbreyttri mynd, án frekari uppbyggingar.

Skilmálar:

Gerður verði nýr samningur milli Vatnajökulspjóðgarðs, Ungmennafélags og Skógræktar ríkisins.

9.7.4 Golfvöllur í Ási

Forsendur:

Núverandi golfvöllur er í mynni Ásbyrgis en samkvæmt deiliskipulagi um Ásbyrgi og aðalskipulagi Norðurlands er gert ráð fyrir að hann verði færður á túnin í Ási.

Markmið:

Boðið verði upp á aðstöðu fyrir golf á túninu í Ási. Skilmálar:

Gerður verði samningur við golfklúbbinn sem kveður á um að völlurinn verði grænn völlur með vottun.

Deiliskipulag í Ásbyrgi skal ná yfir svæðið.

9.7.5 Skáli Norrænu eldfjallastöðvarinnar við Dyngjuvöllum

Forsendur:

Í skála Norrænu eldfjallastöðvarinnar við Dyngjuvöllum er aðstaða vísindamanna fyrir rannsóknir við Öskju og í Dyngjuvöllum.

Markmið:

Samningur verði gerður milli Vatnajökulspjóðgarðs og Norrænu eldfjallastöðvarinnar um afnot af skálanum fyrir vísindastarfsemi, með hugsanlega nýja staðsetningu við þjónustusvæði í Drekgili.

Skilmálar:

Ekki er gert ráð fyrir endurnýjun skálans.

9.7.6 Breiðá, skáli Jöklaannsóknarfélags Íslands á Breiðamerkursandi

Forsendur:

Á vestanverðum Breiðamerkursandi er skáli á vegum Jöklaannsóknarfélags Íslands, kallaður

Breiðá. Skálinn hefur sögulegt gildi og að honum liggur vegur.

Markmið:

Gera úttekt á ástandi og ákveða hvort hægt sé að endurbæta skálann.

Skilmálar:

Útvega fjármagn ef til endurbóta kemur, til dæmis með stofnun velunnarafélags.

9.7.7 Skáli við Sylgjufell

Forsendur:

Við Sylgjufell er að finna skála í einkaeigu, sem er ekki skráður sem fasteign, án lóðarafmörkunar og frekari skilmála af hálfu sveitarfélagsins, Ásahrepps. Skálinn er á þjóðlendu og háður leyfi forsætisráðherra og sveitarfélags.

Markmið:

Ekki verði gert ráð fyrir frekari uppbyggingu á svæðinu. Skilmálar:

Frekari uppbygging á svæðinu er óheimil. Eiganda er skylt að veita aðgang að a.m.k. hluta af skálanum sem neyðarskýli.

9.8 Veitur og fjarskipti

9.8.1 Veitur að þjónustusvæðum og innan þeirra

Gert er ráð fyrir að á þjónustusvæðum sem hafa nærtækan aðgang að stofnkerfum veitna séu lagnir í jörðu fyrir tengingar svæðisins við stofnkerfi samkvæmt nánari tilgreiningu í deiliskipulagi. Þetta á t.d. við um Skaftafell og Ásbyrgi. Miðað skal við að lagning og viðhald veitukerfa valdi sem allra minnstu raski. Við framkvæmdir og undirbúning þeirra skal haft samráð við þjóðgarðsvörð.

9.8.2 Fjarskiptabúnaður

Fjarskipti eru þjóðgarðinum mjög mikilvæg, ekki síst vegna öryggis þeirra sem um hann fara, auk annarra hagsmuna samfélagsins. Gert er ráð fyrir að slíkum búnaði, t.d. endurvörpum og aflgjöfum þeirra, sé komið fyrir á þeim stöðum sem til þess henta í samráði við þjóðgarðsvörð ef um sjálfstæðar einingar er að ræða, ótengdar veitukerfum. Áskilið er að þess sé gætt að búnaður, staðsetning og fyrirkomulag sé valið þannig að upplifun gesta rýrist sem minnst, t.d. vegna hávaða eða sjónrænna áhrifa. Áhersla er lögð á að orkugjafar slíkra stöðva séu vistvænir.

Hafa þer samráð við þjóðgarðsvörð ef flytja þarf mengandi eldsneyti utan vegar að fjarskiptabúnaði.

Fjarskiptabúnaður á eftirtöldum stöðum er tengdur veitukerfum, t.d. með strengjum plægðum í jörð:

- Á Grjótárhjúki. Ljósleiðari og rafstrengur í jörðu til norðurs að þjóðgarðsmörkum.
- Að auki liggur ljósleiðari í námunda við veg 910 yfir Vesturöræfi að hluta innan þjóðgarðsmarka.
- Tveir ljósleiðarar liggja yfir Breiðamerkursand, í grennd við þjóðvegi 1.

9.8.3 Stofn- og flutningskerfi veitna

Hér er gerð grein fyrir þeim hlutum stofn- og flutningskerfa veitna sem gert er ráð fyrir að liggi um Vatnajökulspjóðgarð og ætla má að séu framkvæmdaleyfisskyldar.

- Kröflulína II. Línán liggur yfir farveg Jökulsár á fjöllum sunnan Fremri-Grímsstaðanúps og Skarðsár.
- Kröflulína III. Gert er ráð fyrir línunni samsíða Kröflulínu II. Sjá nánar kafla 2.4 um tengsl við skipulag og leyfisveitingar.
- Prestbakkalína 1 (132 kV loftlína) liggur yfir Breiðamerkursand, samhliða þjóðvegi 1. Einnig er jarðstrengur frá Rarik.

9.9 Grannsvæði þjóðgarðsins

Grannsvæði Vatnajökulspjóðgarðs eru þau svæði sem liggja að þjóðgarðinum, eru sýnileg frá honum eða eru hluti af landslags- eða vistheild hans. Mikilvægt er að umferð, starfsemi og framkvæmdir á grannsvæðum þjóðgarðsins taki mið af nálægð við þjóðgarðinn og að þar sé gætt ýtrustu varúðar svo að náttúra þjóðgarðsins spillist ekki né heldur upplifun gesta hans. Sé um að ræða starfsemi eða framkvæmdir á grannsvæðum þjóðgarðsins, sem leyfisskyldar eru samkvæmt lögum, er mikilvægt að leita umsagnar stjórnar þjóðgarðsins áður en leyfi er veitt.

10 Vöktun og rannsóknir

Til að tryggja verndun náttúru- og menningarminja þjóðgarðsins þarf í fyrsta lagi að skrá og kortleggja þau fyrirbæri sem til staðar eru og í öðru lagi að vakta ástand þeirra til lengri tíma svo að bregðast megi við aðsteðjandi vanda. Enn fremur er æskilegt að fylgjast með samfélagslegum áhrifum þjóðgarðsins til lengri tíma.

Mikil þekking er nú þegar fyrir hendi á náttúru- og menningarminjum þess svæðis sem þjóðgarðurinn spannar og margvísleg vöktunarverkefni hafa verið þar í gangi um árabil. Nánari grein er gerð fyrir stöðu þekkingar hvað þetta varðar í tillögum að verndaráætlun fyrir einstök svæði. Hér á eftir er skilgreindur sá þekkingargrunnur sem yfirvöld þurfa að tryggja þjóðgarðinum með stefnu sinni í málefnum náttúru- og samfélagsrannsókna á Íslandi. Enn fremur eru nefnd nokkur vöktunarverkefni sem æskilegt er að viðhalda eða koma á laggirnar eftir atvikum. Gera þarf samninga við viðkomandi rannsóknarstofnanir og hópa um gerð upplýsingaþekja og afnot af rannsóknar- og vöktunargögnum eftir því sem við á.

Þjóðgarðurinn hvetur jafnframt til akademískra rannsókna sem hafa skírskotun til eða stuðla að aukinni þekkingu á náttúru, menningarminjum og samfélagslegum áhrifum þjóðgarðsins. Allar rannsóknir í þjóðgarðinum eru háðar leyfi þjóðgarðsvarðar á viðkomandi svæði og skulu fara fram í samráði við fagstofnanir eftir því sem við á.

Grunnrannsóknir og skráning á náttúru- og menningarminjum þjóðgarðsins:

- Útbúa jarðfræðikort af þjóðgarðinum (berggrunnur, jarðgrunnur, höggun) í 1:250.000.
 - vinna nákvæmari jarðfræðikort þar sem ástæða þykir til eða jarðfræði er óvenju-sérstök.
- Skrá og hnitsetja helstu jarðmyndanir og vistkerfi sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt 37. gr. náttúruverndarlaga o.fl. (eldvörp, gervigígar, eldhraun, hverir, laugar, stöðuvötn, ár, fossar, votlendi).
- Meta og flokka landslag í þjóðgarðinum og skrá helstu landslagsfyrirbæri hans.
- Kortleggja vatnafar innan þjóðgarðsins.
- Útbúa jarðvegs- og rofkort af þjóðgarðinum í 1:250.000.
 - vinna nákvæmari jarðvegs- og rofkort þar sem land liggur undir skemmdum.
- Útbúa gróðurlenda- og vistgerðakort af þjóðgarðinum í 1:50.000 og merkja á kort þau svæði þar sem tegundaauði er óvenju mikil eða lífríki sérstakt að öðru leyti.

- Taka saman lista yfir fínu (spendýr, fuglar, fiskar, smádýr), flóru (háplöntur, mosi) og fungu (sveppir og fléttur) miðað við 5x5 km reiti innan þjóðgarðsins.
- Skrá og kortleggja helstu menningarminjar og ferðaleiðir þjóðgarðsins (býli, sel, reiðleiðir, ferjustaðir).
- Skrá örnefni og safna sögnum og þjóðsögum sem tengjast þeim og þjóðgarðinum.

Vöktunarrannsóknir: Mat og vöktun á ástandi náttúru og menningarminja þjóðgarðsins, meðal annars í ljósi breytinga á landnýtingu og loftslagi:

- Fylgjast með gróðurframvindu og vakta helstu lykiltegundir í þjóðgarðinum (gróðurreitir í Skaftafelli og Jökulsárgljúfrum, fálki, rjúpa, heiðagæs).
- Meta og vakta jarð- og landeyðingu í þjóðgarðinum (uppblástur og áfok, landbrot vegna jökulfljóta).
- Meta og vakta breytingar á vatnafari, meðal annars með hliðsjón af veðurfarsbreytingum.
- Meta og vakta eldstöðvar og virkni þeirra.
- Meta og vakta útbreiðslu og áhrif ágengra, framandi tegunda í þjóðgarðinum (minkur, lúpína).
- Meta og vakta náttúrunytjar í þjóðgarðinum (beit, veiðar, berja- og grasatekja).
- Meta og vakta ástand og aðgengi að menningarminjum þjóðgarðsins (eyðibýli, sel, gamlar þjóðleiðir, ferjustaðir).
- Meta og vakta áhrif ferðamanna á náttúru þjóðgarðsins (gróðurskemmdir, truflun á dýralífi, akstur utan vega, skemmdir á jarðminjum og hverahrúðri).
- Meta og vakta áhrif loftslagsbreytinga og breytinga á landnýtingu á náttúru þjóðgarðsins:
 - breytingar á jökulsporðum (hop, framskrið, þykkt).
 - gróðurframvindu á jökulaurum, jökulskerjum, söndum og auðnum.
 - breytingar á blómgunartíma plantna og komu og varpi farfugla.
 - breytingar á rústasvæðum á austursvæði.

Efnahags- og samfélagsrannsóknir: Áhrif þjóðgarðsins á samfélagsþróun, efnahag og ímynd:

- Meta og vakta umfang ferðamennsku í þjóðgarðinum (fjöldi daggesta, fjöldi bíla, fjöldi

gistinátta, fjöldi gangandi ferðamanna).

- Meta viðhorf gesta til fræðslu og þjónustu í þjóðgarðinum (viðhorfskannanir meðal gesta, fjöldi gesta sem tekur þátt í viðburðum).
- Meta afleidd áhrif þjóðgarðsins á atvinnustarfsemi og samfélagsþróun í jaðarbyggðum (framboð á þjónustu, fjöldi gistinátta, fjöldi ársverka sem tengjast þjóðgarðinum, viðhorf íbúa til þjóðgarðsins, mannfjöldaþróun).
- Meta afleidd áhrif þjóðgarðsins á ferðaiðnað og ímynd landsins (viðhorfskannanir meðal þjóðarinnar, erlendra ferðamanna og ferðaþjónustuaðila).

11 Eftirfylgni og endurskoðun

11.1 Framkvæmd stjórnunar- og verndaráætlunar og mat á árangri

Gerð stjórnunar- og verndaráætlunar er aðeins einn hluti af mörgum ferlum við stjórn þjóðgarðsins. Til að koma Stjórnunar- og verndaráætlun og stefnu stjórnar í framkvæmd þurfa aðrir ferlar einnig að vera virkir.

Til að meta árangur starfs og stjórnunar þarf í ferlinu að setja upp mælikvarða sem fengnir eru með hliðsjón af settum markmiðum og varða vöktun á náttúrufarslegum, félagslegum og efnahagslegum þáttum auk vöktunar á menningarminjum. Vöktun getur einnig snúið að innri starfsemi og stjórnun en nauðsynlegt er að greina styrk- og veikleika stjórnunar á sama hátt og þeirra auðlinda sem unnið er með.

11.1.1 Tengsl við aðgerðaáætlun

Stjórnunar- og verndaráætlun leggur grunninn að framtíðarsýn til lengri tíma og setur fram helstu markmið til að ná fram þeirri sýn.

Á grunni stjórnunar- og verndaráætlunar er unnin aðgerðaáætlun þar sem starfsmarkmiðin eru nánar útfærð í einstökum verkefnum, til lengri eða skemmri tíma, sem hrinda þarf í framkvæmd. Forgangsroðun og útfærsla verkefna í aðgerðaáætlun tekur mið af fjárlagaramma og fjárhagsáætlunum þjóðgarðsins hverju sinni.

11.2 Breytingar á stjórnunar- og verndaráætlun

Heimilt er að gera breytingar á stjórnunar- og verndaráætlun. Stjórn þjóðgarðsins getur að eigin frumkvæði lagt til slíkar breytingar. Tillaga um það þarf ekki að koma frá viðkomandi svæðisráði en ætíð skal þó leita umsagnar svæðisráðs áður en tillagan er send umhverfis- og auðlindaráðherra til staðfestingar, sbr. 6. mgr. 12. gr. laga um Vatnajökulspjóðgarð.

11.2.1 Breyting á stjórnunar- og verndaráætlun vegna stækkunar þjóðgarðsins

Ekki er ólíklegt að á næstu árum komi til stækkunar þjóðgarðsins með friðlýsingu svæða sem yrðu viðbót við landsvæði Vatnajökulspjóðgarðs. Slíkar viðbætur eru þegar í umræðunni og í greinargerð frumvarpsins, sem varð að lögum um Vatnajökulspjóðgarð, er að finna umfjöllun um mögulega stækkun þjóðgarðsins síðar. Nefnd voru tiltekin svæði sem líkleg væru til að styrkja

þjóðgarðinn og mynda mikilvægar landslagsheildir.

En með hvaða hætti myndu slík svæði verða hluti af þjóðgarðinum? Og með hvaða hætti myndi Stjórnunar- og verndaráætlun taka á slíkri stækkun?

Mörk þjóðgarðsins eru ákveðin í 3. gr. reglugerðar um Vatnajökulspjóðgarð nr. 608/2008. Með reglugerðinni var hið afmarkaða landsvæði jafnframt friðlýst sem þjóðgarður og tók friðlýsingin gildi með setningu reglugerðarinnar, sbr. 1. gr. laga um Vatnajökulspjóðgarð nr. 60/2007. Viðbótarlandsvæði yrði friðlýst með sama hætti, það er með breytingu á umræddri reglugerð, staðfestri af umhverfis- og auðlindaráðherra, að undangengnu samþykki sveitarstjórna fyrir friðlýsingunni, og eftir atvikum samþykki eigenda viðkomandi lands, sbr. 2. mgr. 1. gr. laganna.

Stjórnunar- og verndaráætlun þjóðgarðsins þarf jafnframt að útvíkka og aðlaga vegna hins nýja svæðis. Um það fer eins og aðra breytingu á Stjórnunar- og verndaráætlun. Frumkvæði eða tillaga þarf ekki að koma frá svæðisráðum en leita þarf umsagnar svæðisráðs áður en stjórn sendir tillögu um það til umhverfis- og auðlindaráðherra. Við gerð breytingar eða viðbótar við verndaráætlunina þarf að hafa samráð við Umhverfisstofnun og Náttúrufræðistofnun Íslands, landeigendur, sveitarstjórnir og aðra hagsmunaaðila á svæðinu.

Tillaga að breytingu á Stjórnunar- og verndaráætlun getur annaðhvort verið í formi sérstaks viðauka eða í formi breytinga á meginefni áætlunarinnar sem yrði þá auglýst að nýju og breytingarnar útlistaðar með skýrum hætti. Tillögu stjórnar skal auglýsa opinberlega og gefa almenningi og hagsmunaaðilum kost á að koma að athugasemdum, sbr. 4. mgr. 12. gr. laganna.

11.3 Endurskoðun stjórnunar- og verndaráætlunar

Verndaráætlun skal endurskoðuð eigi sjaldnar en á 10 ára fresti, sbr. 6. mgr. 12. gr. laganna. Ráðherra ákveður með reglugerð nánar um efni verndaráætlunar og málsmeðferð við gerð og staðfestingu hennar.

Við endurskoðun á verndaráætlun eða breytingu á einstökum hlutum hennar gilda sömu ákvæði um málsmeðferð og gilda um gerð verndaráætlunar í upphafi, þ.e. 3. - 5. mgr. 12. gr. laganna.

Það er hlutverk stjórnar að hlutast til um að verndaráætlun sé tekin til endurskoðunar.

12 Umhverfisskýrsla

Í tengslum við gerð Stjórnunar- og verndaráætlunar var gerð umhverfisskýrsla í samræmi við lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006. Í lokakafla umhverfisskýrslunnar eru niðurstöður umhverfismatsins dregnar saman og þær eru birtar hér fyrir neðan en umhverfisskýrslan í heild er í sérstöku fylgiskjali. Umhverfismat breytinga sem gerðar hafa verið á áætluninni er sett fram í staðfestum viðaukum og breytingaskjöllum Stjórnunar- og verndaráætlunar.

12.1 Heildaráhrif Stjórnunar- og verndaráætlunar á alla umhverfisþætti samanlagt

Í umhverfismati tillögu að verndaráætlun voru fyrst flokkuð út þau markmið sem ekki voru talin varða framkvæmdir eða starfsemi sem fellur undir lög um mat á umhverfisáhrifum. Einnig voru flokkuð út þau markmið sem voru talin hafa það óveruleg eða lítil áhrif á umhverfið að ekki væri ástæða til að fjalla nánar um þau. Eftir stóðu markmið sem farið var í gegnum m.t.t. hvort þau teldust jákvæð eða neikvæð og hvort þau samræmdust þeim umhverfisviðmiðum sem áætlunin og umhverfismatið byggist á. Þessi skoðun leiddi í ljós að markmið verndaráætlunar eru í samræmi við umhverfisviðmið í alþjóðlegum samningum og skuldbindingum og stefnu og markmið íslenskra stjórnvalda. Markmiðin eru í heild talin geta haft veruleg jákvæð áhrif á alla skilgreinda umhverfisþætti. Engin veruleg neikvæð áhrif eru talin geta orðið af stefnunni en sum markmið eru talin geta haft bæði óveruleg neikvæð og jákvæð áhrif.

Þrátt fyrir ofangreinda niðurstöðu um að Stjórnunar- og verndaráætlun teljist ekki hafa veruleg neikvæð áhrif á umhverfi og samfélag er sett fram stefna í áætluninni um að skilgreina og fylgjast með þróun og breytingum í starfsumhverfi þjóðgarðsins. Nauðsynlegt þykir að fylgjast vel með breytingum á efnahagslegum, náttúrufarslegum og samfélagslegum þáttum. Það skapar möguleika á að grípa tækifæri sem gefast, bregðast við ógnunum sem að steðja og nýta styrk og sérstöðu til að ná enn meiri árangri í starfseminni. Þjóðgarðurinn mun því skilgreina og fylgjast með þróun helstu áhrifapátta í starfsumhverfi sínu í því skyni að treysta grundvöll góðrar stjórnunar og vandaðrar ákvörðunartöku.

12.2 Líkleg þróun umhverfisins án Stjórnunar- og verndaráætlunar

Samkvæmt lögum um umhverfismat áætlana skal í umhverfisskýrslu fjalla um líklega þróun umhverfisins án framfylgdar viðkomandi áætlunar. Þar sem Vatnajökulspjóðgarður nýtur þegar

verndar skv. lögum og kveðið er á um umgengni og stjórnun að talsverðu leyti í reglugerð um þjóðgarðinn má segja að líklegt sé að þjóðgarðurinn breytist lítið þegar til skemmri tíma er litið. Hins vegar má ætla að ferðamönnum á svæðinu muni fjölga, bæði vegna kynningar á Íslandi almennt og þjóðgarðinum sérstaklega, og þá er mikilvægt að sett sé nánari umgjörð um verndun og nýtingu, mannvirkjagerð og umferð, líkt og gert er í tillögu að Stjórnunar- og verndaráætlun. Telja verður að með framfylgd áætlunarinnar sé unnt að koma í veg fyrir veruleg neikvæð umhverfisáhrif þar sem skilgreint er nánar en í lögum og reglugerð um þjóðgarðinn hvernig standa skuli að verndun og nýtingu þannig að umhverfi svæðisins varðveitist og fái að þróast sem mest eftir náttúrulegum ferlum.

Heimildir og ítarefni

Hér eru talin upp helstu gögn sem Stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulspjóðgarðs byggist á og kunna að nýtast sem ítarefni. Fyrst eru taldar tillögur svæðisráðanna fjögurra en þeim fylgja, hverri um sig, ítarlegar heimildaskrár sem vísað er til að öðru leyti. Sjá einnig heimildaskrá í staðfestum breytingaskjöllum og viðaukum.

Tillögur svæðisráða

Sigbrúður Stella Jóhannsdóttir (2010). Verndaráætlun Vatnajökulspjóðgarðs. Tillögur fyrir norðursvæði. Náttúrustofa Norðausturlands.

Guðrún Á. Jónsdóttir (2010). Verndaráætlun Vatnajökulspjóðgarðs. Tillögur fyrir austursvæði. Náttúrustofa Austurlands.

Þorvarður Árnason (2010). Suðursvæði Vatnajökulspjóðgarðs. Tillaga að verndaráætlun. Fræðasetur Háskóla Íslands á Hornafirði.

Þorvarður Árnason (2010). Verndaráætlun Vatnajökulspjóðgarðs. Tillögur fyrir vestursvæði. Fræðasetur Háskóla Íslands á Hornafirði.

Svæðisráð suðursvæðis (2020). Breiðamerkursandur: Viðauki við stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulspjóðgarðs vegna stækkunar samkvæmt reglugerð 730/2017, sbr. 7. mgr. 12. gr. laga nr. 60/2007.

Svæðisráð austursvæði (2019). Krepputunga og Kverkárrani. Viðauki við stjórnunar- og verndaráætlun vegna stækkunar Vatnajökulspjóðgarðs skv. rg. 463/2013 sbr. 7. mgr. 12. gr. laga nr. 60/2007.

Önnur helstu gögn

Alta ehf. (2010). Samráð um stefnu Vatnajökulspjóðgarðs. Vefur um afrakstur samráðsfundar, aðgengilegur á www.alta.is/vjokull.

Umhverfissráðuneytið (2006). Skýrsla ráðgjafarnefndar umhverfissráðuneytisins um stofnun Vatnajökulspjóðgarðs.

Alþingi. Greinargerð með frumvarpi til laga um Vatnajökulspjóðgarð sem síðar urðu að lögum nr. 60/2007. Skoðað á vefslóðinni: <http://www.althingi.is/altext/133/s/0439.html>

Thomas, L. and J. Middleton (2003). Guidelines for Management Planning of Protected Areas. Best practice Protected Area Guidelines Series No. 10, Adrian Phillips, Series Editor. IUCN.

Dudley, N. (2008). Guidelines for Applying Protected Area Management Categories. IUCN.

Helstu lög og reglugerðir

Lög um Vatnajökulspjóðgarð nr. 60/2007

Lög um náttúruvernd nr. 60/2013

Skipulagslög nr. 123/2010

Lög um mannvirki nr. 160/2010

Vegalög nr. 80/2007

Lög um menningarminjar nr. 80/2012

Lög um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta nr. 58/1998

Lög um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum nr. 64/1994

Reglugerð um Vatnajökulspjóðgarð nr. 300/2020

Skipulagsreglugerð nr. 90/2013

Byggingarreglugerð nr. 112/2012

Reglugerð um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012